

24–25

Markmiðið að rækta arfhreint og heilbrigt útsæði

28–29



Gagnagrunnur fyrir færeyska hestinn byggður á WorldFeng

32–33



Hélt uppi póstflutningum til bænda við Djúp

Bændablaðið

20. tölublað 2018 • Fimmtudagur 18. október • Blað nr. 525 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Landbúnaðarsýningin Íslenskur landbúnaður 2018 var haldin í Laugardalshöllinni í Reykjavík um síðustu helgi eftir 50 ára hlé. Aðsókn var langt umfram væntingar og er talið að á milli 80 til 100 þúsund manns hafi komið í sýningarhöllina þá þrjá daga sem sýningin stóð. Litla stúlkan á myndinni sýnir vel hversu nýjasti tækjabúnaður í sveitum landsins er orðinn mikilfenglegur miðað við það sem áður þekktist. Stálpaðri kökkum þótti ekki síður mikið til koma, eins og sést á innfelldu myndinni. – Sjá nánar um sýninguna á innsíðum. *Myndir / HKr.*

Sala íslenskra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum úr landi er slæmt ímyndarmál fyrir Ísland:

Þetta er augljóslega afar sérkennilegt segir umhverfis- og auðlindaráðherra

– Samræmist ekki markmiðum stjórnvalda um ímynd Íslands og að hér sé eingöngu framleidd og seld endurnýjanleg raforka

Bændablaðið óskaði eftir svörum frá Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfis- og auðlindaráðherra þann 24. ágúst sl. um afstöðu hans til sölu íslenskra orkufyrirtækja á hreinleikavottorðum. Í svari ráðherrans kemur m.a. fram að honum þyki sala slíkra vottorða koma mjög spánskt fyrir sjónir.

Í forsíðufrétt Bændablaðsins 23. ágúst sl. er frétt um sölu íslenskra orkufyrirtækja á „hreinleikavottorðum“ til erlendra orku- og iðnfyrirtækja. Þar kom fram að samkvæmt gögnum Orkustofnunar var hlutfall hreinnar endurnýjanlegrar raforku á Íslandi þá komið niður í 13% af heildarframleiðslunni árið 2017 vegna sölu á hreinleikavottorðum. Þá var raforka framleidd með kolum, olíu og gasi sögð vera 58% af heildinni og 29% var sögð framleidd með kjarnorku. Samanlagt er þetta 87%. Koldíoxíð sem Íslendingar voru sagðir spúa út í andrúmsloftið í fyrra vegna raforkuframleiðslu nam 447,12 g/kWh og geislavirkur úrgangur 0,87 mg/kWh.

Ef það er sett í samhengi við þá mengun sem Íslendingar tóku á sig í fyrra fyrir erlend orkuver og verksmiðjur, þá sitjum við uppi eftir vottorðasöluna á síðasta ári með 8,6 milljónir tonna ígildis af koldíoxíði og 16,74 tonn af geislavirkum úrgangi.

Ljóst er að erlend orkufyrirtæki sem framleiða raforku með kolum, olíu, gasi eða kjarnorku, nota íslensk hreinleikavottorð til að fegra sína ímynd og segjast framleiða hreinni orku en þau gera í raun. Það gefur þeim síðan möguleika á að framleiða áfram óáreitt raforku með jarðefnaeldsneyti. Þetta skýtur mjög skökku í allri umræðu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Auk þess sem orkuframleiðsla af þessum toga er utan sviga í samningum eins og Parísarsamkomulaginu um að draga úr losun CO_2.

Á árinu 2017 náði heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna raforkuframleiðslu nýjum hæðum, eða 32,5 gígatonnum af CO_2 og jókst þá á milli ára um 420 milljónir tonna. Aukningin samsvarar mengun frá 170 milljónum bíla. Stendur losun CO_2 vegna orkuframleiðslu fyrir um 25% allrar losunar gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum á heimsvísu. Ef iðnaður er tekinn með, sem er líka fyrir utan sviga, þá er hlutfallið 46% samkvæmt tölum IPPC.

Kemur mjög spánskt fyrir sjónir

Bændablaðið spurði um afstöðu umhverfis- og auðlindaráðherra varðandi þessa vottorðasölu frá Íslandi. Svar barst 16. október og þar segir m.a.:

„Þetta kann að virka vel í Evrópu þar sem raforka getur flætt frá einu landi til annars, og skapað hvata fyrir endurnýjanlega orku. Hérlendis orkar þetta hins vegar mjög svo tvímælis, enda alveg ljóst að við framleiðum t.d. ekki kjarnorku – og því kemur mjög spánskt fyrir sjónir að rafmagnsreikningurinn sýni eitthvað slíkt.

Hér á landi heyrir málið undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið sem lét vinna skýrslu árið 2016 um upprunaábyrgðir raforku í íslensku samhengi. Í henni er meðal annars bent á að sala upprunaábyrgða úr landi geti skaðað ímynd Íslands, þ.e. þá ímynd að orkuframleiðsla landsins sé hrein og endurnýjanleg (og þar með orkunotkun). Undir þetta tek ég.“

Samræmist ekki markmiðum stjórnvalda

„Ég er sammála því sem kom fram þegar skýrslan var kynnt að ef markmið stjórnvalda er að tryggja ímynd Íslands og að framsetning á raforkusölu á Íslandi sé með þeim hætti að hér sé eingöngu framleidd og seld endurnýjanleg raforka, þá virðist sala orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum úr landi ekki samræmast því markmiði.“

Einnig var spurt hvort það sé eðlilegt að Íslendingar taki á sig ómælda mengun á pappírunum vegna sölu hreinleikavottorða, á sama tíma og íslensk stjórnvöld hafa það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

„Það þykir mér ekki. – Rétt er þó að undirstrika að þetta breytir engu um okkar alþjóðlegu skuldbindingar í loftslagsmálum, hvorki hvað varðar hlutfall endurnýjanlegrar orku né loftslagsbókhald, enda byggir bókhald okkar þar á raunframleiðslu íslenskrar raforku. Sala hérlendra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum þýðir þannig til dæmis ekki að Ísland fái bókfærða losun frá kolaorkuverum í Evrópu.

Þetta tengist alþjóðlegum skuldbindingum okkar í loftslagsmálum með öðrum orðum ekkert, en er á hinn bóginn til dæmis ímyndarmál. Og sem slíkt tel ég það slæmt,“ segir ráðherra.

– Sjá nánar um svör ráðherra og Landsvirkjunar við fyrirspurnum Bændablaðsins um sama mál á bls. 20 og 21 */HKr.*

FRÉTTIR



Sýningin Íslenskur landbúnaður 2018 haldin í Laugardalshöll eftir 50 ára hlé:

Mjög flott sýning og aðstandendum til sóma

– segja bændur í Birkihlíð í Skagafirði sem kynntu þar eigin kjötframleiðslu

Þröstur Heiðar Erlingsson og Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir, bændur í Birkihlíð í Skagafirði, kynntu eigin framleiðslu á bás Matís á íslenskum landbúnaði 2018 um síðustu helgi. Þau voru hæstánægð með viðtökurnar.

„Þetta er mjög flott sýning og aðstandendum til sóma," sagði Þröstur.

„Við erum hér að kynna nautakjötið okkar, en annars erum við líka að framleiða lambakjöt í okkar heimavinnslu. Þar erum við að framleiða ýmsar afurðir og berjast við að selja allar okkar afurðir sjálf. Þó látum við sláturhúsið stundum vinna fyrir okkur. Við erum með 160 kindur og rétt um 80 mjólkandi kýr. Þá erum við með nautaeldi, enda látum við alla gripi lifa."

Með mun strangari regluverk en þekkist í okkar nágrannalöndum

Þröstur segir að í Birkihlíð sé kjötvinnsla sem uppfyllir öll lög og reglur. Honum finnst þó reglugerðarsmíðin ganga allt of langt og mun lengra en þekkist í okkar nágrannalöndum. Því hafi þau tekið höndum saman við Matís við að reyna að þoka regluverkinu á skynsamari brautir.

Þau komust heldur betur í fréttir fyrr í þessum mánuði er þau framkvæmdu heimaslátrun í samstarfi við Matís. Farið var með kjötið á Bændamarkaðinn í Hofsósi þar sem afurðirnar voru seldar í trássi við reglugerðir. Kjötið var síðan innkallað en þess má geta að enginn hefur skilað kjötinu.

„Það er gert í öllum löndunum í kringum okkur að slátra heima og vinna kjötið í svona kjötvinnslum," segir Þröstur.

Dæmi um jafnvel enn ýktari aðferðir má sjá í grein með myndum af grunnskólabörnum í Noregi að kynna sér heimaslátrun í síðasta Bændablaði. Þar var slátrað inni í fjárhúsi, undir eftirliti dýralæknis, en greinilegt að kröfurnar voru ekki í neinu samræmi við þær sem íslenskir bændur verða að undirgangast. Samt lúta Norðmenn sömu EES reglugerðum og Íslendingar.

„Þar að auki er mun heitara í þessum löndum en hjá okkur sem gerir vinnsluna viðkvæmari og við búum á eyju og erum laus við ýmsa óværu sem aðrir þurfa að glíma við. Að mínu mati er þessi stífni hér ótrúleg þröngsýni þótt við verðum auðvitað að vera með alla umgjörðina í lagi," sagði Þröstur.

„Svo má ekki lóga lambi við góðar aðstæður heima við og verka það sjálfur til sölu. Þetta er mjög skrítið, ekki síst þar sem neytendur kalla mjög eftir svona afurðum. Við höfum sterklega orðið vör við það á þessari sýningu, það hefur mikið verið spurt um heimaslátrað kjöt."

Heimavinnsla lykillinn að bættum hag bænda

Þröstur segir heimavinnslu vera lykilinn að því að bændur geti náð meiri virðisauka af sinni framleiðslu. En það er samt lítið gagn í því að koma sér upp heimavinnslu ef afurðastöðvarnar hækka sífellt heimtökugjaldið og koma þannig í veg fyrir að bændur geti tekið kjötið sitt heim. Þess vegna verðum við að fá aðra leið í sambandi við slátrun.

„Það er himinn og haf á milli þess sem bóndinn fær fyrir að leggja inn í afurðastöð og þeirrar framleiðslu sem hann getur selt sjálfur. Ég ætla ekki einu sinni að ræða það, svo mikill er munurinn. Þetta getur algjörlega skipt á milli feigs og ófeigs, t.d. í sauðfjárræktinni. Ég tala nú ekki um þá sem búa afskekkt og geta ekki stundað vinnu fyrir utan búið. Þarna gætu þeir klárlega búið sér til margfalt meiri verðmæti ef rýmkað yrði um reglurnar. Það getur hæglega snúist um það hvort menn lifa af í þessari grein eða ekki.



Þröstur Heiðar Erlingsson og Ragnheiður Lára Brynjólfsdóttir, bændur í Birkihlíð í Skagafirði, fengu aðstöðu á bás Matís á sýningunni, ásamt fleiri skagfirskum bændum, til að kynna kjötafurðir sem þau framleiða sjálf. Mynd /HKr.

Við erum ekki að reyna að koma höggi á neinn heldur viljum við bara að bændur hafi eitthvert val fyrir sínar vörur. Milliliðalaus viðskipti, frá bónda til neytenda, það eru óskir neytenda, það skynjum við vel hér á sýningunni.

Menn hafa tækifærið en er bannað að nota það. Ég held að þetta samstarf okkar við Matís hafi sýnt fram á hvað þetta er galið. Nú er það bara alþingismanna að standa í lappirnar og lagfæra þetta umhverfi."

Hann segir að sú uppákoma sem átti sér stað við heimaslátrun í Birkihlíð fyrr í mánuðinum hafi einfaldlega verið framkvæmd til að sýna fram á fáránleika regluverksins.

„Neyðin er bara orðin þannig, t.d. í sauðfjárbúskapnum, að það verður að brjóta lög ef menn ætla að komast af. Neytendur og bændur kalla eftir að regluverkið verði sett upp af skynsemi, en ekki bara fyrir kerfið sjálft," segir Þröstur Erlingsson. */HKr.*

– Sjá nánar á innsíðum

Ræða Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og formanns VG á flokksráðsfundi Vinstri grænna:

„Leiðigjarnt stef að tala innlendan landbúnað niður"

– Við þurfum að tryggja ungum bændum frelsi til að fara ótroðnar slóðir í matvælaframleiðslu

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra kom víða við í ræðu sinni á flokksráðsfundi Vinstri grænna sem haldinn var fyrir skömmu. Þar sagði Katrín meðal annars að það væri orðið leiðigjarnt stef þegar menn kappkosta að tala niður innlendan landbúnað eins og hann sé þurfalingur í íslensku samfélagi þegar hann er einmitt undirstöðuatvinnugrein til þess að Ísland geti orðið raunverulegur matarkista.

Í upphafi ræðu sinnar sagði Katrín að verkefni frá kosningum hafi verið ærin enda hefði flokkurinn sett fram skýra stefnu með þremur höfuðatriðum sem voru: uppbygging samfélagslegra innviða til að jafna lífskjör og bæta hag almennings, aukið samráð um stórar pólitískar ákvarðanir og raunverulegar umfangsmiklar aðgerðir í loftslagsmálum. Umhverfismál og



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

landbúnaður komu talsvert við sögu í ræðu Katrínar og sagði hún meðal annars í ræðu sinni:

„Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa orðið straumhvörf í fjárveitingum til loftslagsmála og í stefnumörkun. Ríkisstjórnin kynnti í byrjun september fyrstu áfangana í metnaðarfullri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Þar munu landgræðsla, skógrækt og endurheimt votlendis verða fyrirferðarmikil til þess að binda aukið kolefni en í stjórnarsáttmála er kveðið á um að Ísland eigi að verða kolefnishlutlaust ekki seinna en 2040. Annar stór áfangi eru orkuskipti í samgöngum þar sem stórátak verður í uppbyggingu fyrir rafbíla og rafhjól og sett niður tímaáætlun um að ekki verði fluttir inn nýir bílar sem ganga fyrir bensíni eða olíu eftir 2030. Ný skýrsla um loftslagsbreytingar sýnir gjörla að aðgerða er þörf – og víðar en á þessum tveimur sviðum."

Katrín sagði einnig: – „Við þurfum að huga að því hvernig við getum orðið mun öflugri í matvælaframleiðslu til að draga úr vistspori innfluttra matvæla og verða sjálfum okkur nægari í matvælaframleiðslu. Við þurfum að tryggja ungum bændum frelsi til að fara ótroðnar slóðir í matvælaframleiðslu, tryggja að bændur eigi ólíka valkosti í framleiðslu sinni, geti selt beint frá býli og greiða fyrir því að þeir geti sinnt nýsköpun og þróun.

Leiðigjarnt að tala niður innlendan landbúnað eins og hann sé þurfalingur

Það er orðið leiðigjarnt stef þegar menn kappkosta að tala niður innlendan landbúnað eins og hann sé þurfalingur í íslensku samfélagi þegar hann er einmitt undirstöðuatvinnugrein til þess að Ísland geti orðið raunverulegur matarkista. Öll okkar stefnumörkun á að miðast við þá heildarsýn að við drögum úr vistsporinu, minnkum sóun, eflum nýsköpun í matvælaframleiðslu og tryggjum matvæla- og fæðuöryggi. Sýna þarf stórhug í hvers konar landbúnaði og sjávarútvegi og setja niður matvælastefnu fyrir Ísland sem bregst við þeim raunverulegu áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir.

Atvinnulíf í sátt við samfélag og umhverfi

Atvinnulíf í sátt við samfélag og umhverfi er kjarni okkar stefnu; kjarni hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Við eigum einstakt tækifæri til að ráðast í breytingar sem munu gera íslenskt samfélag sjálfbærara. Þar skiptir öllu máli það sem við erum að gera í þessari ríkisstjórn, sú kúvending sem nú hefur orðið í þessum málaflokki, mestu áskorun aldarinnar; loftslagsmálunum." */VH*



TAKK FYRIR

Okkur hjá Íslyft langar að þakka öllum þeim fjölda gesta sem heimsóttu okkur á landbúnaðarsýninguna í Laugardalshöll síðastliðna helgi.

Sýningin fór framúr okkar björtustu vonum og við erum gríðarlega ánægð með þau viðbrögð sem okkar vörur fengu.



AVANT

Stór Avant sending kemur til okkar í vikunni ásamt mörgum aukahlutum.

Fyrstu fimm tækin á sérstöku tilboðsverði

MERLO

JOHN DEERE

Íslyft

Vesturvör 32
200 Kópavogur
564 1600

www.islyft.is

FRÉTTIR

Hlutfall innflutts kjöts er stöðugt að aukast

– Ótti við að íslensk kjötframleiðsla gæti verið að þróast á neikvæða braut svipað og gerðist í Svíþjóð


Það hefur ekki farið ýkja hátt um allar breytingar á tollvernd íslensks landbúnaðar síðustu ár. Breytingarnar leynast nefnilega víðar en í alþjóðlegum samningum þó það kunni að hljóma undarlega fyrir marga.

Í síðasta Bændablaði voru birtar töflur sem sýna breytingar á markaðshlutdeild innlends kjöts síðastliðin 3–4 ár. Greinargott yfirlit yfir þróun áranna 2010–2013 er einnig að finna í Skýrslu starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá 2014.

Í stuttu máli hefur skipting kjötmarkaðarins milli innlendrar framleiðslu og innflutnings tekið grundvallarbreytingum á örfáum árum.

Meðfylgjandi súlurit sýnir markaðshlutdeild innflutts kjöts sem hefur á tímabilinu vaxið frá því að vera tæp 5% 2010 í nærri 25% árið 2017. Ótalinn er þarna innflutningur á unnum kjötvörum, pylsum, áleggi og þess háttar, auk þess sem kemur í tilbúnum réttum eins og pasta og pitsum.

En hverjar eru ástæður þessara stórfelldu breytinga? Útlit er fyrir að þær séu nokkrar. Rétt er að rifja hér upp að þeir viðskiptasamningar sem mest áhrif hafa haft á tolla og markaðsaðgang fyrir landbúnaðarafurðir voru gerðir og komu til framkvæmda miklu fyrr. Sá fyrri, Samningurinn um alþjóðaviðskiptastofnunina, var lögfestur árið 1995. Sá seinni og mun þýðingarmeiri var samningur um viðskipti við landbúnaðarafurðir við ESB. Þar var opnað fyrir mun stærri tollfrjálsa kvóta en áður höfðu þekkst fyrir þessar kjöttegundir auk þess sem allir tollar voru lækkaðir um 40%. Með því voru tollar á allt kjöt skrifaðir í % og kr/kg inn í samning við ESB. Það þýðir með öðrum orðum að þótt íslensk stjórnvöld teldu ástæðu til að breyta með einhverjum hætti tollum á innflutt kjöt innan þess svigrúms sem þau hafa innan WTO samningsins er búið að festa tollinn í % og kr gagnvart ESB. Þar þarf því ekki bara lagabreytingu að hálfu Alþingis heldur breytingu á milliríkjasamningi.



Tollverndin vegur þungt

Þriðja atriðið sem vegur þungt í tollverndinni er svo heimildir í búvörulögum (65. Gr.) til að lækka tolla tímabundið þegar innlendar afurðir eru á markaði. Meðan samhliða eru tollfrjálsir kvótar fyrir ýmsar lykilvörur er smám saman hægt að grafa undan innlendri framleiðslu. Sem dæmi má taka svínakjöt. Þar er sögulegur skortur á hráefni í beikon yfir aðal ferðamannatímann. Ef tollkvótar eru notaðir til að flytja inn aðra hluta skrokksins eykur það enn á svínasíðuskortinn og áhrifin þannig keðjuverkandi.

Á sama tíma skortir mjög á að hagtölusöfnun Hagstofu Íslands um landbúnað sé nægjanleg. Engin söfnun fer þar t.d. fram á verði til framleiðenda sem er gert af hagstofum annarra landa sem eru aðilar að EUROSTAT. Upplýsingasöfnun um aðrar búgreinar en kjöt og mjólk, t.d. egg og garðyrkju, er líka af skornum skammti. Hagtölur eru engu að síður grunnurinn bæði að stefnumótun stjórnvalda og hagsmunagæslu atvinnugreina.

/Erna Bjarnadóttir

Skýrsla starfshóps: https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Acrobat/Tollaskyrsla_15.12.2014.pdf

Dómur staðfestur í máli Ferskra kjötvara gegn ríkinu:

Þörf á viðbótartryggingum

Á fimmtudaginn staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ferskra kjötvara gegn ríkinu, vegna þess að fyrirtækinu var bannað að flytja inn ferskt hrátt kjöt árið 2016.

Með dómnum er staðfest að ekki má setja skorður við innflutning á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og ógerilsneyddum eggjum, en slíkar hömlur voru lögleiddar á Íslandi þegar matvælalöggjöf Evrópusambandsins var innleidd árið 2009. Var þá komið á 30 daga frystiskyldu fyrir innflutt hrátt kjöt.

Með staðfestingu Hæstaréttar er málið komið á endastöð á vettvangi dómstóla, en það hófst með uppkvaðningu EFTA-dómstólsins í nóvember á síðasta ári.

Í tilkynningu frá Bændasamtökum Íslands er haft eftir Sindra Sigurgeirssyni, formanni Bændasamtaka Íslands, að baráttu samtakanna sé hvergi lokið með þessu máli. Verndun íslensku búfjárkynjanna sem menningarverðmæta og erfðaauðlindar sé mál sem varði alla.

Viðkvæm sjúkdómastaða íslensk búpenings

Í tilkynningunni segir að í málsvörninni hafi íslenska ríkið lagt áherslu á að ákvarðanir stjórnvalda hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, og reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins. „Jafnframt samræmist ákvarðanirnar 13. og 18. gr. EES-samningsins, þar sem kveðið er á um að samningsaðilar megi leggja á innflutning vara bönn eða höft til að tryggja almannaöryggi og vernd heilsu manna eða dýra, þegar kemur að mati á því hvaða áhætta sé ásættanleg eða óásættanleg þegar vernda skal almannaöryggi og vernd lífs og heilsu manna og dýra. [...] Þá var bent á að sjúkdómastaða íslensks búpenings sé óvenjuleg í samanburði við önnur ríki. Vegna aldalangrar einangrunar íslenskra búfjárstofna hafi dýrin lítið ónæmi fyrir fjölmörgum smitefnum sem algeng eru erlendis, en aldrei hafi orðið vart við hér á landi.

Dómurinn nú víkur í engu að þessum mikilvægu sjónarmiðum," segir í tilkynningunni.

Umsókn um viðbótartryggingar

Í viðbrögðum úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að frá uppkvaðningu dóms EFTA-dómstólsins í nóvember í fyrra hafi það verið forgangsmál stjórnvalda að tryggja að Ísland standi við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Við þá vinnu hafi verið lögð áhersla á að tryggja öryggi matvæla og vernd búfjárstofna. Í júlí sendi Ísland umsókn til Eftirlitsstofnunar EFTA um heimild til að beita reglum um viðbótartryggingar. Slíkar tryggingar, sem önnur Norðurlönd hafa þegar fengið, munu gera stjórnvöldum kleift að krefjast ákveðinna vottorða um að tilteknar afurðir séu lausar við salmonellu. Þá sé unnið að fjölmörgum öðrum aðgerðum, meðal annars varðandi kampýlóbakter.


Frumvarp til breytinga á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, í samræmi við EFTA-dóminn, er á þingmálaskrá og er stefnt að því að mæla fyrir frumvarpinu í febrúar.

Sýkingum mun fjölga

Karl G. Kristinsson, yfirlæknir sýkla- og veirufræðideildar Landspítalans og prófessor við Háskóla Íslands, varaði við innflutningi á hráu kjöti á opnum fundi á Hvanneyri í kjölfar dóms EFTA-dómstólsins.

Taldi Karl að áhrifin af innflutningi á fersku kjöti verði þau að kampýlóbaktersýkingum muni fjölga mjög mikið ef erlendir kjúklingaframleiðendur sem verslað er við, fylgi ekki sömu reglum og þeir íslensku þurfa að gera. Reikna megi líka með fjölgun salmonellusýkinga og tilfellum sýkinga af völdum „hamborgarabakteríunnar" svokallaðrar, sem getur valdið blóðugum niðurgangi og nýrnabilun. Aðrir sýklar kunni einnig að gera vart við sig.

/smh



Í Svíþjóð voru tollar felldir niður og landamæri opnuð við ESB-aðildina:

Samdráttur varð í markaðshlutdeild innlendra landbúnaðarafurða

– Talið að svipað geti gerst á Íslandi í kjölfar nýlegs dóms Hæstaréttar

Opnun landamæra og niðurfellingar á innflutningstollum vegna aðildar Svíþjóðar að Evrópusambandinu 1995 varð til þess að markaðshlutdeild innlendrar búvöruframleiðslu minnkaði verulega. Á Íslandi velta menn fyrir sér hvort dómur Hæstaréttar í síðustu viku með afnámi tollverndar á hráu kjöti og ófrosnu kjöti muni hafa svipaðar afleiðingar fyrir íslenska bændur.

Frændur okkar Svíar eru með þeim allra fremstu í bændastétt á heimsvísu þegar kemur að búfjárhaldi. Dýravelferð er þar í hávegum höfð, sænskar reglur um aðbúnað dýra ganga í mörgu mun lengra en almennt gerist innan ESB. Samt hafa sænskar landbúnaðarafurðir verið á undanhaldi í baráttunni við innfluttar vörur.

Sýklalyfjanotkun í Svíþjóð er með því lægsta sem þekkist innan Evrópu. Sænskir neytendur eiga



Erna Bjarnadóttir.

því greitt aðgengi að heilnæmum vörum sem framleiddar eru með velferð búfjár í fyrrirúmi. Auðvelt er að finna efni sem sýnir fram á þetta t.d. á http://www.svensktkott.se.

En hver er svo reyndin þegar til kastanna kemur, hefur sænskur landbúnaður haldið markaðshlutdeild sinni eða jafnvel aukið hana í ljósi þessarar góðu stöðu? Meðfylgjandi graf sýnir þróun markaðshlutdeildar sænskra búfjárafurða frá því landið varð aðili að ESB og þar með allir tollar felldir niður gagnvart öðrum löndum á innri markaði ESB.

Eins og sjá má hefur markaðshlutdeild allra búfjárafurða minnkað. Örlítill viðsnúningur hefur náðst seinustu 2–3 ár, eitthvað sem eins má skýra með veikri sænskri krónu fremur en að viðspyrna hafi náðst í markaðsmálum. Það er því von að sú spurning vakni hvort íslenskur landbúnaður sé á leið inn á sænsku brautarteinana með hratt rýrnandi tollvernd og dómi Hæstaréttar frá 11. október sem sleit eitt síðasta hálmstráið í baráttunni gegn innflutningi á hráu og ófrosnu kjöti.

/Erna Bjarnadóttir.

KLETTAR

ÍSLENSK HEILSÁRSHÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR



- Forsniðin einingahús
- Fljótleg í uppsetningu
- Hagkvæm í innkaupum
- Íslensk hönnun

- Einfalt að stækka

Verð 8.990.000 kr. m/vsk

Grunnflötur 65 fm + 35 fm svefnloft
Verð 6.900.000 kr. m/vsk

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús Fljótleg í uppsetningu



JÖKLAR - FLATT ÞAK *Einfalt að stækka*

JÖKLAR - BURST ÞAK *Einfalt að stækka*

JÖKLAR - ÍSLENSKU HÚSIN *Einfalt að stækka*

Húsin afhendast ósamsett miðað við skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan“ Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins: www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Er okrað?

Sýningin Íslenskur landbúnaður 2018 sem haldin var um síðustu helgi þykir hafa heppnast með afbrigðum vel. Þar gat að líta margvíslegar nýjungar og líka voru þar flutt erindi sem ýttu við ýmsum í þjóðfélaginu.

Eitt erindi hefur vakið meira athygli en önnur, en þar skammaði Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, ferðaþjónustubændur og þá sem standa fyrir veitingasölu í ferðaþjónustugeiranum fyrir gengdarlaust okur. Hann hefur margsinnis áður skammað verslunareigendur í landinu um það sama við misjafna hrifningu kollega sinna.

Þórarinn sagði í ræðu sinni á landbúnaðarsýningunni að okur væri ástæða þess að ferðamenn væru í auknum mæli farnir að versla í Bónus og ferðast um í ódýrum húsbílum, í stað þess að kaupa mat og gistingu landið um kring.

„Þetta fólk sefur í bílnum og það eldar í bílnum og skilur þar af leiðandi nánast ekkert eftir. [...] Ef ferðaþjónustuaðilar ætla að ná vopnum sínum til baka, þá hef ég þá ráðleggingu að einbeita sér að heimalöguðu og lækka verð þannig að það sé enginn hagur fyrir ferðamenn að kaupa allan sinn mat í Bónus.“

Þórarinn bætti um betur í samtali við Fréttablaðið:

„Ég er löngu hættur að leyfa mér að stoppa nokkurs staðar á leið minni um landið, því mér ofbýður okrið. Ég skammast mín fyrir Íslands hönd þegar ég horfi á túristana með skeifu, nartandi í dýrasta rúnstykki sem þeir hafa séð.“

Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Bjarnheiður Hallsdóttir, svaraði Þórarni fullum hálsi og sagði óþolandi fyrir bæði veitingarekstur og ferðaþjónustu að þau þurfi að sitja undir aðdróttunum Þórarins, um okur ferðaþjónustuaðila.

Þegar litið er á þessi mál frá sjónarhóli leikmanns, þá verður að viðurkennast að Þórarinn hefur býsna mikið til síns máls þó ekki sé rétt að setja alla undir sama hatt. Undirritaður hefur margsinnis fundið þetta á eigin skinni hvernig sumir leyfa sér óheyrilega verðlagningu. Erlendir ferðamenn sem rætt hefur verið við segja mjög gjarnan þessa sömu sögu. Undir þetta taka líka ferðaþjónustuaðilar eins og sjá má í Bændablaðinu í dag í viðtali við útgerðarmann í farþegasiglingum á Ísafjarðardjúpi. Samt er líklega hægt að finna á Ísafirði langódýrasta asíska veitingastað landsins. Eigandi hans hefur rekið þann stað á svipaðri hugmyndafræði og Þórarinn Ævarsson nefnir. Hann sagði í samtali við undirritaðan að hann hafi tekið þá meðvituðu ákvörðun að hafa lága verðlagningu á matnum, en fá í staðinn til sín fjöldann. Þannig tókst honum á rúmu ári að borga upp stofnkostnað rekstrarins. Nú eru allir ánægðir, bæði veitingamaðurinn og viðskiptavinirnir.

Það sem er erfiðast í þessu öllu saman er að okurstimpillinn er kominn á landið, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Með fjölgun ferðamanna hafa enn fleiri upplifað allt of háa verðlagningu á þjónustu. Margfalt fleiri ferðamenn með slíka neikvæða upplifun hafa því yfirgefið landið og það hefur margfeldisáhrif út í alþjóðasamfélagið. Með okri hefur svörtum sauðum í þjónustugreinum þannig tekist að koma óorði á alla hina. Það kann að verða erfitt að vinda ofan af slíku. Hugmyndin um dýrt Ísland getur hæglega lifað í áratugi nema hart verði tekið á málum. Ef ekkert er gert nema að skamma Þórarin, þá mun staðan bara versna og allir landsmenn munu tapa stórum upphæðum. */HKr*

Góðri sjúkdómastöðu ógnað



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Í síðustu viku féll dómur í Hæstarétti í áfrýjunarmáli ríkisins gegn Ferskum kjötvörum. Málsatvik eru í stuttu máli þau að í nóvember 2016 féll dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem íslenska ríkið var dæmt til að greiða fyrirtækinu bætur vegna þess að því var bannað að flytja inn ferskt hrátt kjöt. Í síðustu viku staðfesti Hæstiréttur framangreindan héraðsdóm.

Málið er hluti af langvarandi ágreiningi um þær skorður sem settar voru við innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddri mjólk og ógerilsneyddum eggjum sem lögleiddar voru, þegar matvælalöggjöf ESB var innleidd árið 2009.

Um er að ræða þýðingarmikið hagsmunamál íslensks landbúnaðar en fjölmargir hafa bent á þá áhættu sem felst í auknum innflutningi á hráu kjöti, ógerilsneyddum mjólkurvörum og hráum eggjum. Þrátt fyrir mótrök fjölda aðila úr heilbrigðisgeiranum, bænda og búvísindamanna og fleiri sem vara við óheftum innflutningi þá hafa dómstólar haft þau sjónarmið að engu.

Niðurstaðan getur að óbreyttu valdið íslenskum landbúnaði miklu tjóni og ógnað bæði lýðheilsu og búfjárheilsu. Vegna aldalangrar einangrunar íslenskra búfjárstofna hafi dýrin lítið ónæmi fyrir fjölmörgum smitefnum sem algeng eru erlendis, en aldrei hafi orðið vart við hér á landi. Ísland er ekki aðili að evrópskum tryggingarsjóðum sem bæta tjón ef upp koma alvarlegar sýkingar í landbúnaði og þyrfti ríkisvaldið ásamt bændum að bera slíkar byrðar.

Vald markaðarins virðist trompa vísindaleg rök

Niðurstaðan dregur skýrt fram að vísindaleg rök hafa ekkert gildi gegn markaðslegum rökum að mati dómstólanna. Allt víkur fyrir þeim, bæði heilsufarsleg, umhverfisleg og almenn sanngirnisrök. Í 13. grein EES-samningsins eru að vísu ákvæði um að taka megi tillit til sjónarmiða sem snerta heilsu manna og dýra en í þessum niðurstöðum er hún að því má



segja, túlkuð út af borðinu en ekki færð mikil efnisleg rök fyrir af hverju ekki er tekið tillit til hennar. Hún heldur greinilega ekki gegn valdi markaðarins.

Stóraukinn innflutningur á búvörum hingað til lands síðustu ár er staðreynd eins og fjallað er um hér í blaðinu. Milliríkjasamningar og minni tollvernd hafa gert það að verkum að markaðir eru opnari en áður var. Þessu fylgja óhjákvæmilega auknar líkur á því að hingað til lands berist ýmis smit með matvælum, s.s. salati eða kjötvörum, sem ógnað geta heilsu manna og dýra. Frystiskylda á kjöti er varúðarráðstöfun sem minnkar líkur á að óværa berist hingað til lands.

Munum áfram verja okkar stöðu

Hvað sem öðru líður þá munum við áfram verja okkar stöðu sem er einstök. Það hefur komið skýrt fram í umræðu um þessi mál að okkar færustu vísindamenn í sýklafræði og bæði manna- og búfjársjúkdómum hafa varað sterklega við innflutningi á ófrosnu hráu kjöti og öðrum þeim vörum sem geta borið með sér smit. Við eigum hreina og heilbrigða búfjárstofna og erum heppin að því leyti að matvælasýkingar eru fátíðar hérlendis. Það er beinlínis skylda okkar að viðhalda þeirri góðu stöðu.

Sérstaða felst í góðri búfjárheilsu

Sérstaða íslensks landbúnaðar felst meðal annars í því að hér er búfjárheilsa góð og sýklalyfjanotkun í landbúnaði í algjöru lágmarki. Þar sem notkunin er mest er hún mörgum tugum sinnum meiri en hér. Sýklalyfjaónæmi er talið ein helsta lýðheilsuógn mannkyns á næstu áratugum en það hefur aukist hratt samhliða ofnotkun sýklalyfja í nútímalandbúnaði. Sjúkdómastaða íslensks búfjár er í algerum sérflokki jafnvel svo að aðrar þjóðir hafa sótt hingað þekkingu í sinni baráttu svo sem til að takast á við kampýlóbaktersýkingar í kjúklingum – sem eru ein algengasta orsök matarsýkinga víða um lönd. Hér er skimað fyrir þessari sýkingu reglulega allt árið og skylt er að frysta eða hitameðhöndla afurðir ef sýking kemur upp. Það er ekki gert annars staðar nema í Noregi en þar eru afurðir ekki skimaðar nema yfir sumarmánuðina.

Það eru vissulega viðbótartryggingar í boði gegn salmonellu í matvælalöggjöf ESB og sjálfsagt er að sækjast eftir þeim en það er ekkert slíkt í boði þegar kemur að kampýlóbakter. Þar hefur ESB gefist upp og ábyrgðinni varpað yfir á neytendur.

Beitum sérstökum aðgerðum til að vernda heilsu manna og dýra

Bændasamtök Íslands telja eðlilegt og sanngjarnt að íslensk stjórnvöld fari fram á það við ESB að áfram verði heimilt að beita sérstökum aðgerðum til að vernda heilsu manna og dýra, enda standa til þess full rök sem ekki hafa verið hrakin. Viðræður eru í gangi við ESB en niðurstaða þeirra er ekki ljós.

Baráttu samtakanna er ekki lokið. Verndun íslensku búfjárkynjanna sem menningarverðmæta og erfðaauðlindar sé mál sem varðar alla. Auk skuldbindinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni er fjölbreytileikinn hluti af aðdráttarafli landsins fyrir ferðamenn og órjúfanlegur hluti af menningu landsbyggðarinnar.

Leggjum baráttunni lið

Bændur vita sem er að landsmenn vilja styðja við íslenskan landbúnað sem best mátti sjá á aðsóknninni að hinni glæsilegu landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll um síðustu helgi. Bændur þakka öllum þeim tugþúsundum sem sóttu eða komu að sýningunni fyrir komuna og heita á alla stuðningsmenn landbúnaðarins að leggja baráttunni áfram lið.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Breiðavík er vík á Vestfjörðum á Íslandi og er ein af svonefndum Útvíkum og liggur milli Látravíkur og Kollsvíkur. Nokkru sunnar er Látrabjarg og þorpið Patreksfjörður er í um 50 km fjarlægð. Í Breiðavík er búskapur aflagður, en þar er nú rekin myndarleg ferðaþjónusta og hótel. Allmikill útvegur var stundaður fyrrum frá Breiðuvík. Frá 1824 hefur verið kirkjustaður í Breiðuvík, en áður var þar bænhús. Kirkjan sem nú stendur í Breiðavík var vígð árið 1964. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Guðrún Hildur að dæma í fjárhúsinu í Þjóðhólfshaga. Ritarinn er klár að skrifa niður tölurnar og þarna má líka sjá Pétur ómskoða hrút.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Bændur bera saman bækur sínar á hrúta- og gimbrasýningum

Mikil spenna er á meðal sauðfjárbænda þegar þeir mæta með hrútana sína og gimbrar á sýningar til að fá dóm á gripi sína.

Eftir að tölurnar liggja ljósar fyrir bera bændur saman bækur sínar og fagna niðurstöðunum eða klóra sér í höfðinu yfir tölunum í þeirri von að þær hefðu verið hærri. Nýlega var haldin sýning á bænum Þjóðhólfshaga II í Holta- og Landsveit þar sem fallegt fé var dæmt af ráðunautunum Guðrúnu Hildi Gunnarsdóttur og Pétri Halldórssyni frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. */MHH*



Féð var mjög fallegt sem kom á sýninguna og sáust margar háar tölur í dómunum.



Feðgarnir Símon Helgason og Helgi Benediktsson í Austvaðsholti fara hér yfir tölurnar sem ráðunautarnir gáfu fénu þeirra.



Krakkarnir í Skarði létu sig ekki vanta á sýninguna, hér eru systkinin Sumarliði og Helga Fjóla Erlendsbörn.



Þrír góðir á sýningunni, frá vinstri, Sævar Jónsson, Snjallsteinshöfða, Þorgils Torfi Jónsson, fyrrverandi oddviti Rangárþings ytra og Kristinn Guðnason í Árbæjarhjáleigu.

MÆLT AF MUNNI FRAM

212

Fyrr en fram er haldið þessum vísnaþætti, þá er brýnt að koma fram leiðréttingu á höfundi vísu sem birtist í síðasta þætti. Og hver annar en fræðabúntið **Dagbjartur Dagbjartsson** á Hrísum vissi þar betur á málum skil. Ég skráði höfund að vísunni „Taumar leika mér í mund“ **Eyjólf Jóhannsson** í Sveinatungu. Dagbjartur vissi vísuna eftir **sr. Jakob Guðmundsson** á Sauðafelli, og þegar gjör var gáð, reyndist það hárrétt hjá Dagbjarti. Þakkir vil ég færa honum fyrir vökult auga og ólaunað eftirlit með misfellum mínum.

En órækur höfundur næstu hestavísu er **Ingólfur Ómar Ármannsson**, en vísuna orti hann á landsmóti hestamanna í Víðidal sl. sumar:

Tilþrif sýnir tölt og skeið,
tifar létt um völlinn.
Yndi vekja gripin greið,
glymja hófasköllin.

En að öðru efnisvali. **Sigurður Draumland** orti um útkomna atómljóðabók:

Hneig frá risi háttur ljóðs,
hrundi að dysjargrunni.
Skröltir visinn skotspónn hnjóðs
skálds í kisumunni.

Sr. Sigurður Norland í Hindisvík orti háðslega til atómskálda í næstu tveimur vísum:

Þeir sem geta ekkert ort
af því rímið þvingar,
ættu að stunda annað sport
eða hugrenningar.

Rímlaust kvæði að réttum sið
ritgerð fyrr var kallað,
en sem kvæði álitið
ákaflega gallað.

Næsta haustvísa er eftir **Valdimar Hólm Hallstað**:

Dimmir yfir dagsins för,
dregur senn að hausti.
Ei er fært aðýta úr vör,
ólgar brim í nausti.

Benjamín Ólafsson, grenjaskytta á Brúará í Kaldraneshreppi, orti næstu vísur tvær um atvinnu sína:

Minni liðnu ævi á
eg sem skotið hefi
tvöhundruð og tvenna þrjá
telja máttu refi.

Fjórtán tíma muna má
miður þá við góða kosti
í skothúsi úti lá
í átján stiga hörðu frosti.

Títtnefndur **Jóhann Eyjólfsson**, alþingism. í Sveinatungu, kvað um **sr. Gísla Einarsson** í Hvammi:

Þunnt er orðið inn að beini
á Einars nið,
því hann étur ýsu eina
og ekkert við.

Og um hryssu sína Rottu kvað **Jóhann**:

Henni Rottu úr réttunum
ríð ég hrottalega,
bjórinn totta á bæjunum,
ber mig flott í selskapnum.

Að endingu langar mig að leggja hér fyrir velvakandi vininn, **Dagbjart á Hrísum**, hver muni höfundur þessarar borgfirsku vísu?

Frjálst er í Flókadal
framsóknarmanna val,
það er nú þjóðlegur staður.
Enginn af öðrum ber,
efalaust þaðan fer
til andskotans annar hver maður.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR



Árni Gunnarsson er hér fyrir miðri mynd. Mynd / smh

Lifandi samfélag – samtök um nágrannasamvinnu:

Málþing um nágrannasamfélög

– Þiggja ábendingar um lausar bújarðir undir starfsemina

Lifandi samfélag – samtök um nágrannasamvinnu í sveit og borg, stendur fyrir málþingi 3. nóvember næstkomandi þar sem ræða á nágrannasamfélög eldri borgara; bæði hér á Íslandi og um reynslu Dana af þeim.

Lifandi samfélag hefur þann tilgang að vera regnhlífarsamtök sem starfar að mismunandi valkostum í búsetu fyrir alla aldurshópa. Félagsskapurinn á rætur í hugmyndum Árna Gunnarssonar, fyrrverandi bónda á Reykjum í Skagafirði, sem hafði áhuga á að kanna áhuga fólks á sambýlum eldri borgara til sveita – þar sem stundaður væri frístundabúskapur í smáum stíl og eftir atvikum hvað eina sem aðstæður leyfðu. Öllu væri stjórnað af íbúum sjálfum.

Lifandi samfélag var formlega stofnað síðasta vor og tekur núna til margs konar búsetuforma og allra aldurshópa – hvort heldur í þéttbýli eða dreifbýli – en kjarninn um nágrannasamvinnu er þó enn hornsteinn hugmyndafræðinnar.

Stjórnmálafólk hvatt til þátttöku á málþingi

Árni, sem er stjórnarmaður í samtökunum, segir að stjórn félagsins telji mikilvægt að þar sem þessum samtökum sé ætlað að starfa á landsvísu væri heppilegt ef sveitarstjórnarfólk af landsbyggðinni sæi sér fært að mæta á fundinn, ganga í samtökin og nýta sér þá fræðslu sem þarna verði í boði. „Jafnframt væri gott ef allir stjórnmálaflokkar sendu fulltrúa sína til að kynna sér fyrirhugaða starfsemi sem muni að sjálfsögðu verða að einhverju leyti rekin í sátt og samvinnu við stjórnsýslu á hverjum tíma. Auk þess sem í starfsemi af þessum toga megi án vafa finna lausnir á þeim vistunarúrræðum sem nú þegar sé orðið aðkallandi að leysa – eftir nýlegum fréttum að dæma. Einhverjir félagsmenn eru þegar byrjaðir að skima eftir álitlegum stöðum utan borgarinnar til að geta hafist handa þegar búið verður að ljúka skipulegum undirbúningi," segir Árni.

Ábendingar um lausar bújarðir

„Við tækjum því fagnandi ef einhverjir lesendur þekktu til einstaklinga sem annaðhvort hefðu sjálfir hug á að bjóða land eða bújörð til starfseminnar, ellegar vissu um eitthvað slíkt.

Við þurfum nauðsynlega að fjölga fólki í samtökunum og tengjast vel inn í alla landshluta.

Aflið felst í virkni fjöldans og verkefnin eru vissulega mörg og spennandi," segir Árni enn fremur.

Dagskráin 3. nóvember í Norræna húsinu verður eftirfarandi:

- Aðalfyrirlesari: Rudy Madsen frá Odense.
- Kl. 10.00 – Þátttakendur boðnir velkomnir og kynning á dagskránni – (Magni og Rudy).
- Kl. 10.10 – Saga samtaka um nágrannafélög í Danmörku og kostir þess að vera félagi – Bofællesskab.dk.
- Kl. 10.30 – Hvernig stofnar maður samtök um nágrannafélög?
- Kl. 11.00 – Að byggja upp sterkt samfélag.
- Kl. 11.30 – Að viðhalda og efla nágrannasamfélag eftir stofnun þess.
- Kl. 11.50 – Spurningum svarað.
- Kl. 12.00 – Hádegisverður.
- Kl. 13.00 – Hópar myndaðir til að vinna úr upplýsingum.
- Kl. 13.15 – Hópavinna með áherslu á að stofna nágrannasamfélög.
- Kl. 14.45 – Kaffi og te.
- Kl. 15.00 – Hvernig vinnuhópar eru myndaðir til að viðhalda starfinu í samtökunum.
- Kl. 15.15 – Niðurstöður kynntar úr hópavinnu.
- Kl. 16.00 – Mat, upprifjun og námskeiðslok. */smh*

Lagaumgjörð heimaslátrunar og -sölu:

Ráðherra er jákvæður gagnvart breytingum

Í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni á mánudaginn lýsti Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra því yfir að hann væri jákvæður gagnvart þeim möguleika að breyta lagaumgjörðinni fyrir heimaslátrun og -sölu kjötafurða beint frá býli. Telur hann að sauðfjárbændur ættu sjálfir að geta slátrað heima sínum gripum og selt afurðir þeirra til að auka verðmæti þeirra, en það er ekki heimilt í dag.

„Mér finnst sjálfsagt að skoða allar leiðir fyrir bændur til að auka verðmæti úr þeirri vöru sem þeir eru að framleiða – og ef þetta er liður í því, er það sjálfsagt mál," sagði Kristján Þór spurður um



Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Mynd / VH

hvort ekki væri kominn tími til að breyta þessum lögum og bændum yrði leyft að slátra heima og selja afurðirnar þaðan. „Eðlilega þurfa að vera einhverjar kröfur um öryggi matvæla sem þyrfti að uppfylla en ég hef enga trú á öðru en það sé hægt að yfirstíga erfiðleika í því," sagði Kristján Þór enn fremur. */smh*

Landbúnaðarráðherra Kína kom á landbúnaðarsýninguna í Laugardal

Kínverski landbúnaðarráðherrann, Han Changfu, mætti með fríðu föruneyti á landbúnaðarsýninguna á laugardaginn var. Ráðherrann var í fylgd sendiherra Kína á Íslandi ásamt sendinefnd.

Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ, og Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri sýningarinnar, leiddu kínverska ráðherrann um Laugardalshöllina þar sem hann fékk meðal annars að bragða á íslenskum búvörum. Han Changfu stoppaði drjúga stund á bás Bændasamtakanna þar sem hann dreypti á bjórnum Segli og snæddi veitingar í boði Mímis, nýs veitingastaðar sem verður brátt opnaður á Hótel Sögu. Þá var förinni heitið á bás MS þar sem kínverski ráðherrann kynnti sér skyr og íslenska ostagerð.

Samstarf á sviði landbúnaðarmála

Tilgangur heimsóknar Han Changfu til Íslands var að skrifa undir samstarfsyfirlýsingu um samstarf Íslands og Kína á sviði landbúnaðar- og matvælamála. Nýlega undirritaði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra samning við kínversk stjórnvöld sem gera íslenskum bændum kleift að hefja útflutning á lambakjöti til Kína. Á næstunni standa vonir til þess að sambærilegir samningar verði undirritaðir fyrir lax, mjöl og lýsi.

Á sunnudeginum fór kínverski ráðherrann í ferð um Suðurland og kynnti sér m.a. starfsemi kúabúa, garðyrkjustöðva og ferðaþjónustu. Auk fundar með íslenska starfsbróður sínum heimsótti Han Changfu fyrirtækin Stofnfisk og Bláa lónið.

Han Changfu er fæddur árið 1954 og er meðal valdamestu manna í Kína. Ásamt því að vera landbúnaðarráðherra er hann byggðamálaráðherra. Han Changfu er með doktorspróf í lögum en áður en hann varð ráðherra var hann landstjóri í Jilin-héraði. */TB*



Kínverski landbúnaðarráðherrann, Han Changfu, kynnti sér íslenskan landbúnað á landbúnaðarsýningunni í Laugardal. Myndir / TB



Á bás Bændasamtakanna skálaði kínverski landbúnaðarráðherrann í bjórnum Segli við íslenska starfsbróður sinn, sendiherra Kína á Íslandi og formann BÍ. Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri í atvinnuvegaráðuneytinu, fylgist með og fylgdarmenn Han Changfu standa álengdar.

Áfengur drykkur unninn úr íslenskri mjólk:

Rjómalíkjörinn Jökla kemur senn á markað

Rjómalíkjörinn Jökla sló rækilega í gegn á landbúnaðarsýningunni um síðustu helgi. Drykkurinn er búinn til úr íslenskri mjólk og er fyrsti sinnar tegundar hér á landi og þótt víðar væri leitað.

Feðginin Pétur Pétursson og Stefanía Ósk Pétursdóttir kynntu Jöklu á bás Bændasamtakanna og gáfu gestum að bragða. Pétur, sem er mjólkurfræðingur að mennt, hefur unnið að þróun Jöklunnar um árabil og nú hillir undir að líkjörinn komi á markað. Jökla er búin til úr íslenskri mjólk og áfengið sjálft verður unnið úr mysu í nýrri verksmiðju Heilsupróteins í Skagafirði.

Framleiðslutæki á leið til landsins

Pétur segir að það hafi tekið langan tíma að þróa þennan fyrsta alíslenska rjómalíkjör. „Samningar um framleiðsluna eru í vinnslu en ég vona að Jöklan komi í vínbúðir ÁTVR og á veitingahús um mitt næsta ár. Það eru að koma framleiðslutæki til landsins og þá tekur við að slípa framleiðsluferlið til. Framleiðsluaðferðin sjálf og uppskriftin er pottþétt eftir langt og strangt þróunarferli. Viðtökurnar sem við höfum fengið eru frábærar og lofa góðu um framhaldið," segir Pétur.



Feðginin Pétur Pétursson og Stefanía Ósk Pétursdóttir kynntu rjómalíkjörinn Jöklu á landbúnaðarsýningunni í Laugardal. Mynd / TB

Á landbúnaðarsýningunni í Laugardal lagði Pétur könnun fyrir þá sem smökkuðu og segist hann vera að vinna úr svörunum þessa dagana. „Ég spurði fólk um álit þeirra, t.d. um lykt og bragðupplifun. Ég vil ná fram rjómabragðinu og góðu samspili við bragðefnin," segir Pétur.

Jöklan sem var í boði á sýningunni var með lakkrísbragði og rann ljúflega niður hjá gestum að sögn Péturs.

„Við gáfum 15 lítra á laugardeginum og þeir kláruðust á einum og hálfum klukkutíma. Daginn áður vorum við á bás Fóðurblöndunnar og þar var sama sagan. Það var heilmikil ös og gaman að geta kynnt Jökluna við þessar aðstæður." */TB*

SAMSUNG

SAMSUNG

QLED TV

Q picture

Litur
Sýnir alla liti 100%

Contrast
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

HDR 1500/2000
Sýnir nákvæmlega rétta liti

Sjónarhorn
Öll sætin eru bestu sætin

Q style

Ósýnilegar tengingar
Hannaðu umhverfið að vild

Engin skil
Fellur alveg að veggnum

Takmarkalaus 360° hönnun
Hvert smáatriði er þaulhugsað

Q smart

Ein fjarstýring
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

Smart view
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

Smart Content
Fjölbreytt úrval efnisveita

Samsung QE75Q7F

55" 280.000,-

65" 380.000,-

75" 690.000,-

20% afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp



Samsung QLED is Quantum dot based TV

Samsung QE75Q7F

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM · ULTRA HD · VDE

Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

SAMSUNG NU6025



20% afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

50" 109.900,-

55" 119.900,-

65" 189.900,-

SAMSUNG NU7445



20% afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

43" 129.900,-

50" 149.900,-

55" 159.900,-

65" 239.900,-

SAMSUNG NU8045



20% afsláttur af soundbar þegar keypt er Samsung sjónvarp

Premium UHD 4K - Smart TV
PQI 2600 - HDR 1000
10 bita skjár

55" 219.900,-

65" 309.900,-

75" 429.900,-

Samsung myndvinnsla byggir á örgjörvanum. 1.3 GHz **Quad Core** örgjörvinn gerir Samsung SMART TV þrisvar sinnum hraðari en venjulegt sjónvarpstæki og gerir þér kleift að mæta flóknari vinnslu, hraðari vef og fljótari ræsingu. Er **Quad Core** í þínu tæki?

ORMSSON

SAMSUNG SETRIÐ

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

FRÉTTIR

Íslenskur landbúnaður 2018:

Nýr og byltingarkenndur mjaltaþjónn frá DeLaval

– Þegar búið að selja þrjá slíka hér á landi og 777 á heimsvísu

Snemma í sumar kynnti DeLaval nýja kynslóð mjaltaþjóna sem óhætt er að segja að sé byltingarkennd breyting frá fyrri mjaltaþjónum. Þar er um að ræða breytt útlit, nýtt tölvukerfi og aukna virkni sem er að skila um 10% afkastaaukningu frá því sem áður var.

Hefur þessi nýi mjaltaþjónn vakið mikla athygli erlendis og þegar eru seldir 777 mjaltaþjónar. Bústólpi, umboðsaðili DeLaval, pantaði fyrsta mjaltaþjóninn þessarar gerðar til landsins. Delaval mjaltaþjónninn var til kynningar á sýningunni Íslenskur landbúnaður 2018 í Laugardalshöll um síðustu helgi.





Stefán Hlynur Björgvinsson, þjónustustjóri DeLaval hjá Bústólpa, segir að helsti munurinn á þessum nýja mjaltaþjóni og eldri gerðum séu aukin afkastageta. Hún náist með breyttum og sterkari armi, nýrri myndavél, þrívíddartækni og nýjum hugbúnaði í þessum mjaltaþjóni sem nefnist V300. Myndir / HKr.

10% aukning í afkastagetu

Stefán Hlynur Björgvinsson, þjónustustjóri DeLaval hjá Bústólpa, segir að helsti munurinn á þessum nýja mjaltaþjóni og eldri gerðum séu aukin afkastageta. Hún náist með breyttum og sterkari armi, nýrri myndavél, þrívíddartækni og nýjum hugbúnaði í þessum mjaltaþjóni sem nefnist V300. Þá er komið nýtt smáforrit eða „app“ sem auðveldar stjórn mjaltaþjónsins í gegnum farsíma.

„Sem dæmi um breytinguna þá lærir þessi mjaltaþjónn sjálfvirkt á hverja kú í stað þess að áður þurfti að stilla spenastaðsetningu handvirkt inn í byrjun. Leshraðinn og virknin í ásetningararminum er þannig mun meiri en áður og það skilar þessum auknu afköstum. Nákvæmnin er því mun meiri og er uppgefin frá framleiðanda allt að 99% hittni á spena. Hann getur sett á spena sem eru með allt að 45 gráðu halla. Það er þó auðvitað misjafnt eftir því hvernig spenarnir vísa. Þarna hjálpar þrívíddarmyndavélin til.

Ef það koma upp einhver vandamál varðandi gripi, þá er alltaf fyrir hendi sá valmöguleiki að gera arminn óvirkan og setja á spenana handvirkt. Þá er þetta nánast eins og í mjaltabás.

Eins er kominn aukaþvottur á myndavél með sérstakri sápu sem er mjög gott ef það slettast óhreinindi á linsuna. Spenaþvottur er líka breyttur og sérdæla sem heldur uppi þrýstingu þó vatnsþrýstingur á lagnakerfinu í fjósinu sé lágur. Þannig verður spenaþvotturinn betri með vatni og þrýstilofti og síðan formjöltun og þurrkun. Þetta skapar mikla örvun fyrir júgrað sem verður þá fljótara að gefa mjólk. Þannig styttist mjaltatíminn.“

Getur annað 6 til 8 fleiri kúm

„Við höfum miðað við að hefðbundið afkasti einn mjaltaþjónn auðveldlega 60 til 65 kúm en það getur verið breytilegt eftir aðstæðum og dæmi um yfir sjötíu kýr á einum mjaltaþjóni. Afkastaaukning um 10% með nýja mjaltaþjóninum er því mikil og skiptir umtalsverðu fyrir framleiðendurna þegar þeir velja sér mjaltaþjón,“ segir Stefán.

„Segja má að allur innri búnaður hafi verið endurhannaður, þvottakerfi sömuleiðis, hnappaborð komið í stað snertiskjás til stjórnunar, ný staðsetning á snertiskjá. Þá geta kaupendur valið um hvort þeir taka þennan snertiskjá með mjaltaþjóninum eða ekki.“



Það var margt um manninn á bás Bústólpa á sýningunni og mikið spurt.

Þrjár þjónustuskoðanir á ári

– Nú horfa bændur ekki síst á þjónustuna þegar þeir standa frammi fyrir kaupum á tækjum eins og mjaltaþjónum. Hvernig er þjónustunni háttað hjá ykkur?

„Það eru hefðbundnar þjónustuskoðanir þrisvar á ári, en það ræðst þó nokkuð af fjölda kúa. Við höfum þó farið út í að fækka þjónustuskoðunum ef menn eru með 40 kýr eða færri. Það eru þrír aðalþvottar sem fara fram á sólarhring og því þarf að passa upp á slit á gúmmíi.“

Mjaltaþjónar ráðandi í tækniþróuninni

„Flestallir þeir sem eru að gera breytingar á fjósum eða byggja ný í dag velja mjaltaþjón og þessi tækni er því stöðugt að verða almennari, enda hefur hún sannað sig á undanförnum árum í mjólkurframleiðslu hér á landi. Sumir þeirra sem eru með elstu mjaltaþjónana eru líka farnir að huga að útskiptum og fyrir þá er auðvelt í framkvæmd að færa sig yfir í þann nýja frá DeLaval. Mjaltaþjónarnir hafa sýnt það að nytin eykst og vinnan breytist og verður léttari. Þá gefur það tíma til meiri eftirfylgni og menn geta þá spáð í hverju sé hægt að breyta til að bæta nyt og heilbrigði,“ segir Stefán.

Hann segir að nýr Delaval mjaltaþjónn kosti um 17,3 milljónir í dag auk virðisaukaskatts. Þetta er um einni milljón hærra verð en á eldri gerð. Nokkur óvissa er þó um hvernig verðið þróast á næstu misserum ef horft er til mikilla gengisbreytinga að undanförnu með lækkun krónunnar.

Búið að selja 777 nýja DeLaval á heimsvísu síðan í júlí

Gríðarlegur áhugi hefur verið fyrir þessum mjaltaþjónum frá DeLaval. Þannig hafa selst 777 þjónar síðan þeir komu fyrst á markað í júlí.

Í Noregi hafa selst 99 DeLaval mjaltaþjónar og hefur einnig verið góð sala í Hollandi, Frakklandi og í Danmörku,. Eins hafa Bandaríkin verið að koma sterkt inn.

Þess má geta að mjaltaþjónninn sem var til sýnis í Laugardalshöll er þegar seldur sem og tveir af þremur sem eru á leið til landsins. */HKr.*

Þörf fyrir smávirkjanir til að mæta vaxandi eftirspurn eftir raforku

Fallorka ehf. hefur reist 3,3 MW vatnsaflsvirkjun í Glerá ofan Akureyrar og var hún formlega gangsett og vígð fyrr í þessum mánuði. Tilgangur hinnar nýju virkjunar í Glerá er að framleiða raforku inn á dreifikerfi Norðurorku hf. Árleg framleiðsla virkjunarinnar er áætluð 22 GWst sem samsvarar orkunotkun um 5 til 6 þúsund heimila á Akureyri eða álíka margra rafbíla.



Með hinni nýju virkjun í Glerá starfrækir Fallorka nú fjórar vatnsaflsvirkjanir á Eyjafjarðarsvæðinu.

Framboð á raforku á Akureyri og í Eyjafirði hefur verið takmarkað undanfarin ár enda hefur Landsneti ekki tekist að hrinda í framkvæmd endurbyggingu á flutningslínum til Akureyrar, hvorki frá Blönduvirkjun né frá Kröfluvirkjun og Þeistareykjum. Í minnsblaði vegna opnunar vatnsaflsvirkjunarinnar segir að fátt sé um virkjunarkosti á mið-Norðurlandi og þörf sé á að reisa smávirkjanir til að mæta eftir megni vaxandi eftirspurn eftir raforku.

Dregur úr óþægindum ef raforkuflutningur bregst

Virkjunin er búin tæknilega fullkomnum Pelton-hverfli með 6 inntaksstúta frá Andritz í Þýskalandi og mun hún geta keyrt sjálfstætt og þannig dregið úr óþægindum á Akureyri ef raforkuflutningur til bæjarins bregst með öllu eins og gerðist til dæmis í aftakaveðri sem gekk yfir Norðurland í september 2012.

Með hinni nýju virkjun í Glerá starfrækir Fallorka nú fjórar vatnsaflsvirkjanir á Eyjafjarðarsvæðinu. Félagið selur raforku um allt Ísland samkvæmt leyfi frá Orkustofnun. Fallorka hefur undanfarin fjögur ár fengið viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki. Fallorka er að fullu í eigu Norðurorku sem rekur dreifikerfi fyrir raforku á Akureyri og rekur auk þess hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á Akureyri og í nokkrum nágrannasveitarfélögum. */MÞÞ*

Ámundakinn tekur í notkun nýbyggingu á Blönduósi:

Nýtt þjónustuhús fyrir mjólkursöfnun

Nýtt þjónustuhús fyrir mjólkursöfnun í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum hefur verið tekið í notkun við Hnjúkabyggð 34 á Blönduósi.

Ámundakinn á húsið og sá um byggingu þess. Framkvæmdakostnaður nam um 190 milljónir króna og er Mjólkursamsalan leigutaki hússins. Landsbankinn á Sauðárkróki fjármagnaði framkvæmdina að fullu að undangengnu útboði.

Húsið er um 560 fermetrar að grunnfleti, með rúmlega fimm metra lofthæð og byggt á háum steyptum sökkli. Með tilkomu hússins gjörbreytist vinnuaðstaða mjólkurbílstjóra til hins betra en í því eru tvö rúmgóð búningsherbergi með baði, kaffistofa, skrifstofa og tvö hvíldarherbergi með baði, auk geymslulofts.

Ámundakinn, Auðhumla, Kaupfélag Skagfirðinga og Mjólkursamsalan undirrituðu viljayfirlýsingu um byggingu á nýju þjónustuhúsi og leigu til langs tíma í febrúar í fyrra og hófust framkvæmdir við bygginguna í fyrrasumar. Húsið var svo formlega tekið í notkun fyrir skemmstu að viðstöddu fjölmenni. Jón Sigurðsson á Blönduósi tók myndirnar sem birtust á vef Húna. */MÞÞ*





Í nýja þjónustuhúsinu verður aðstaða til að umferma mjólk og þrífa mjólkurflutningabíla sem á að auka hagræðingu við mjólkurflutninga á Norðurlandi í tengslum við aðra landshluta. Myndir / Húni

can-am BRP

ÁREIÐANLEGASTA
SEXHJÓLIÐ Á MARKAÐNUM



OUTLANDER
650 6X6 FB

VERÐ 2.090.000.KR
VERÐ ÁN VSK

Áreiðanleiki, ending og styrkur eru í fyrirrúmi í sexhjólunum frá Can-Am. 360kg burðargeta, sjálfstæð fjöðrun og stór sturtanlegur pallur með auka geymsluhólfi. Dráttarkúla, 7póla tengi, 1.5t spil og rafmagnsstýri er staðalbúnaður.



NJARÐARNES 4 — STEINSMIÐJA AKUREYRAR — NJARÐARNES 4

HAUSTTILBOÐ
FRÍR FLUTNINGUR OG GRAFSKRIFT INNIFALIN

113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli



120 cm sökkull
GRÁR - 219 þúsund
með lugt og vasa 289 þúsund

103M
68x47 cm frá sökkli



80 cm sökkull
GRÁR - 175 þúsund

110
100x57 frá sökkli



130 cm sökkull
GRÁR - 265 þúsund
með lugt og vasa 335 þúsund

101
100x57 frá sökkli



150 cm sökkull
GRÁR - 265 þúsund

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is

FRÉTTIR

Dagur sauðkindarinnar haldinn á Hellu

Dagur sauðkindarinnar verður haldinn í Rangárhöllinni á Hellu laugardaginn 20. október frá kl. 14.00 til 17.00.

Fjáreigendur milli Þjórsár og Markarfljóts býðst að koma með allt að 10 kindur á sýninguna frá bæjum sínum. Fjölbreytni í litum er æskileg. Þá verða hrútar dæmdir og keppt verður um fallegustu gimbrina. Auk þess verður ræktunarbú ársins 2017 verðlaunað og þykkasta kótelettan (þykkasti bakvöðvinn) á sýningunni verður verðlaunaður svo eitthvað sé nefnt. */MHH*



Allir eru velkomnir á Dag sauðkindarinnar í Rangárhöllinni á Hellu laugardaginn 20. október. Mynd / MHH



Ingimar Arndal, framkvæmdastjóri OneSystems og Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, þegar nýja kerfið var tekið í notkun. Mynd / MHH

Sveitarfélagið Ölfus tekur forystu í róbótavæðingu stjórnsýslunnar

Sveitarfélagið Ölfus er fyrst allra sveitarfélaga á landinu til þess að róbótavæða hluta stjórnsýslunnar sem snýr að tæknisviði Ölfuss.

Ástæðan er sú að á dögunum tók sveitarfélagið í notkun hugbúnaðarlausnina „OneLandRobot“, sem er ný sjálfvirk útgáfa frá OneSystems. Hugbúnaðarlausnin vinnur alfarið á rafrænum samskiptum milli sveitarfélagsins og umsækjanda byggingaráforma og byggingarleyfa, hönnuða, byggingarstjóra og iðnmeistara. „Þetta er hluti af því að auka rafræna stjórnsýslu, bæta aðgengi að gögnum og auka þjónustu við byggingaraðila.“ Þetta muni spara um 40% af vinnu hjá tæknisviði Ölfuss sem fer í pappírsvinnu, skjölun og frágang, segir Elliði Vignisson bæjarstjóri. Hægt er að komast inn á OneLandRobot á íbúagátt Ölfuss á olfus.is */MHH*

Viltu verða betri hænsnaeigandi?

– Námskeið um ræktun landnámshænsna

Sunnudaginn 28. október verður haldið stutt námskeið, „Hænur og hamingja“, á vegum Eigenda- og ræktendafélags landnámshænsna um helstu atriði sem gera hænsnahaldið auðveldara og tryggir gott sambýli hænsna og eigenda þeirra.

Námskeiðið er stutt og hnitmiðað, það er sniðið að þörfum þeirra sem halda hænur sér til ánægju og miðað við að hænsnabúið sé fremur smátt í sniðum og hænsnin haldin í lausagöngu til sveita eða í þéttbýli.

Á námskeiðinu verður fjallað um aðbúnað og umhirðu hænsna á öllum aldri, hvernig eigi að búa svo að hænsnunum að þeim líði vel, verpi vel og séu heilbrigð. Fjallað verður um helstu lög og reglur sem gilda um hænsnahald og bent á leiðir til að gera hænsnahaldið sem auðveldast og hagkvæmast fyrir eigendurna.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru Jóhanna Harðardóttir, blaðamaður og ræktandi og Ólafur Dýrmundsson búvísindamaður.

Námskeiðið er haldið í húsnæði Ásatrúarfélagsins í Síðumúla 15, Reykjavík og hefst klukkan 10.

Dagskrá námskeiðsins er þessi:

Kl. 10.00–12.00
Aðbúnaður og húskostur
Fóðrun og umhirða
Sjúkdómar og heilsugæsla
Hænsnahald, lög og reglur



12.00
Hádegishlé með léttum veitingum

12.30–16.00
Egg og útungun
Ungaeldi – kyngreining
Ræktunarstarf
Erfðabrunnur landnámshænunnar og „slow food“ verkefnið
Hænsnahópurinn okkar
Spurningar og svör

Enn er pláss fyrir nokkra þátttakendur á námskeiðinu og þátttökugjaldi er haldið í lágmarki, félagsmenn greiða aðeins 5.000 krónur en utanfélagsmenn 7.500 krónur. Hægt er að skrá sig á netfangið johanna@hlesey.is eða í síma 566 7326.



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Ni Yuefeng, tollamálaráðherra Kína, við undirritun bókunar við fríverslunarsamning Íslands og Kína í síðasta mánuði um heilbrigðisvottun á íslensku lambakjöti.

Fríverslunarsamningur milli Íslands og Kína:

Íslenskt lambakjöt á nú greiðari leið til Kína

– eftir undirritun vegna sauðfjárhluta samninga milli landanna

Rúm fimm ár eru liðin síðan skrifað var undir fríverslunarsamning milli Íslands og Kína en sauðfjárhluti hans var loks staðfestur í september. Þá undirrituðu Guðlaugur Þór og Ni Yuefeng, tollamálaráðherra Kína, bókun við fríverslunarsamninginn um heilbrigðisvottun á íslensku lambakjöti.

Í honum koma fram sérkröfur og skilyrði sem uppfylla þarf varðandi útflutning á lambakjöti til Kína. Matvælastofnun vinnur nú að gerð heilbrigðisvottorða sem byggja á samningnum og þurfa að fylgja hverri sendingu. Reikna má með því að að útflutningur geti hafist innan fárra mánaða.

Einungis kjöt af riðulausum svæðum

Samningurinn er afrakstur nokkurra ára vinnu Matvælastofnunar, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins Landssamtaka sláturleyfishafa og markaðsstofunnar Icelandic Lamb.

Síðasta haust kom hingað sendinefnd frá kínverskum stjórnvöldum sem heimsótti sláturhús og stofnanir. Mikilvægustu sérkröfur Kínverja varða riðu. Einungis má flytja til Kína kjöt af lömbum sem fædd eru og alin á riðulausum svæðum og jafnframt eiga sláturhús, kjötpökkunarstöðvar og frystigeymslur að vera á riðulausum svæðum. Þetta þýðir að Fjallalamb verður eina sláturhúsið sem getur flutt út lambakjöt til Kína til að byrja með.

Stærsti markaður í heimi

Með samningnum opnast afar stór markaður fyrir íslenskt lambakjöt en enn sem komið er verður hvorki leyfilegt að flytja út ærkjöt né innmat. Kínverjar eru um 1.400 milljónir og borða nærri 5 milljónir tonna af lambakjöti á ári. Markaðsstofan Icelandic Lamb hefur um nokkurt skeið unnið að undirbúningi á sölu á lambakjöti til Kína. Haldnir hafa verið fundir með íslenskum og kínverskum stjórnvöldum og unnin hefur verið ítarleg úttekt á kínverska kjötmarkaðnum.

„Við erum í góðum viðræðum við tvo mögulega innflytjendur sem hafa sent fólk hingað,“ segir Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri og hugmyndasmiður markaðsstofunnar Icelandic Lamb.



Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri markaðsstofunnar Icelandic Lamb ásamt Yuan Younghui, deildarstjóra innkaupadeildar kínverska risafyrirtækisins Huahong Group, sem er annar þeirra aðila sem til greina koma sem innflytjandi á íslensku lambakjöti til Kína.

Merki Icelandic Lamb í Kína

Í fyrra var sótt um skráningu á merki Icelandic Lamb í Kína. Merkið er þegar skráð og lögverndað á Íslandi og unnið er að sams konar skráningu um allan heim. Kínversk yfirvöld hafa nú samþykkt umsókn Icelandic Lamb og merkið er nú skráð og verndað í Kína.

„Í þessu felast mikil verðmæti og eins og staðan er núna lítur þetta vel út en við verðum að gæta okkar á því að fara með réttum hætti inn á þennan markað og horfa fyrst og fremst á efstu markaðshilluna,“ segir Svavar.

„Ef við stöndum okkur er líklegt að við getum búið til mikilvægan markað í Kína sem getur skilað góðu verði til íslenskra bænda um langa framtíð.“ */HKr.*



Ungbarnasund:

Ráðstefna á Selfossi

Dagana 18.–19. október fer fram Samnorræna ungbarnasund_kennararáðstefnu sem BUSLI, sem er félag ungbarnasundkennara á Íslandi, stendur fyrir.


Um 150 þátttakendur frá 18 þjóðlöndum munu sitja ráðstefnuna. Ráðstefnan verður sett af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, fimmtudaginn 18. október og henni lýkur á laugardagskvöldi 20. október með hátíðarkvöldverði. Busl hefur séð um allan undirbúning ráðstefnunnar en Busl er lítið öflugt félag með nokkrum ungbarnasundkennurum á Íslandi. /MHH











Næsta Bændablað kemur út 1. nóvember

Bændablaðið

HLUNNINDI & VEIÐI



Það er fallegt við Andakílsá í Borgarfirði en það dugir ekki alltaf.
Mynd / María Gunnarsdóttir

Hvenær mun Andakílsá detta inn aftur?

„Þetta er bara sorglegt með Andakílsá, þarna veiddi maður á hverju sumri, oft stundum og veiddi vel, þetta slys var sorglegt," sagði veiðimaður sem saknar Andakílsá, sem ekkert hefur verið hægt að veiða núna síðustu tvö sumur eftir slysið sem þar var.

„Já, maður veiddi bæði lax og vænar bleikjur stundum. Það var sérstakur stofn í ánni, stuttur og sver lax, hann er örugglega alveg horfinn eftir þetta sorglega slys, svona er þetta bara, vonandi fær maður að veiða aftur í ánni," sagði veiðimaðurinn.

Dregið var á í ánni núna í sumar og eitthvað náðist af laxi, eins og fyrir ári síðan, en áin á ennþá langt í land. Og alls ekki er vitað hvenær verður veitt í henni aftur, ekki næsta sumar, kannski þarnæsta. Það veit bara enginn.

Senn hefst rjúpnaveiðin

Rjúpnaveiðimenn bíða nú spenntir eftir að veiðitímabilið hefjist, fyrsta helgin í rjúpu er 26. til 28. október.

Síðan má veiða 2. til 4. nóvember, svo 9. til 11. nóvember og lokahelgin er 16. til 18. nóvember.

„Það er allt klárt fyrir rjúpuna hérna," sagði Súddi stórgæd í Breiðdal á Facebook-síðunni sinni fyrir skömmu. Klykkti hann síðan út með að sýna vídeó út um gluggann á veiðihúsinu í Breiðdal þar sem nokkrar rjúpur voru í dauðafæri. En það mátti bara horfa á þær en ekki gera neitt annað strax.



Það styttist í rjúpnaveiðina verulega.
Mynd / María Gunnarsdóttir.

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR
Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.
Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR
fyrir kæli- & frystiklefa.
Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Matthías Kári, fimm ára, fór með pabba sínum, Jóhanni Davíð Snorrasyni, og Markúsi Orra, bróður sínum, að veiða í klak í Laxá í Kjós. Hér er hann með 10 punda hrygnu sem hann landaði sjálfur.

Fleiri maríulaxar á land



Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

Það hafa nokkrir veiðimenn fengið maríulaxinn sinn í sumar og við höfum greint frá nokkrum vöskum veiðimönnum. Og þeir eru ennþá að setja í hann því það er enn klakveiði í sumum ánum og henni var að ljúka.

Matthías Kári, fimm ára, fór með pabba sínum, Jóhanni Davíð Snorrasyni, að veiða í klak í Laxá í Kjós. Matthías var ekki lengi að setja í sinn fyrsta lax og landaði hann alveg sjálfur 10 punda glæsilegri hrygnu eftir mikið reiptog. Matthías veiddi svo tvo til viðbótar og er því með sanni strax orðinn stór veiðimaður.



Markús Orri, bróðir Matthíasar, veiddi líka nokkra glæsilega laxa og má sjá hann á myndinni með fallegan hæng.

Laxá í Kjós endaði í kringum 1.000 laxa og hellingur veiddist af sjóbirtingi, sumum vel vænum.

„Við fengum flotta birtinga í lokin og þá rest í Káranesfljótinu, flotta fiska, bolta suma," sagði veiðimaður sem veiddi í Kjósinni undir lokin.

Eftirminnilegasti lax sumarsins

Á hverju sumri gerist ýmislegt í veiðinni hjá veiðimönnum, stórir laxar, litlir laxar eða bara margir laxar. Hann Ómar Gunnarsson var á veiðislóð í sumar og veiddi lax rétt yfir 100 sentímetra í Aðaldalnum.

„Ég náði í sumar, í annað skiptið, að landa fiski rétt yfir 100 cm í Nesi í Laxá í Aðaldal, nánar tiltekið í Beygjunni. Þessi lax var minn stærsti í sumar en samt ekki sá eftirminnilegasti. Ég fór tvær ferðir í sumar í Ormarsá á Melrakkasléttu og þar eru nú aldeilis flottir „hits" veiðistaðir, eins og t.d. Efri-Hvannamýri og Þrepin, sem ég fer alltaf yfir með „hitsið".



Ómar Gunnarsson með rúmlega 100 sentímetra hæng úr Beygjunni.

Ég var einmitt á sk. Mið-Þrepi núna í ágúst, það var logn en sterk sól á móti mér sem blindaði mig þannig ég hélt rétt að „hits" væri ekki málið. Rétt þegar ég kemst á tökustað þá fer sólin úr andlitinu á mér og ég sé vatnið mjög vel. Undir er „einkrækju míkró-hits" og í fyrsta rennslinu kemur lax upp úr en tekur ekki. Vá, fullkomið segi ég við sjálfan mig. Í sömu sporum og með nákvæmlega sömu línu tek ég rennsli númer tvö og aftur kemur fiskurinn upp á eftir „hitsinu". Aftur vá, æðislegt, segi ég við mig aftur og hugsa, sama er mér þó ég nái ekki þessum, ég er búinn að ná tvisvar „kontakti" við fiskinn og allt annað er risaplús hér eftir. Í þriðja rennslinu kemur fiskurinn upp úr tvisvar áður en hann neglir „hitsið". Eftir mild átök við fiskinn landa ég ca 70 cm hæng, aðferð og augnablik sem maður gleymir aldrei," sagði Ómar í lokin.

Endaði sumarið með stæl

„Já. við voru í Eystri-Rangá, ég og Dagur bróðir, og fengum flotta veiði," sagði Sigurður Garðarsson sem veiddi 100 sentímetra lax í veiðitúr fyrir austan fjall.

„Laxinn tók „Thunder and Lighting Longtail" á Hofsstaðabreiðunni og þetta var slagur í 40 mínútur. Fiskurinn fór síðan beinustu leið í klakkistuna, eftir að honum var landað. Þetta var skemmtilegt og við fengum 50 laxa," sagði Sigurður í lokin.

Ytri- og Eystri-Rangárnar tróna á toppnum eftir þetta sumar og veiðin er að enda í þeim á allra næstu dögum. Síðan kemur Þverá í Borgarfirði, sem var feiknarlega góð í sumar.



Sigurður Garðarsson með laxinn stóra.
Mynd / Dagur



Eiður Valdimarsson í veiðibúðinni sinni í Bolungarvík.

Með veiðibúð í bílskúrnum

„Já, ég setti búðina upp í bílskúrnum hjá mér í sumar, en vefsíðuna ValdimarssonFlyFishing.com opnaði ég fyrir þremur árum," sagði Eiður Valdimarsson á Bolungarvík.

„Búðin hefur gengið vel síðan hún var opnuð.

Mér finnst veiði skemmtileg og veiði eins mikið og ég get. Er aðallega í vatnaveiði og sjóbleikjuveiði hérna fyrir vestan," sagði Eiður.

Kjarnmikið og gott íslenskt fóður



Hátækniframleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum
Vöruþróun í samstarfi við Trouw Nutrition í Hollandi
Kjarnfóðurtegundir fyrir fjölbreyttar aðstæður
Heysýnataka og fóðurráðgjöf með NutriOpt
Skilvirk fóðurdreifing um allt land
Persónuleg og lausnamiðuð þjónusta

LÍFLAND
Stofnað 1917

Sala og ráðgjöf | www.lifland.is | Reykjavík Lynghálsí
Sími 540 1100 | lifland@lifland.is |
Akureyri Óseyri | Borgarnes Borgarbraut | Blönduós Efstubraut | Hvolsvöllur Ormsvöllur

Takk fyrir komuna

Tugþúsundir gesta komu á sýninguna **„Íslenskur landbúnaður 2018"** í Laugardalshöllinni um síðustu helgi. Aðsóknin var ævintýraleg og fór langt umfram væntingar þeirra sem stóðu að sýningunni.

Bændasamtökin þakka þeim sem komu á bás BÍ og gerðu sér glaðan dag í góðra vina hópi. Það var ánægjulegt að sjá bændur og fjölskyldur þeirra úr öllum landshlutum gera sér ferð í Laugardalinn. Aðsókn almennings á sýninguna er til merkis um einlægan áhuga á landbúnaði og íslenskri matvælaframleiðslu.

Öllum gestum, sýnendum og starfsfólki sem kom að viðburðinum eru sendar þakkir fyrir frábæra landbúnaðarsýningu.







Áfram íslenskur landbúnaður!

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fylgstu með bændum á Baendasamtok

STEKKUR

Málstefna er hugtak sem ekki er skýrt á einn ákveðinn hátt. Það getur snúið að því hvernig form eða efni tungumáls þróast. Það má taka sem dæmi hvernig stafsetning skuli vera, hvort nýyrði séu smíðuð eða erlent slangur notað, og hvaða leturgerð sé notuð.

Málstefna getur einnig verið tiltekið skjal eins og stefna Íslensku málnefndarinnar frá 2008, Íslenska til alls.

Málstefna getur verið ólík eftir löndum, stundum skýr og sýnileg en stundum dulin. Dæmi um sýnilega málstefnu er sú íslenska en hér starfar Íslensk málnefnd sem gefur árlega út ályktanir um stöðu tungumálsins og formleg málstefna er til. Almennt samþykki er hér á landi um hvernig íslenskan er, hvernig hún er töluð og hvernig málfræðin virkar. Dulin málstefna getur falist í því að til sé útgefin stefna í ríki en njóti ekki stuðnings almennings og undirliggjandi er allt önnur stefna. Þá til dæmis hið raunverulega samskiptamál sem er ekki samþykkt af yfirvöldum.

Málstýring er undirhugtak málstefnu en það þýðir að koma málstefnunni í framkvæmd. Það má einnig nota hugtakið málrækt sem felst í því að reyna að gera tilraunir til að hafa jákvæð áhrif á þróun tungumáls með nýyrðasmíði og málstöðlun. Nýyrðasmíði er rík hér á landi og eru mörg dæmi um vel heppnuð nýyrði eins og sporbaugur, bílskúr og þota. Stundum heppnast nýyrðin illa og ná ekki að festa sig í sessi, það má taka sem dæmi orð eins og bjúgaldin (banani) og vindutjöld (rúllugardínur). Staðreyndin er að tungumál þróast og þá sérstaklega með aukinni tækni sem þarf að finna ný orð yfir.

Sumum finnst málstýring geta gengið of langt og gæti þótt óþarfi að búa til nýyrði yfir alþjóðleg orð. Mannanafnanefnd gegnir að vissu leyti málstýringarhlutverki en ekki er hægt að skíra börn erlendum nöfnum nema að ströngum skilyrðum uppfylltum. Mörgum þykir þetta óþarfa forræðishyggja og í besta lagi að skíra börn nöfnum sem ekki samræmast íslenskum hefðum og hugmyndin sú að börnin græði á því í alþjóðlegu samhengi.

Það er hentugt að samræming sé í formi máls í ríki, það er að beiting málsins sé áþekk, form í beygingum og stafsetningu sé eins. Á Íslandi er íslenska opinbert tungumál, bæði talað mál sem og hið séríslenska táknmál. Um þetta hafa verið sett lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Í öðrum löndum er algengara að margar mállýskur séu til staðar og jafnvel mörg tungumál. Yfirleitt er þá eitt eða fleiri opinber tungumál í landinu sem flestir skilja. Í Finnlandi eru bæði finnska og sænska opinber tungumál en minnihlutamálið samíska hefur aðeins lægri stöðu. Opinbert tungumál er það tungumál sem lög eru birt á og stjórnsýsla landsins starfar eftir og notar.

Með opnari landamærum og sífellt stækkandi fjölmenningarsamfélögum eykst fjöldi tungumála í hverju landi, sem að sjálfsögðu er af hinu góða. Að halda í íslenska málstefnu til þess að vernda tungumálið getur þó verið þýðingarmikið, enda sýnt og sannað að íslenska tungan skipar stóran sess í sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar.

Jóhanna Sif Finnsdóttir.

NYTJAR HAFSINS

„Hrognin eru að koma, gerið kerin klár“



Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Gráslepppuhrogn koma í öðru sæti á eftir loðnuhrognum í útflutningsverðmæti. Þau skiluðu samtals tæpum 1,4 milljörðum króna á árinu 2017.

Hrogn þykja herramannsmatur víða um heim og vinnsla þeirra er snar þáttur í sjávarútvegi á Íslandi. Lætur nærri að útflutningur hrogna sé um 5% af útflutningsverðmæti sjávarafurða og þau skiluðu um 9,7 milljörðum í útflutningstekjur á síðasta ári. Til viðbótar eru flutt út laxahrogn fyrir um það bil milljarð.

Hrognin eru að koma, gerið kerin klár söng Bubbi Morthens hér um árið. Lagið varð til þegar vinnsla á loðnuhrognum fór í gang á Eskifirði árið 1978. Þetta lag kemur upp í hugann þegar farið er að skoða mikilvægi hrognavinnslu í íslenskum sjávarútvegi. Í texta lagsins er brugðið upp skemmtilegri mynd af hamaganginu sem fylgir vinnslu hrognanna þótt hér sé enginn lofsöngur á ferðinni um vinnslu sjávarafurða. Þvert á móti er textinn gagnrýni á verðbúðarlíf, aðbúnað farandverkamanna og vinnuþrælkun sem gerir hugann sljóan.

Vorið er tími hrognanna

Íslendingar hafa um árarðir gert sér mat úr hrognum og framleitt úr þeim verðmætar útflutningsvörur. Hrognaframleiðslan er árstíðarbundin og er vorið eða seinni hluti vetrar tími hrognanna.

Fyrir utan loðnuhrognin, sem nefnd eru hér að framanm eru unnar afurðir úr hrognum grásleppu og þorsks en fleiri fiskar og sjávardýra koma við sögu. Oft þarf þá að hafa hraðar hendur á til að bjarga verðmætum. Og þetta eru umtalsverðar fjárhæðir sem eru í húfi. Eftir því sem næst verður komist við skoðun á útflutningstölum Hagstofunnar nam útflutningur hrogna um 13.800 tonnum að verðmæti um 9,7 milljarðar króna árið 2017. Þar af voru söltuð eða fryst hrogn um 8,4 milljarðar en niðurlögð eða niðursoðin hrogn rúmir 1,3 milljarðar. Lætur nærri að útflutningur hrogna sé um 5% af heildarútflutningi sjávarafurða á árinu 2017.

Í útflutningstölum Hagstofunnar eru frjó laxahrogn flokkuð með landbúnaðarvörum en sjálfsagt er að taka þau með í þessari samantekt. Þau skiluðu í kringum einum milljarði á síðasta ári í útflutningstekjur. Í heild er útflutningsverðmæti hrogna þannig um 10,7 milljarðar króna.

Loðnuhrogn gefa mest

Loðnuhrogn eru mikilvægasta afurðin í hrognaflokknum. Útflutningur þeirra var um 9.600 tonn að verðmæti um 6,8 milljarðar árið 2017. Aðallega eru þetta fryst hrogn en niðursoðin hrogn skiluðu um 100 milljónum. Stærstu markaðir fyrir loðnuhrogn eru í Austur-Asíu og Austur-Evrópu.

Framleiðsla og útflutningur loðnuhrogna er mjög breytileg milli ári. Ræðst það einkum af birgðastöðu á mörkuðum, hve mikið má veiða af loðnunni hverju sinni og síðast en ekki síst hvernig gengur að ná loðnunni síðustu vikur vertíðarinnar. Ekki er ráðlegt að hefja vinnslu á loðnuhrognum að bestu gæðum, þ.e. hrogn sem eru hæf fyrir Japansmarkað, fyrr en þau hafa náð fullum þroska. Þá er stutt í að loðnan leggist til hrygningar. Á þessum tíma er loðnan nær eingöngu veidd vegna hrognanna. Viku bræla í lok vertíðar gæti þýtt það að þjóðarbúið yrði af milljörðum í útflutningstekjur.

Þess má einnig geta að loðnuhrogn skapa virðisauka í annarri afurð, sem er heilfrystri loðna fyrir Japansmarkað. Mjög gott verð fæst í Japan fyrir frystar hrygnur þegar hrognafylling þeirra hefur náð ákveðnu hlutfalli.



Lengi vel var grásleppan veidd nær eingöngu vegna hrognanna. Var hún þá skorin úti á sjó, hrognin tekin úr henni en hveljunni eða fiskinum sjálfum hent fyrir borð, enda hvergi markaður fyrir hana.

Grásleppuhrogn fyrir 1,4 milljarða

Grásleppuhrogn koma í öðru sæti á eftir loðnuhrognum í útflutningsverðmæti. Þau skiluðu samtals tæpum 1,4 milljörðum króna á árinu 2017. Þar af voru söltuð hrogn í tunnum um 588 milljónir og grásleppukavíar í neytendaumbúðum um 795 milljónir. Þetta er aðeins samdráttur í tekjum frá árinu á undan vegna þess að magnið minnkaði. Svíar keyptu um 45% alls útflutnings af söltuðum hrognum miðað við magn en mest var flutt út af kavíar til Frakklands, eða 74%.

Lengi vel var grásleppan veidd nær eingöngu vegna hrognanna. Var hún þá skorin úti á sjó, hrognin tekin úr henni en hveljunni eða fiskinum sjálfum hent fyrir borð, enda hvergi markaður fyrir hana. Fyrir nokkrum árum var grásleppusjómönnum gert skilt að koma með grásleppuna í land. Svo heppilega vildi til að á sama tíma hafði fundist markaður fyrir frysta grásleppu í Kína. Útflutningur á frystri grásleppu á síðasta ári var um 2.400 tonn að verðmæti rúmir 406 milljónir. Í heild skilaði því grásleppan um 1,8 milljörðum króna.

Hér áður fyrr sáu grásleppusjómenn margir hverjir sjálfir um að salta hrognin og selja þau þannig til verksmiðja sem vinna kavíarinn, jafnt hér heima sem erlendis. Eftir að farið var að vinna grásleppuna sjálfa þurfti að landa henni heilli. Best þykir að hún sé unnin frá upphafi í fikvinnsluhúsum því skera þarf hana eftir kúnstarinnar reglum fyrir markaðinn í Kína. Þetta leiddi til þess að fiskvinnslur í landi tóku að mestu leyti yfir vinnslu á hrognunum. Sjómenn selja grásleppuna nú nánast eingöngu heila og óskorna, í beinni sölu eða á fiskmarkaði, og koma því lítið nálægt hrognavinnslunni.

Verð á grásleppu hefur hækkað á milli áranna 2017 og 2018. Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, áætlar að útflutningsverðmæti grásleppu, bæði hrogna og frystrar hvelju, fari yfir 2 milljarða á þessu ári.

Þorskhrogn verðmæt hliðarafurð

Þorskhrogn eru nýtt sem verðmæt hliðarafurð á vetrarvertíð. Á árinu 2017 voru flutt út um 2.330 tonn af þorskhrognum fyrir um 817 milljónir króna. Þetta eru aðallega fryst hrogn en einnig er eitthvað saltað og reykt eða niðurlagt eða niðursoðið. Frystu hrognin gáfu um 580 milljónir. Stærstu markaðir fyrir frystu hrognin eru annars vegar Spánn og Japan fyrir bestu hrognin og hins vegar Frakkland og Portúgal fyrir kramin hrogn til iðnaðar.

Framleiðendur fá hrognin annað hvort af eigin skipum eða skipum sem eru í viðskiptum við þá. Einnig er líflegur markaður með þorskhrogn á fiskmörkuðum. Í heild voru seld frá áramótum 2018 um 910 tonn af þorskhrognum fyrir um 180 milljónir króna.

Þorskhrognin eru einnig vinsæl matvara á innanlandsmarkaði en ekki liggja fyrir hjá Hagstofunni upplýsingar um hve mikið var selt af þorskhrognum til innanlandsneyslu á síðasta ári.

Mikilvæg afgangsstærð

Hér að framan hafa verið nefndar þrjár helstu tegundir hrogna og afurða úr þeim samkvæmt sundurliðun Hagstofunnar. Til viðbótar má nefna að önnur fryst hvítfiskhrogn en þorskhrogn gáfu um 130 milljónir í útflutningstekjur á síðasta ári og ígulker og ígulkerahrogn skila 28 milljónum.

Þá er ótalinn tollflokkur sem nefnist „önnur niðurlögð eða niðursoðin hrogn“ sem gefur 410 milljónir. Þetta er allstór fjárhæð fyrir tollflokk sem virðist vera afgangsstærð án sundurgreiningar á tegundum hrogna. Líklegt er að inn í þennan flokk rati meðal annars niðurlagðar afurðir unnar úr loðnuhrognum, svo sem loðnukavíar.

MENNING & LISTIR



Í fyrsta sinn á Íslandi – Pop up market:

Næturmarkaður í Gamla bíó

Reykjavík.POPUP.Nightmarket er komið til að breyta markaðsstemmingu bæjarins og skapa vetfang fyrir hönnuði og listafólk, til kynna list sína og framleiðslu auk þess sem lifandi list verður í hávegum höfð. Við byrjum í Gamla bíó með POP UP - næturmarkað 20. Október, kl. 17.00 til miðnættis og jafnvel lengur.

Hugmyndin er að skapa skemmtilegan og lifandi markaðsstemmingu í hjarta borgarinnar. Þar sem ægja mun saman sölubásum, uppákomum, tónlistar- og listviðburðum. Allri list verður gert hátt undir höfði, hvort sem það er mynd-, rit-eða tónlist. Boðið verður upp á mat, drykk, gjörninga, innsetningum, ljósagang, lifandi tónlist sem og plötusnúða.

Á markaðnum verður skemmtileg karnivalstemning í bland við brask og brall með ýmiskonar varning. Listamenn, handverksfólk og prangarar selja vörur sínar og listafólk fremur alls kyns gjörninga. Lifandi tónlist og laufléttar veitingar í bland við götulíf og górótt galdrafólk - það má búast við öllu þetta kvöld.

Teitur Magnússon verður sérstakur heiðursgestur kvöldsins og mun bjóða upp á sína rómuðu ást, huggulegheit og einlægni. Einnig koma fram tvær kanadískar listakonur:

Zuzu Knew sem er búsett á Íslandi og kom hingað að finna rætur sínar. Hún gerir teiknimyndir, hannar búninga og vinnur með myndvarpatækni þar sem hún blandar saman ljósi, formum og myndlist. MSEA, einnig þekkt sem Maria-Carmela, er hljóðlistamaður, söngkona og tónskáld sem er búsett í Reykjavík en upprunalega frá Toronto, Canada. Tónlist MSEA skoðar hugmyndir um hvað það er að vera kona og að missa tengingu við líkamann, og hún leikur sér á mörkunum milli fegurðar og óþæginda. Tónlistin er unnin úr náttúrulegum sem og stafrænum hljóðum, svo úr verður ákveðin klippimynd hljóða.

Radddrifin hljóðverk eru oft blönduð við ýmsa hljóðheima. Stundum spilar hún alein, og stundum með stórum eða smáum hljómsveitum. MSEA stefnir stöðugt á samvinnu með nýju fólki og að gera hlutina aldrei eins.


Þess má einnig geta að hin fornfræga plötubúð Hljómalind rís upp frá dauðum með þá Kidda Kanínu, Kára Þór og Krumma úr Bónusplötum í broddi fylkingar, auk þess sem búast má við fleiri gestum.

Birna María verður með hóp ungra myndlistarmanna á efri svölunum þar sem ýmislegt óvænt og spennandi verður baukað. Inga dóra úr Tribal Mantra verður á svæðinu með sín rómuðu handofnu silki/ullar/Jakuxa sjöl, fatnað og glingur ýmiskonar frá framandi löndum.

Auk þess má búast við mörgum fleiri aðilum að taka þátt með sölubása ýmiskonar.

reykjavik.popup@gmail.com
https://www.facebook.com/reykjavik.popup/ - https://www.facebook.com/vents/730220170647888/

ÍSRÖR



Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR


– Stálrör
– Stálfittings og samsetningar

– Pexrör
– Pexfittings og samsetningar

– PexElextra sveiganlegri plaströr
– Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Líklega besta verðið

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SANDBLÁSTURSKÖSSUM Í OKTÓBER

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Íslensk framleiðsla



Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819
www.jako.is



HROSS & HESTAMENNSKA

Stóðréttir í Víðidalstungu



Stóðréttir í Víðidalstungu. Hér er riðið heim að réttinni.

Myndir / Erna Bjarnadóttir



Þau voru mörg myndarleg hrossin í réttinni.



Tveir landsþekktir menn að störfum, Jakob Einarsson með örmerkjaskannann á lofti og Gunnar Þorgeirsson á Efri-Fitjum.



Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur Bændasamtaka Íslands, og fjær er Ingólfur Arnarson.

Mynd / Herborg Sigríður Sigurðardóttir



Stjórn Landssambands hestamannafélaga 2018–2020.

Mynd/LH hestar

Landsþing Landssambands hestamannafélaga á Akureyri:

Lárus endurkjörinn

Lárus Ástmar Hannesson var endurkjörinn formaður Landssambands hestamannafélaga (LH) á landsþingi þess sem fór fram í Giljaskóla á Akureyri dagana 12. og 13. október.

Lárus bauð sig fram til endurkjörs en hann var kjörinn formaður árið 2014. Fyrrum varaformaður sambandsins, Jóna Dís Bragadóttir, bauð sig einnig fram til formanns.

Ný stjórn Landssambandsins til næstu tveggja ára var kosin en hana skipa Ólafur Þórisson, Oddrún Ýr Sigurðardóttir, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir og Jean Eggert Hjartarson Classen. Varastjórn var skipuð Lilju Björk Reynisdóttur, Þórdísi Arnardóttur, Rósu Birnu Þorvaldsdóttur, Sigurroddi Péturssyni og Ómari Inga Ómarssyni.

Níu einstaklingar hlutu gullmerki LH, heiðursmerki sambandsins, fyrir ötult starf á sviði félagsmála hestamanna. Gullmerkin hlutu Ármann Gunnarsson, Ármann Magnússon, Áslaug Kristjánsdóttir, Björn Jóhann Jónsson, Hólmgeir Valdemarsson, Jónas Vigfússon, Ragnar Ingólfsson, Sigfús Ólafur Helgason og Þorsteinn Hólm Stefánsson.

Þá hlaut hestamannafélagið Hringur á Dalvík æskulýðsbikar LH fyrir framúrskarandi starf í æskulýðsmálum.

Hrossarækt 2018 haldið 27. október:

Tólf bú tilnefnd



Kátir sýnendur á ræktunarbússýningu Þúfna á Landsmóti 2018. Mynd/ghp

Tólf hrossaræktarbú eru tilnefnd til árlegrar heiðursviðurkenningar Bændasamtaka Íslands, ræktunarbú ársins fyrir árið 2018.

Fagráð í hrossarækt tilnefndi búin en valið stóð á milli 49 búa sem hafa náð athyglisverðum árangri á árinu, skv. tilkynningu frá fagráðinu

Reglur fagráðs um ræktunarbú ársins má finna á heimasíðu Félags hrossabænda, fhb.is.

Tilnefnd bú munu hljóta viðurkenningu á ráðstefnunni Hrossarækt 2018 sem haldin verður í Spretti, Samskipahöllinni, laugardaginn 27. október næstkomandi og byrjar kl. 13.

Ræktunarbú ársins verður verðlaunað á Uppskeruhátíð hestamanna sem haldin verður í Gullhömrum um kvöldið.

Í stafrófsröð eru tilnefnd bú:

- ***Berg**, Anna Dóra Markúsardóttir og Jón Bjarni Þorvarðarson*
- ***Fet,** Karl Wernersson*
- ***Garðshorn á Þelamörk**, Agnar Þór Magnússon og Birna Tryggvadóttir Thorlacius*
- ***Hamarsey,** Hannes Sigurjónsson og Inga Cristina Campos*
- ***Íbishóll,** Elisabeth Jansen og Magnús B. Magnússon*
- ***Ketilsstaðir/Syðri-Gegnishólar,** Bergur Jónsson og Olil Amble*
- ***Steinnes,** Magnús Jósefsson, Líney Árnadóttir og fjölskylda*
- ***Steinsholt,** Jakob S. Sigurðsson og Sigurður G. Sigurðsson*
- ***Stóra-Vatnsskarð,** Benedikt G. Benediktsson*
- ***Stuðlar,** Edda Björk Ólafsdóttir og Páll Stefánsson*
- ***Torfunes,** Baldvin Kr. Baldvinsson*
- ***Þúfur,** Gísli Gíslason og Mette Mannseth*

UPPSKERUHÁTIÐ HESTAMANNA

Laugardaginn 27.10.2018 í Gullhömrum Grafarholti

Knapar ársins verðlaunaðir, heiðursverðlaun LH veitt og keppnishestabú ársins verðlaunað.

FHB verðlaunar svo ræktunarbú ársins og veitir heiðursviðurkenningu.

Matseðill

Forréttur: Humarsúpa
Aðalréttur: Lambahryggvöðvi
Eftirréttur: Heit eplakaka

Vignir Snær úr Írafári og Rúnar Eff halda uppi stuðinu inn í nóttina!

Miðaverð 10.800 kr.

Miðasala á uppskera2018@gmail.com

Miðasala verður einnig 22. október milli 16:00 og 19:00 á skrifstofu LH Íþróttamiðstöðinni Laugardal Engjavegi 6.

Hljóðlátir rörablásarar

- Frábær verð

www.hitataekni.is - S: 5886070 - Smiðjuvegur 10 - 200 Kópavogi

Hitatækni

Garð hani



BEULCO®

Rennandi vatn allt árið - í garðinum

- Garðhanann þarf að setja upp á frostfríu svæði, 80cm niður í jörðina.
- Allar leiðslur að honum verður að leggja undir frostlínu.
- Við tæmingu á vatni úr Garðhananum, skal láta vatn renna út í jarðveginn. Hentugur jarðvegur í kringum vatnstæmingarboxið er möl sem tekur vel við vatni.
- Áður en frosta-tími hefst skal snúa Garðhana lokanum í „closed" stöðu til að tæma leiðslur niður í frostfrítt svæði.
- Á frost-tíma, eða ef frosthætta er, skal snúa Garðhana lokanum í „closed" stöðu eftir hverja notkun. Þessi aðferð gerir þér kleift að nota rennandi kranavatni í frosti - allan veturinn.
- Til þess að afrennsli sé virkt, skal aftengja slöngur og aðra tengihluti sem geta komið í veg fyrir vatnstæmingu.

Með allt á hreinu í tæpa öld

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Draghálsi 14 -16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir I Sími 564 0013 I www.ishurdir.is I ishurdir@ishurdir.is

VR óskar eftir orlofshúsum



VR óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasamir sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir 20. nóvember 2018.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja:

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand íbúðar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

Öllum tilboðum verður svarað.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Greiðum 25.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

FRÉTTASKÝRING


Blekkingarleikurinn um uppruna orkuframleiðslu heldur áfram og mestu mengunarvaldar CO_2 enn utan sviga:

Landsvirkjun neitar að gefa upp tekjur af sölu upprunavottorða á raforku

– Líkur benda þó til að Íslendingar fái lítið fyrir að taka á sig risa-mengunarstimpil frá Evrópu sem nemur 87% af allri raforku



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Enn er ekkert lát á sölu hreinleikavottorða íslenskra orkufyrirtækja úr landi. Það er þrátt fyrir að ráðherrar og þingmenn hafi lýst furðu sinni á þessu athæfi fyrir þrem árum. Eru slík vottorð í hávegum höfð hjá jarðefnaeldsneytisknúnum erlendum raforkuverum. Enda geta þau með slíkum vottorðum sagst framleiða raforku með hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum.

Þrátt fyrir að þetta sé vitað, neitar hið opinbera fyrirtæki Landsvirkjun að upplýsa hvert vottorðin eru seld og hvað fáist nákvæmlega greitt fyrir þau.

Í staðinn fyrir útflutning upprunavottorða verða Íslendingar að taka á sig og skrá það inn í bókhaldið hjá Orkustofnun um orkuframleiðslu að íslenska orkan, sem framleidd er með vatnsafli og jarðvarma, sé menguð í takt við það sem erlendu fyrirtækin losa sig við á pappírunum. Þannig var einungis 13% af raforku sem framleidd var á Íslandi 2017 sögð vera framleidd með endurnýjanlegri orku í gögnum Orkustofnunar. Hins vegar var 58% orkunnar sögð eiga uppruna sinn í jarðefnaeldsneyti og 29% í kjarnorku.

Er verið að blekkja almenning?

Landsvirkjun segir í svari til Bændablaðsins um þessi mál að sala upprunaábyrgða hafi engin tengsl við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Ef það er svo þá hljóta erlend orkuver sem kaupa þessar ábyrgðir einungis að vera að fegra sína ímynd og eru þá um leið að blekkja viðskiptavini sína með fölsunum á uppruna sinnar orku. Það er þá gert með dyggri aðstoð íslenskra orkufyrirtækja og velvilja íslenskra stjórnvalda.

Stærstu mengunarvaldarnir utan sviga

Þetta er hluti af gríðarlega umfangsmikilli umræðu um loftslagsmál þar sem stór hluti þeirrar mengunar sem þjóðir heims sögðust vera að kljást við t.d. í Parísarsamkomulaginu er utan sviga og ósnertanleg. Þess vegna hefur meginaflinu í baráttunni hingað til verið beint að orkunotkun almennra borgara og þá ekki síst að notkun fólks á ökutækjum. Þar eru stærðir sem tiltölulega auðvelt er að skilgreina og skattleggja ef svo ber undir. Það er allavega talið geta friðað samvisku sumra, en á meðan fá allir stærstu mengunarvaldarnir frið, m.a. með beitingu á blekkingum á borð við flöggun hreinleikavottorða. Þar á meðal eru orkuver sem knúin eru með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku, sem og allur flugrekstur eins og hann leggur sig.

Árið 2014 var áætlað að flug í íslenskri lofthelgi mengaði margfalt á við stóriðjuna í landinu. Síðan hefur flugið margfaldast.

Í skýrslu Carbon Footprint of Inbound Tourism to Iceland frá 2016 segir meira að segja að hlutur íslensku flugfélaganna í losun CO_2 á Íslandi sé meiri en frá álverunum. Þá menga álverin fjórfalt meira en allur bílafloti landsmanna.

Losun koldíoxíðs og kjarnorkuúrgangs í hlutdeild raforku á Íslandi, útfrá uppruna

Koldíoxíð	477,12	g/kWh
Geislavirkur úrgangur	0,87	mg/kWh

Ef við setjum þessar tölur Orkustofnunar í samhengi við þá mengun sem Íslendingar tóku á sig í fyrra fyrir erlend orkuver og verksmiðjur, þá sitjum við uppi eftir vottorðasöluna á síðasta ári með 8.602.141.680.000 grömm, eða rúmlega 8,6 milljónir tonna ígildi af koldíoxíði og 16.737.930.000 milligrömm af geislavirkum úrgangi, eða 16,74 tonn. Þetta eru opinber gögn em vísa til hreinleikaímyndar Íslands af raforkuframleiðslu. Landsvirkjun segir aftur á móti að engin tengsl séu vegna sölu hreinleikavottorða og þátttöku Íslands í samevrópska upprunaábyrgðakerfinu við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. – Er sá leikur þá bara blekking?

Utan sviga er líka koltvísýrings- og brennisteinsvetnislosun frá skipum, stóriðnaður eins og stál-, áliðnaður og kísilver sem og losun mýrlendis. Svo ekki sé talað um gríðarlega losun á metangasi úr freðmýrum Rússlands og Kanada og koltvísýringslosun, m.a. úr íslenskum eldfjöllum eins og nýlegar vísindarannsóknir sýna. Þær rannsóknir komu mönnum mjög á óvart, en þær sýndu að Katla er stöðugt að losa um 20 þúsund tonna af koltvísýringi út í andrúmsloftið á dag.

Töldu vísindamenn að þetta ástand gæti allt eins hafa varað í áratug eða jafnvel marga áratugi. Þá hafa menn engar slíkar mælingar yfir öll önnur eldfjöll og háhitasvæði á Íslandi.

Þessi nýju sannindi vörpuðu óneitanlega ljósi á hvað vísindamenn virðast í raun hafa litlar forsendur til að áætla hvaðan heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á jörðinni er upprunnin. Eina haldbæra reiknanlega nálgunin virðist vera losun af mannavöldum. Hún er svo að stærstum hluta utan sviga í markmiðum og samningum sem gerðir hafa verið um að draga úr losun. Svo furða menn sig á slökum árangri í þessari baráttu.

Skýrsla IPCC veltur miklu uppnámi

Þessi skekkja í umræðunni kom berlega í ljós eftir mikið upphlaup í kjölfar birtingar 400 blaðsíðna harðorðrar skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC) þann 8. október sl. Hefur skýrslan valdið miklu fjaðrafoki, enda er þar örlítið komið við kaun stórra mengunarvalda eins og í kolaiðnaði, sem eru enn utan sviga í alþjóðasamningum. Öfgaraddir á báða bóga fengu þar sannarlega byr undir báða vængi. Gæti þetta hæglega dregið dilk á eftir sér og valdið uppnámi í frekari takmörkunum á losun CO_2 sem flestir telja þó mikilvæg markmið.

Baráttan getur hæglega snúist upp í andhverfu sína

Það er stundum þannig að þegar menn beita of miklum ákafa í baráttunni og taka of djúpt í árinni til að koma sínum málstað áfram, þá getur viðleitnin fætt af sér harða andstöðu. Talsvert hefur bryddað á slíku í síaukinni skattlagningu á sumar eldsneytistegundir. Nú vilja sumir ganga þar enn harðar fram á meðan stærstu mengunarvaldarnir fá frið. Um leið er ekki verið að taka tillit til þess að á notendahliðinni sem helst verður fyrir barðinu á skattlagningu er oftar en ekki venjulegt fjölskyldufólk, ásamt öldruðum og öryrkjum. Þetta fólk þolir illa endalausar skattahækkanir.

Krafa um 45% samdrátt í losun á CO_2

Í skýrslu milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna segir að þörf sé á skjótum og víðtækum breytingum í orkumálum, landnýtingu, iðnaði, samgöngum og skipulagi borga í heiminum til að afstýra loftslagsbreytingum sem geti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir mannkynið. Minnka losun koltvísýrings af mannavöldum um 45% fyrir árið 2030 frá því sem hún var árið 2010.

Gert er ráð fyrir því að 85% af orkunni, sem notuð er í heiminum, komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum ekki síðar en árið 2050 og notkun kola verði næstum þá orðin nær engin.

Enn fremur er talið að nota þurfi alls sjö milljónir ferkílómetra af landi (svæði sem er heldur minna en Ástralía) til að framleiða lífrænt eldsneyti. Það er þá væntanlega jurtaolía og etanól til notkunar á dísilbíla sem um leið er gert ráð fyrir að verði meira og minna bannaðir. Einhverjir kunna að spyrja hvort í því felist ekki töluverð þversögn.

Ástralir æfir

Það er kaldhæðnislegt að talað sé um að taka þurfi land á stærð við Ástralíu undir framleiðslu á lífdísil. Enda brugðust Ástralir ókvæða við skýrslunni, en þeir eru einmitt stórframleiðendur á kolum og standa kol fyrir 60% af þeirra raforkuframleiðslu.

Neita áströlsk yfirvöld algjörlega að gefa kolavinnslu og notkun upp á bátinn eins og IPCC gerir ráð fyrir og telja þessi áform algjörlega óraunhæf. Michael McCormack, varaforsætisráðherra Ástralíu, segir að stefnu stjórnvalda í notkun á kolum verði ekki breytt. Bent er á að fjölmörg þróunarríki reiði sig á kol frá Ástralíu og vandséð hvar þau eigi að fá nægilega ódýra orku í staðinn.

Landsvirkjun neitar að upplýsa um tekjur af hreinleikavottorðum

Menn hafa farið ýmsar leiðir í viðleitni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Snjallir fjármálamenn hafa jafnvel fundið þarna leiðir til að búa til nýjar matarholur til að braska með. Ein þeirra eru huglæg viðskipti með hreinleika orkunnar eins og sölu upprunavottorða. Þar er búið að koma á kerfi í kringum sölu á hreinni ímynd. Þetta dregur samt alls ekkert úr mengun en slíkir hreinleikastimplar geta hins vegar stuðlað að því að fyrirtæki fái frið til að halda áfram að menga andrúmsloftið.

Bændablaðið sendi Landsvirkjun margítrekaðar fyrirspurnir um sölu hreinleikavottorða eftir birtingu forsíðufréttar 23. ágúst síðastliðinn um sölu íslenskra orkufyrirtækja á „hreinleikavottorðum“ til erlendra orku- og iðnfyrirtækja. Svar barst loks þann 18. september og þar segir m.a.:

„Landsvirkjun hefur ekki gefið upp sundurliðaðar tekjur af sölu til einstakra viðskiptavina eða eftir tegund viðskiptavinahópa í ársreikningum, en hægt er að áætla útflutningsverðmæti fyrir Ísland í heild með því að skoða viðskipti orkufyrirtækjanna samanlagt.

Verð á markaði fyrir upprunaábyrgðir fer eftir samningum: tegund vinnslunnar, stærð virkjunar, aldri virkjunar og gæðavottunar sem virkjun hefur fengið. Verð á mörkuðum er síbreytilegt en hefur á síðustu árum verið frá 0,3 EUR til 2 EUR fyrir hverja MWst.“

Landsvirkjun vísar einnig til þess að Noregur flytji út miklu meira af hreinleikavottorðum en Ísland hefur gert, eins og það sé einhver afsökun. Það er hins vegar ekki tekið fram að hlutfall Norðmanna í sölu hreinleikavottorða af heildarorkuframleiðslu er mun lægra en þekkist á Íslandi. Virðist hlutfallið vera hæst samkvæmt tölum AIB samtakanna, á Íslandi, í Hollandi og í Danmörku.

Fáum í raun smáaura fyrir að menga 87% af okkar raforku

Þótt Landsvirkjun gefi ekki upp hvað fyrirtækið fær fyrir sölu upprunavottorða, þá er hægt að áætla heildarsöluna á Íslandi með meðaltalsreikningi samkvæmt þeirra eigin tölum. Á árinu 2017 voru framleiddar 19.237 gígawattstundir (GWst) af raforku á Íslandi með vatnsafli, jarðhita og vindorku. Það jafngildir 19.237.000 megawattstundum (MWst). Meðaltalsverð fyrir hverja MWst samkvæmt tölum Landsvirkjunar gæti verið 1,15 evrur. Það þýddi að fyrir alla orkuna ætti þá að fást 22.122.550 evrur fyrir sölu hreinleikavottorða.

Landsvirkjun selur þó 80% af sinni orku til stóriðju sem ekki er í þessu vottunarkerfi. Ef miðað er við að 80% af heildarorkuframleiðslunni fari líka til stóriðju, þá sætu eftir 4.424.510 evrur fyrir þau 20% sem eftir eru.

Aaðeins146 milljónir fyrir þátttöku í samevrópskum blekkingarleik?

Þar sem Landsvirkjun segir að 15% af sinni orku fari til fyrirtækja og heimila á Íslandi sem væntanlega eru enn ekki látin greiða fyrir hreinleikavottorð og ef það hlutfall yrði til einföldunar yfirfært á allan orkugeirann, þá standa eftir 5% eða rúmar 1.106.127 evrur fyrir sölu hreinleikavottorða. Það gerir á miðgengi Seðlabanka 16/10. 2018 rúmar 148 milljónir króna.

Þátttakan í þessu samevrópska upprunaábyrgðakerfinu kostar Íslendinga það að þurfa opinberlega að vera með í bókhaldi sínu 87% af allri sinni raforkuframleiðslu 2017 skilgreinda sem skítuga orku. Orku sem framleidd er með kolum, olíu, gasi og kjarnorku. Fyrir þessa fórn eru menn einungis að fá samkvæmt meðalverði á markaði um 148 milljónir króna. Það hlýtur að vekja spurningar um hvort þátttakan í



Sala á hreinleikavottorðum orkufyrirtækja samræmist alls ekki og vinnur gegn þeim áherslum sem bændur í garðyrkju og öðrum greinum hafa lagt á hreinleikaímynd Íslands.

þessum blekkingarleik sé virkilega þess virði.

Hrópandi þversagnir

Þá segir einnig í svari Landsvirkjunar til Bændablaðsins að öll sala Landsvirkjunar inn á heildsölumarkað sé vottuð sem endurnýjanleg með samevrópska upprunaábyrgðakerfinu fyrir árin 2016 og 2017. Þetta samstarf við sölufyrirtæki rafmagns var tilkynnt í maí 2017. Samt segir í gögnum Orkustofnunar að einungis 13% orkuframleiðslunnar eigi uppruna sinn í endurnýjanlegum orkugjöfum. Þetta virðist vart benda til annars en að samevrópska upprunaábyrgðakerfið sé hreinlega búið til sem peningamaskína í blekkingarskyni. Í rökum Landsvirkjunar um þetta atriði segir:

„Upprunaábyrgðir eru sjálfstæð söluvara, óháð afhendingu á raforkunni sjálfri. Tilgangur upprunaábyrgðakerfisins er að auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku í Evrópu með því að gera raforkukaupendum kost á að styðja sérstaklega við endurnýjanlega framleiðslu. Það skapar aukinn fjárhagslegan hvata til slíkrar framleiðslu.“

Erfitt er að sjá hvernig kaup kolaorkuvera í Evrópu á upprunaábyrgðum frá Íslandi til að segjast selja hreina orku, styður þessa skýringu. Hins vegar er augljóslega auðvelt að nota kaup á hreinleikavottorðum til að búa til falleg rök til að hækka orkuverð þó orkan sé áfram framleidd með kolum. Enda segir Landsvirkjun beinlínis að slík vottun geti opnað markaðstækifæri fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri markaðssetningu.

Viðskiptakerfið njörvað við innleiðingu upprunavottorða

Greinilega er búið að tryggja þetta viðskiptakerfi í bak og fyrir og samkvæmt svari Landsvirkjunar er eingöngu hægt að segjast nota 100% endurnýjanlega orku með því að flagga upprunaábyrgðum. Þannig er verið að festa það í sessi að orkukaupendur eins og garðyrkjan verði að hafa upprunavottorð til að geta sagst framleiða sitt grænmeti með hreinni orku. Um þetta segir í svari Landsvirkjunar:

„Ef ekki er stuðst við upprunaábyrgðir er raforkukaupanda eingöngu heimilt að vísa til meðalsamsetningar orkugjafa í Evrópu sem er að stærstum hluta jarðefnaeldsneyti og kjarnorka. Þetta endurspeglast í tölum Orkustofnunar.“

Með öðrum orðum, garðyrkjustöð eða önnur matvælaframleiðsla sem **ekki** hefur upprunavottorð frá orkufyrirtækjunum getur ekki sagt annað en að orkan sem það notar sé haugskítug. Þannig hafi raforkan sem notuð var í fyrra verið 87% skítug og að 58% hluta framleidd með jarðefnaeldsneyti og 29% hluta með kjarnorku.

Ímyndarlega mikilvægt

Einungis um 15% af raforkusölu Landsvirkjunar eru til heildsölunnar sem selur áfram til endanotenda (fyrirtækja og heimila). Landsvirkjun segir að slík vottun ***„auðveldi fyrirtækjum á Íslandi að uppfylla skilyrði fjölda alþjóðlegra umhverfismerkja og getur slík vottun opnað markaðstækifæri fyrir fyrirtæki í alþjóðlegri markaðssetningu á vörum og þjónustu.“*** – Skrítið, – þetta gátu fyrirtækin sjálf sem kaupa orkuna kinnroðalaust fullyrt með góðri samvisku á Íslandi og staðið við það, áður en viðskiptakerfi upprunaábyrgðanna var fundið upp.

Væntanlega hljóta menn að spyrja um leið hvort upprunavottorðin séu í raun ókeypis eða muni í framtíðinni verða falin inni í hærra orkuverði eða skilgreind sérstaklega á orkureikningum.

Neyðast til að láta upprunavottorð fylgja orkunni á Íslandi

Landsvirkjun segist frá árinu 2016 hafa látið upprunaábyrgðir fylgja með allri raforku í heildsölu.

„***Öll sala Landsvirkjunar inn á heildsölumarkað [15%] er vottuð sem endurnýjanleg með samevrópska upprunaábyrgðakerfinu fyrir árin 2016 og 2017. Þetta samstarf við sölufyrirtæki rafmagns var tilkynnt í maí 2017,“*** segir Landsvirkjun.

Það þýðir að öll raforka sem keypt er í heildsölu af Landsvirkjun er vottuð að komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum. Ekkert kemur hins vegar fram um hvort þetta hafi breytt raforkuverðinu til hækkunar nú þegar, eða muni gera það í framtíðinni.

Rétt er að benda á að upprunaábyrgðir voru ekki látnar fylgja til íslenskra orkukaupenda fyrr en eftir uppnám sem varð í kjölfar þess að Bændablaðið birti fyrst fréttir um þessi mál sumarið 2015. Þar lýsti þáverandi formaður Sambands garðyrkjubænda því þegar stilla átti garðyrkjubændum upp við vegg og neyða þá til að kaupa upprunavottorð fyrir ákveðna upphæð á kílóvattstund til að geta sagst nota hreina orku.

Stórnotendur ekki inni í myndinni

Álver og önnur stóriðjuver á Íslandi hafa ekki óskað þess að vera inni í samevrópska upprunaábyrgðakerfinu.

„Stórnotendur, sem kaupa um og yfir 80% af rafmagnsvinnslu Landsvirkjunar, hafa ekki óskað eftir slíku samstarfi, en við höfum lýst okkur reiðubúin til þess,“ segir í svari Landsvirkjunar til Bændablaðsins.

Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu hafa öll álverin á Íslandi flaggað því óspart að sú „hreina“ orka sem þau nota dragi úr loftmengun sem annars yrði ef álið væri framleitt með raforku frá kola-, olíu- eða gasorkuverum. Velta má fyrir sér hvort næsta skref Landsvirkjunar verði þá ekki að senda álverunum reikning fyrir hreinleikavottorð sem þau hafa ekki viljað kaupa til þessa.

Ráðherra segir sölu orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum vera slæmt ímyndarmál fyrir Ísland

– Ísland bundið af löggjöf Evrópusambandsins og sér ráðherra ekki hvernig við ættum á auðveldan hátt að geta farið út úr þessu

Bændablaðið óskaði eftir svörum frá Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfis- og auðlindaráðherra þann 24. ágúst um afstöðu hans til sölu íslenskra orkufyrirtækja á hreinleikavottorðum. Svar barst 16. október og þar segir:

„Þetta kann að virka vel í Evrópu þar sem raforka getur flætt frá einu landi til annars, og skapað hvata fyrir endurnýjanlega orku. Hérlendis orkar þetta hins vegar mjög svo tvímælis, enda alveg ljóst að við framleiðum t.d. ekki kjarnorku – og því kemur mjög spánskt fyrir sjónir að rafmagnsreikningurinn sýni eitthvað slíkt.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Hér á landi heyrir málið undir atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið sem lét vinna skýrslu árið 2016 um upprunaábyrgðir raforku í íslensku samhengi. Í henni er meðal annars bent á að sala upprunaábyrgða úr landi geti skaðað ímynd Íslands, þ.e. þá ímynd að orkuframleiðsla landsins sé hrein og endurnýjanleg (og þar með orkunotkun). Undir þetta tek ég.

Ég er sammála því sem kom fram þegar skýrslan var kynnt að ef markmið stjórnvalda er að tryggja ímynd Íslands og að framsetning á raforkusölu á Íslandi sé með þeim hætti að hér sé eingöngu framleidd og seld endurnýjanleg raforka, þá virðist sala orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum úr landi ekki samræmast því markmiði.“

Til að bókhaldið gangi upp þurfum við að bæta menguninni við okkar bókhald

– Er eðlilegt að íslensk orkufyrirtæki stuðli að rekstri erlendra orkuvera sem ýmist eru kynnt með jarðefnaeldsneyti eða kjarnorku og gefi þeim hreinleikastimpil með því að selja þeim vottorð með ávísun í íslenska orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum?

„Íslenskir orkuframleiðendur geta selt upprunaábyrgðir til orkusölufyrirtækja í Evrópu. Þær upprunaábyrgðir raforku sem seldar eru erlendis þarf að draga frá hér á landi til að tryggja að þær séu ekki taldar fram tvisvar. Til að bókhaldið gangi upp þurfum við síðan að bæta kjarnorku, gasi og öðru slíku erlendis frá við bókhaldið hjá okkur.

Þetta er gert til að koma í veg fyrir tvítalningu en fyrir vikið gerist það einkennilega að kjarnorka, sem dæmi, verður hluti af framsetningu á uppruna raforku á Íslandi. Líkt og Bændablaðið benti á í umfjöllun sinni í sumar var 87% af raforku á Íslandi sögð framleidd með kjarnorku, kolum, olíu og gasi árið 2017. Þetta er augljóslega afar sérkennilegt.

Vert er að hafa í huga að þótt íslenska ríkinu sé skylt samkvæmt EES-samningnum að gefa raforkusölum hérlendis kost á að fá útgefnar upprunaábyrgðir og taka þátt í viðskiptum með þær, þá er þátttaka orkufyrirtækja og orkunotenda í kerfi með upprunaábyrgðir hins vegar valfrjáls. Orkufyrirtækjum er með öðrum orðum hvorki skylt að sækja um upprunaábyrgðir vegna framleiðslu sinnar né að taka þátt í viðskiptum með upprunaábyrgðir.

Óeðlilegt að Íslendingar taki á sig ómælda mengun á pappírunum

– Er eðlilegt að Íslendingar taki á sig ómælda mengun á pappírunum vegna sölu hreinleikavottorða, á sama tíma og íslensk stjórnvöld hafa það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

„Það þykir mér ekki. – Rétt er þó að undirstrika að þetta breytir engu um okkar alþjóðlegu skuldbindingar í loftslagsmálum, hvorki hvað varðar hlutfall endurnýjanlegrar orku né loftslagsbókhald, enda byggir bókhald okkar þar á raunframleiðslu íslenskrar raforku. Sala hérlendra orkufyrirtækja á upprunaábyrgðum þýðir þannig til dæmis ekki að Ísland fái bókfærða losun frá kolaorkuverum í Evrópu.

Þetta tengist alþjóðlegum skuldbindingum okkar í loftslagsmálum m.ö.o. ekkert en er á hinn bóginn til dæmis ímyndarmál. Og sem slíkt tel ég það slæmt.“

Bundin af löggjöf Evrópusambandsins

– Hyggst ráðherra beita sér fyrir breytingu á þessu fyrirkomulagi, eða afnámi heimilda til sölu á slíkum hreinleikavottorðum?

„Reglur um upprunaábyrgðir voru innleiddar hér á landi með lögum nr. 30/2008 um upprunaábyrgð á raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl. Þau heyra undir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Ísland er síðan bundið af löggjöf Evrópusambandsins um upprunaábyrgðir vegna aðildar sinnar að Samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Ég sé ekki hvernig við ættum á auðveldan hátt að fara út úr þessu en bendi aftur á framangreint svar um að orkufyrirtækin þurfa ekki að taka þátt í þessu. Þeirra er valið. Enn fremur er mikilvægt að í eigendastefnu þeirra orkufyrirtækja sem eru í eigu hins opinbera verði lögð áhersla á að standa vörð um þá ímynd að á hér á landi sé eingöngu framleidd og seld endurnýjanleg orka,“ segir Guðmundar Ingi Guðbrandsson í svari sínu. */HKr.*



FÉLAGS- & MARKAÐSMÁL


„Hin gömlu kynni gleymast ei“

– Vettvangur fyrir fyrrum virka bændur í félagsmálum

„Hin gömlu kynni gleymast ei“ er yfirskrift samveru sem efnt verður til hjá Lamb Inn, ferðaþjónustu á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit dagana 16. til 18. nóvember næstkomandi. Tilgangurinn er að skapa vettvang fyrir þá sem voru virkir í félagsmálum bænda, afurðastöðva og stofnana landbúnaðarins á árunum 1980 til 2010 og gefa þeim sem áður stóðu í framlínunni færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

„Það er tvennt sem fyrst og fremst vakir fyrir okkur með þessari samkomu,“ segir Jóhannes Geir Sigurgeirsson hjá ferðaþjónustunni á Öngulsstöðum,

„í fyrsta lagi að gefa fólki sem var virkt á þessum vettvangi áður tækifæri til að hittast og í öðru lagi að búa til vettvang þar sem þeim gefst kostur á að viðra hugmyndir sínar og sjónarmið hvað varðar stöðu landbúnaðarins um þessar mundir.“



Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Ramminn er rúmur

Jóhannes Geir segir að öllu því sem fram komi á fundinum muni verða haldið til haga og komið á framfæri við Bændasamtök Íslands. Hann segir þann ramma sem settur er um þátttakendur, þ.e. að þeir hafi verið virkir í félagsmálum bænda og afurðastöðva yfir 30 ára tímabil, frá 1980 til 2010, nokkuð rúman og hann verði að auki túlkaður vítt.

„Það eru æði margir sem hafa setið í stjórnum og ráðum, allt frá búnaðarfélögum til landssamtaka og ef út í það er farið þá er það líka virkni að hafa tekið þátt og látið að sér kveða á fundum sem tengjast landbúnaði,“ segir hann. Hann nefndi einnig að þeir sem starfað hafi í fyrirtækjum, stofnunum og skólum landbúnaðarins væru einnig aufúsagestir.

> *„Hin gömlu kynni gleymast ei“ er yfirskrift samveru sem efnt verður til hjá Lamb Inn, ferðaþjónustu á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit dagana 16. til 18. nóvember næstkomandi. Tilgangurinn er að skapa vettvang fyrir þá sem voru virkir í félagsmálum bænda, afurðastöðva og stofnana landbúnaðarins á árunum 1980 til 2010 og gefa þeim sem áður stóðu í framlínunni færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.*

Fundurinn á Lamb Inn hefst eftir hádegi föstudaginn 16. nóvember næstkomandi og að lokinni dagskrárkynningu verður haldið í heimsóknir til bænda í Eyjafjarðarsveit. Um kvöldið verður boðið upp á hefðbundið jólahlaðborð hjá Lamb Inn þar sem gamli góði andi fyrri ára svífur yfir vötnum.

Fróðlegar framsögur

Fundur um málefni landbúnaðarins verður á laugardeginum. Framsögu hafa þau Baldur Helgi Benjamínsson búfjárerfðafræðingur, sem fjallar um búfjárrækt árið 2050, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, fagstjóri búfjárræktar hjá RML og fulltrúi í háskólaráði Lbhí, erindi hennar nefnist „Enginn er eyland“ – hugleiðingar um gildi menntunar í landbúnaði. Finnbogi Magnússon, stjórnarformaður Landbúnaðarklasanna, flytur erindi þar sem hann fjallar um stöðu og tækifæri í íslenskum landbúnaði.

Að framsögum loknum gefst fundargestum færi á að koma sjónarmiðum sínum um stöðu og horfur í landbúnaði á framfæri. „Það er einnig von okkar að Bændablaðið sjái sér hag í að fylgjast með fundinum,“ segir hann.

Síðdegis er móttaka hjá afurðastöðvum á svæðinu þar sem forsvarsmenn taka á móti hópnum og fara yfir stöðu mála.

Dagskrá lýkur á sunnudegi, 18. nóvember, með því að fundarlóðsinn, Daði Már Kristófersson, prófessor við HÍ, dregur saman það helsta sem fram kom í fundarhöldum helgarinnar. „Þá verður í lokin kannað hvort vilji er til að stofna ,,Öldungaráð landbúnaðarins“ sem væri þá formlegur vettvangur fyrir gamla jaxla, af báðum kynjum, til þess að viðra skoðanir sínar og eftir atvikum hafa áhrif með því að koma þeim á framfæri: Hvað ungur nemur gamall temur“ segir Jóhannes.

Gist verður á Lamb Inn Öngulsstöðum og heimagistingu í nágrenninu ef á þarf að halda. Allar frekari upplýsingar um fyrirkomulag og verð er hægt að finna á www.lambinn.is.





Frá vinstri: Framleiðslustjórinn Marteinn Sigurðsson kjötiðnaðarmeistari og Róbert Hannesson sölustjóri.

Sérverkað lambakjöt fyrir kokkana í Hörpu

Kokkarnir í Hörpu með Bjarna Gunnar Kristinsson í fararbroddi vilja auka virði lambakjötsins sem kröfuharðir gestir þeirra fá á sinn disk. Með það að markmiði hafa kokkarnir hafið samstarf við Kjötsmiðjuna um sérverkun á lambahryggjum með fulla meyrnun að markmiði.

Kjötiðnaðarmenn Kjötsmiðjunnar fá lambið ferskt í heilum skrokkum í sláturtíðinni og taka hryggina frá fyrir Hörpu, láta standa á grind í kæli í eina viku, að því loknu eru hryggirnir úrbeinaðir og hryggvöðvanum pakkað. Hryggvöðvarnir fá síðan aðra viku í meyrnun áður en kokkarnir í Hörpu taka við vörunni og nýta ferska í sláturtíðinni auk þess sem hluti er frystur til síðari nota.

Í samstarfi við Hörpu frá byrjun

Sigurður Gunnarsson er framkvæmdastjóri Kjötsmiðjunnar.

„Kjötsmiðjan hefur átt í samstarfi við Hörpu frá byrjun, þar sem vörur hafa verið þróaðar í samstarfi við veitingamenn þar. Núna erum við að sérvinna lambahryggi eftir forskrift Bjarna Gunnars Kristinssonar, matreiðslumeistara í Hörpu.

Kjötsmiðjan var stofnuð árið 1990 og var fyrst til húsa að Smiðjuvegi 24 í Kópavogi, en þar ráku þeir feðgar Gunnar Snorrason og Sigurður Gunnarsson kjötvinnsluna Kjöt og álegg í tengslum við Kjörbúðina í Hólagarði. Árið 1996 var starfsemin flutt að Fosshálsi 27 í Reykjavík, þar sem kjötvinnslan er starfrækt í dag.

Eins og í byrjun eru viðskiptavinir aðallega veitingahús og hótel, einnig rekur fyrirtækið verslun með framleiðsluvörur sínar á sama stað.

Kjötsmiðjan sérhæfir sig í að þjónusta veitingahús og hótel þar sem áhersla er lögð á gæði og góða þjónustu.

Finnum stóran mun á því að vinna með fullmeyrnað lambakjöt

Bjarni Gunnar Kristinsson, matreiðslumeistari í Hörpu, segir:

„Við vorum að fá fyrsta skammt úr haustslátrun 2018, sem við notum í veislur og á Kolabrautinni, og finnum stóran mun á því að vinna með fullmeyrnað lambakjöt. Það er einfaldlega ekki hægt að líkja þessu kjöti við annað lambakjöt, því áferðin er allt önnur við steikingu, með stökkri fitu og safaríkara. Margir líkja þessu lambi við villibráð eins og þekkist með hreindýr sem eru oft ótrúlega mjúk undir tönn.



Starfsmenn Kjötsmiðjunnar við kjötskurð.



Kjötiðnaðarmenn Kjötsmiðjunnar fá lambið ferskt í heilum skrokkum í sláturtíðinni og taka hryggina frá fyrir Hörpu, láta standa á grind í kæli í eina viku, að því loknu eru hryggirnir úrbeinaðir og hryggvöðvanum pakkað. Hryggvöðvarnir fá síðan aðra viku í meyrnun áður en kokkarnir í Hörpu taka við vörunni.

Þessi aðferð byrjaði á mínum tíma í Kokkalandsliðinu og tilraunum á Hótel Sögu þegar ég starfaði þar. Að mínu viti eru lambahryggirnir fullkomnir í þessa verkun vegna einangrunar sem kemur af fitunni og er þá lágmarks rýrnun úr vöðvunum við sjálfa eldunina.

Vissulega verður ákveðin rýrnun við sjálfa verkunina og uppgufun en ég tel það vera réttlætanlega rýrnun þegar gæðin margfaldast á móti.

Oft eru kokkar pirraðir að hella dýrmætum kjötsafa úr vacumpokum og ofnbökkum við eldun á kjöti sem hefur ekki fengið fulla meyrnun fyrir frystingu. Það réttlætir hærra verð fyrir betri vöru sem er tilbúin og fullmeyrnuð og hefur aukið virði fyrir mína kröfuhörðu gesti,“ segir Bjarni.

SÖGUR & SAGNIR ÚR SVEITINNI

Móðurást kisu

Bærinn í Svínárnesi við Eyjafjörð brann árið 1894. Fólkið bjargaðist með naumindum, en lítið eða ekkert náðist af innanhússmunum.

Þegar slysið vildi til lá köttur á þremur kettlingum þar í bænum, en í fátinu sem var á öllum, mundi enginn eftir vesalings kisu fyrr en bærinn var orðinn svo brunninn að enginn kostur var að bjarga henni og kettlingunum. En þegar minnst varði kemur kisa út úr eldinum með kettling í kjaftinum og leggur hann á afvikinn stað. Vildi nú einhver sem viðstaddur var hafa hönd á kisu er hún sýndi sig líklega til þess að leggja aftur inn í logann, en það heppnaðist ekki, kisa slapp úr greipum honum og þaut inn í eldinn.


Eftir örstutta stund kom hún út aftur með annan kettling og var þá orðin talsvert brunnin. Vildu menn fyrir hvern mun ná henni, en það kom fyrir ekki. Hún bar sig mjög aumlega og þaut mjálmandi inn í bálið. Allir spáðu henni bana, og átti sú spá sér ekki langan aldur, því að vörmu spori féllu bæjarhúsin og lét vesalings kisa þar líf sitt við hina þriðju tilraun til að bjarga afkvæmi sínu.

Kisu er oft borið á brýn að hún sé kaldlynd og óræktarleg, en þessi litla frásögn bendir til alls annars. Og þó að móðurást hennar sé sleppt, þá hygg ég að upplag hennar, og dýranna yfirhöfuð, komi mjög í ljós eftir því hvernig við þau er búið.

/Úr bókinni Forustu Flekkur.







YLEININGAR

ERU LÉTTAR STÁL-KLÆDDAR SAMLOKU-EININGAR SEM FÁST MEÐ ÞÉTTIFRAUÐS- EÐA STEINULLARKJARNA.

Einingarnar eru sterkar og burðar-miklar og fást með mismunandi yfirborði og litum að eigin vali. Helstu kostir þess að nota samlokueiningar er auðveld og fljót uppsetning, auðveld þrif, mikil burðargeta, mikið einangrunargildi og er ódýr kostur ef miðað er við hefðbundnar lausnir.

Yleiningar henta vel fyrir eldri gripahús þar sem skipta þarf út þak- og eða veggjaklæðningum.

BALEX yleiningar eru framleiddar undir ströngu eftirliti samkvæmt viðurkenndum evrópskum stöðlum.

Hafðu samband: *bondi@byko.is*

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Bændablaðið *Smáauglýsingar 56-30-300*
Næsta blað kemur út 1. nóvember

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230


HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN
2017 Framúrskarandi fyrirtæki

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

LÍF & STARF



Sigurgeir Ólafsson í aðstöðu sinni á Keldnaholti, að fjölga græðlingum. Myndir / smh

Stofnræktandi íslenskra kartöfluyrkja ætlar að setjast í helgan stein á næsta ári:

Markmiðið að rækta arfhreint og heilbrigt útsæði

– segir Sigurgeir Ólafsson sem hefur séð um ræktunina fyrir kartöflubændur í rúm 40 ár

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Frá 1976 hefur Sigurgeir Ólafsson plöntusjúkdómafræðingur haft umsjón með stofnræktun kartöfluútsæðis fyrir kartöflubændur á Íslandi. Nú styttist í að Sigurgeir sleppi tökunum á þessu mikilvæga starfi, en hann hefur síðustu árin sinnt stofnræktuninni þó hann hafi fyrir nokkru látið af föstum störfum hjá Matvælastofnun. Hann segir mikilvægt að vel sé áfram haldið utan um stofnræktunina.

Að sögn Sigurgeirs er kartaflan sérstök að því leyti að útsæði eru vatnsauðug og næringarrík stöngulhnýði en ekki þurr fræ eins og hjá öðrum nytjajurtum. Því sé greið leið fyrir smitefni í gegnum útsæðið í ræktun kartaflna ef ekki er ástunduð sérstök smitfrí stofnræktun á útsæði. Kartöflubændur þurfa því að endurnýja reglulega sitt útsæði. Flestum öðrum nytjajurtum er hægt að fjölga með fræsöfnun og þurrkun – sem lágmarkar líkur á slíku smiti.

Arfhreint og heilbrigt útsæði til sáningar

„Tilgangur stofnræktunarinnar er tvíþættur; að viðhalda arfgerð og heilbrigði. Ef sama útsæðið er notað ár eftir ár án endurnýjunar er hætt við að tíðni vissra sjúkdóma aukist þar til ræktun verður vart arðbær. Hægt er að flytja inn stofnútsæði erlendis frá en ekki af Gullauga, Helgu og Rauðum íslenskum. Einnig er hæpið að hægt sé að stofnrækta þessi yrki erlendis vegna þess að þau eru svo viðkvæm fyrir kartöflumyglu og svokallaðri Y-veiru og álag þessara sjúkdóma þar margfalt á við það sem er hér á landi. Því má segja að innlend stofnræktun sé forsenda fyrir ræktun þessara yrkja til frambúðar hér á landi. Skilyrði fyrir kartöflumyglu eru mjög góð á Hornafirði en þar hefur mygla ekki komið í minnst 60 ár. Skýringin er sú að þar hafa menn sammælst um að setja ekki niður innflutt útsæði. Þegar mygla hefur geisað á Suðurlandi hefur hún ekki náð austur á Hornafjörð. Ein ástæða þess að erlenda yrkið Premiere er haft með í stofnrækt hér er til að gefa Hornfirðingum og öðrum kost á ræktun þessa yrkis án þess að setja niður innflutt útsæði," segir Sigurgeir um mikilvægi stofnræktarstarfsins.

Stofnræktun á kartöfluútsæði hófst árið 1948 á Íslandi, þegar Grænmetisverslun ríkisins og Tilraunaráð jarðræktar gerðu með sér samning um framkvæmd og eftirlit með stofnræktinni. Sigurgeir lauk doktorsprófi árið 1976 með plöntusjúkdóma sem aðalgrein og plöntulífeðlisfræði og meindýr á plöntum sem aukagrein.

„Þá var ein sérfræðingsstaða á Íslandi í plöntuheilbrigði við Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) og var Ingólfur Davíðsson grasafræðingur sá fyrsti sem gegndi henni og var þá kominn á eftirlaun. Á þeim tíma var mikið rætt um vandamál í kartöflurækt vegna sköddunar í vélum og vegna nýs sjúkdóms, Phoma þurrrotnun, sem nýlega var farinn að valda miklu tjóni á Íslandi sem og í nálægum löndum. Aðalritgerð mín í plöntusjúkdómum fjallaði um þennan sjúkdóm sem og fyrsta grein mín heima einnig, í Frey 1975. Ég tók við þessari sérfræðingsstöðu á RALA og var þegar settur í að leiða samstarfshóp um kartöflurannsóknir. Verksvið mitt var hins vegar sjúkdómar og meindýr á plöntum almennt og varnir gegn þeim. Mitt hlutverk var líka að hafa eftirlit með innflutningi og útflutningi á plöntum og heilbrigðiseftirlit með stofnræktun kartöfluútsæðis sem var á vegum Grænmetisverslunar landbúnaðarins."

Mörg vandamál voru í kartöfluræktuninni

„Í grasrækt var vandamálið annars vegar kal í túnum – sem Bjarni Guðleifsson á Möðruvöllum sinnti mjög vel – og hins vegar grasmaðkur sem Geir Gígja skordýrafræðingur hafði rannsakað ítarlega og birt í sérstöku riti. Ekki voru á þeim tíma sérstök vandamál í kornrækt. Mínar áherslur hlutu því að beinast að kartöfluvandamálum og annarri útimatjurtaræktun sem og í ylrækt," segir Sigurgeir þegar hann er spurður um aðkomu hans að kartöflunum.

„Í kartöfluræktuninni mátti finna á annan tug sjúkdóma ásamt kartöfluhnúðormi og margir þessara skaðvalda eru útsæðisbornir. Heilbrigt útsæði er því lykilatriði. Í gömlu stofnræktinni fólst endurnýjun í því að flytja inn nýtt útsæði erlendis frá, einkum frá Noregi og Hollandi. Þannig fengum við inn nýja sjúkdóma."

Bjó til nýja stofna af gömlu yrkjunum

Sigurgeir segir að hann hafi komist að raun um það fyrir 40 árum, þegar hann fór að skoða stöðu mála, að gömlu yrkin; Gullauga, Helga og Rauðar íslenskar, væru alsmituð með veirum, X og S. „Ég hóf þá tilraun til að búa til veirufría stofna með vefjaræktunartækni sem tókst það vel að þessir stofnar eru notaðir enn í dag og eru enn veirufríir.




Í árdaga sinna starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins tók Sigurgeir upp á því að rækta eigin ránmaura til að takast á við spunamaura sem gerðu gúrkubændum meðal annars lífið leitt. Þannig losnuðu garðyrkjubændur við að þurfa að úða eitri gegn þessum vágesti, en þá var ekki heimilt að flytja þessa ránmaura inn í landið.

Þetta var í fyrsta skiptið sem plöntulíftækni var beitt hér á landi. Það má segja að ég hafi haldið utan um þessa stofna og stofnræktina síðan. Ég tók einfaldlega við nánast öllum kartöfluverkefnum á RALA, meðal annars afbrigðaprófunum og varð helsti kartöflusérfræðingur landsins. Sem dæmi get ég nefnt að af 114 greinum sem ég hef skrifað á ferlinum fjalla um 70 um kartöflur á einn eða annan hátt."



Smáhnýði úr gróðurhúsi.



Vefjaræktaðar plöntur.

Gamlar íslenskar fram yfir nýjar innfluttar

Sigurgeir er einlægur aðdáandi kartöflunnar; bæði sem vísindalegt viðfangsefni en einnig sem matvöru. „Ég bara verð að hafa hana með öllum mat. Í mörgum löndum þar sem ræktuð eru mörg yrki er oft litið á sum þeirra sem fágæti eða „delicatessen“, sem notuð eru við sérstök tilefni. Nefna má Möndlu og Gullauga í Skandinavíu, Asparges í Danmörku og Ratte í Frakklandi sem dæmi. Menn gera sér sjálfsagt ekki grein fyrir því að hér geta menn farið í næstu matvörubúð og keypt slíkt fágæti í þessum íslensku yrkjum.

Á vorin og fram á sumar tek ég hiklaust gamlar íslenskar fram yfir nýjar, innfluttar, útlitsfallegar en oft vatnskenndar kartöflur og læt útlitið ekki blekkja mig því oft er flagð undir fögru skinni. Ég legg að jöfnu Gullauga, Helgu og Rauðar íslenskar,“ segir Sigurgeir.

Átta hundruð plöntur verða að 100 tonnum

„Við upptöku á haustin í Eyjafirði eru valin nokkur móðurhnýði af hverju yrki; Gullauga, Helgu, Premiere og Rauðum íslenskum. Valið er eftir lit, lögun og þrótti plöntunnar. Þetta úrval er geymt í kæli fram yfir næstu áramót. Samtímis eru klónar af úrvali fyrri ára geymdir sem plöntur í vefjaræktun í ræktunarklefa,“ segir Sigurgeir spurður um hvernig starf hans gangi fyrir sig frá hausti til hausts.

Eftir áramót eru móðurhnýðin látin spíra og vaxtarbroddar teknir úr spírum og fengnar fram vefjaræktaðar plöntur. Annað hvert ár er gert veirupróf á öllum móðurplöntum til að tryggja að þær séu enn lausar við X- og S-veiru. Vefjaræktuðum plöntum er síðan fjölgað með græðlingum í ræktunarklefa þar til um 800 plöntur eru tilbúnar til pottunar í gróðurhúsi 7.–15. maí. Miðað er við að ræktun í gróðurhúsi sé lokið 1. ágúst og grös visnuð áður en nokkur hætta er á að smit kartöflumyglu fari að berast í lofti. Uppskeran úr gróðurhúsinu, smáhnýðin, eru síðan sett niður í Eyjafirði næsta sumar.

Útiræktunin í Eyjafirði var lengi á Möðruvöllum í Hörgárdal en var flutt vorið 2018 að Fífilgerði í Eyjafjarðarsveit. Ástæða þess að útiræktunin er höfð í Eyjafirði er sú að þar er minni hætta á kartöflumyglu en á Suðurlandi. Í maímánuði eru smáhnýðin úr gróðurhúsinu frá fyrra ári sett niður í garð í Eyjafirði og uppskeran sem fæst sett niður aftur þarnæsta ár. Sett er niður með höndum í hryggi og tekið upp með höndum. Tveggja ára útiræktun skilar á bilinu tveimur til þremur tonnum að jafnaði og fara þær kartöflur til þriggja stofnræktarbænda; að Eyrarlandi og Fífilgerði í Eyjafjarðarsveit og að Dilksnesi í Hornafirði. Stofnræktarbændurnir fjölga útsæðinu í tvö sumur og selja afraksturinn til þeirra sem rækta matarkartöflur.

Eftir fjögur ár í útiræktun hafa plönturnar 800 úr gróðurhúsinu þannig skilað tæpum 100 tonnum til þeirra sem rækta matarkartöflur; um 60 tonnum af Gullauga, 20 tonnum af Rauðum íslenskum, 10 tonnum af Premiere og 2 tonnum af Helgu,“ segir Sigurgeir og bætir við að uppskeran úr stofnræktun hans hafi alltaf selst upp.

Framleiðslumagni úr stofnræktun viljandi haldið niðri

Að sögn Sigurgeirs er magni stofnútsæðis haldið innan þeirra marka sem eftirspurn er frá ræktendum matarkartaflna. „Ef umframmagn verður er hætt við að því magni verði að farga. Ekki er æskilegt að stofnræktendur fari í samkeppni við kaupendur sína með því að setja umframmagn á almennan markað sem útsæði eða matarkartöflur.


Fram að þessu hefur eftirspurn verið góð og allt selst sem er ánægjulegt því það er vísbending um að kaupendur sjái sér hag í að kaupa stofnútsæðið. Oft hefur verið rætt um hvort ekki sé hægt að rækta hér útsæði til útflutnings. Það er ekki einfalt. Skilyrði fyrir útflutningi til Evrópusambandslanda er að hér séu aðgerðir til útrýmingar á hringroti sem er mjög dýrt dæmi.“



Sigurgeir við upptöku í Fífilgerði 2018.

Sem fyrr segir líður brátt að starfslokum Sigurgeirs í þjónustu gömlu íslensku kartöfluyrkjanna og kartöflubænda. Hann hefur tilkynnt Sambandi garðyrkjubænda um þá ákvörðun sína að hann hyggist hætta á næsta ári. „Nú þegar styttist í að ég skili þessu verkefni af mér vil ég síður hafa mótandi áhrif á hvernig þessu verður háttað í framtíðinni. Það tel ég að aðrir eigi að gera. Ég hef unnið við þetta síðustu 40–50 ár, mótað reglugerð um kartöfluútsæði og annast alla framkvæmd – ef til vill með nokkurri sérvisku. Ég hef sem dæmi tekið allt upp með höndunum til að skaða kartöflurnar sem minnst. Nú vil ég að hlutaðeigandi aðilar noti komandi vetur til að ræða framhaldið og komist vonandi að niðurstöðu um framtíð stofnræktar,“ segir Sigurgeir. /*smh*

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Slow Food-hátíðin Terra Madre Salone del Gusto haldin í 12. sinn í Tórínó:

Jákvæðar umhverfisbreytingar með breyttum matarvenjum

– Gísli Matthías stýrði tveimur vel heppnuðum viðburðum

Matarhátíðin Terra Madre Salone del Gusto er haldin annað hvert ár í Tórínó á Ítalíu á vegum Slow Food og var haldin í 12. sinn á dögunum. Hátíðin bar að þessu sinni yfirskriftina Breytum matarvenjum (Food for Change). Í henni felst að hver og einn neytandi getur með litlu framlagi sínu lagt jarðarbúum lið til að breyta ástandi jarðarinnar til hins betra – með breytingum á eigin neysluvenjunum.

Jafnan fer hópur Íslendinga til þátttöku á hátíðinni og svo var einnig í þetta sinn. Íslendingarnir voru í félagi við nágrannaþjóðir sínar á Norðurlöndum; Danmörku, Færeyjum, Finnlandi, Grænlandi, Noregi, Svíþjóð og Álandseyjum og tóku þátt sameiginlega í nokkrum viðburðum með þeim. Kemur samstarfið í kjölfar Terra Madre Nordic sem haldin var í Kaupmannahöfn í fyrsta skiptið síðastliðið vor.



Uppselt var á smakksmiðju Gísla Matthíasar Auðunssonar. Myndir / Dominique



Saltaður þorskur, túnsúra, skessujurt og þang úr smiðju Gísla Matthíasar.

Gísli Matthías með smakksmiðju og kvöldverðarstefnumót

Gísli Matthías Auðunsson, matreiðslumaður og eigandi veitingastaðarins Slippsins í Vestmannaeyjum og Skál á Hlemmi Mathöll, var meðal þátttakenda fyrir Íslands hönd. Hann stóð fyrir smakksmiðjunni (Taste Workshop) Bragð af Íslandi: óvélvæddar veiðar og matreiðslumenning og einnig kvöldverðarstefnumóti í matarmusterinu Eataly í Tórínó. Þar kynnti hann gestum hátíðarinnar fyrir íslensku hráefni og mat; meðal annars túnsúru, skessujurt, þangi og söltuðum þorski. Fullbókað var snemma á báða viðburði.

Þessi matarhátíð er ein sú stærsta sinnar tegundar. Hugsjónir Slow Food eru hafðar í heiðri á þessum hátíðum sem eru í grundvallaratriðum þær að matur ætti að vera góður, án óæskilegra efna og framleiddur á sanngjarnan hátt fyrir alla í virðiskeðjunni (good, clean and fair). Vönduðum matvælum smáframleiðenda og bænda er sumsé hampað á ótal vegu; á mörkuðum, veitingastöðum og smakksmiðjum – auk þess sem málstofur margs konar eru fyrirferðarmiklar.

Milliliðalaust milli framleiðanda og neytanda

Dominique Plédel Jónsson, formaður Slow Food Reykjavík, var gestur hátíðarinnar og segir að margt hafi verið athyglisvert að finna á hátíðinni annað en matinn sjálfan. Málstofurnar á hátíðinni eru fjölmargar og þar fara fram gagnmerkar umræður um landbúnað og matvælaframleiðslu. „Heil málstofa fjallaði til að mynda um það viðfangsefni að stytta viðskiptaferlið frá frumframleiðanda til neytanda (Shorten the Food chain). Þar var mikið talað um REKO-markaði eða sams konar fyrirbæri sem fram kom á málstofunni að eru farnir að skjóta rótum til að mynda í Finnlandi, Svíþjóð, Austurríki, Belgíu, Ítalíu og í Rússlandi. REKO-markaðir eru einnig hér á Íslandi á Facebook, þar sem neytendum gefst kostur á að eiga í milliliðalausum viðskiptum við bændur og smáframleiðendur. Það var því mjög merkilegt að heyra frá fólki í öðrum löndum hvernig slíkt fyrirkomulag gengur fyrir sig þar. Þar var greinilegt að í öllum vestrænum heimi og jafnvel víðar, er vilji hjá neytendum að endurheimta náin tengsl við þá sem framleiða matvæli, svo og við frumframleiðendur. Þetta er eðlileg þróun í samfélagi þar sem neytendur einangrast, þar sem áreiti frá matvælaiðnaðinum er gríðarlega mikil, tengsl við sjálf matvælin eru rofin því þau eru í ópersónulegum plastpakkningum í stórmörkuðum á valdi þess sem menn eru farnir að kalla „big food“, iðnaðarrisanna í matvælaframleiðslu. Eins og var orðað, „það vita allir hvað verð á matvælum er en enginn veit lengur hvers virði það er“, og REKO-markaður og álíka eru ein leið til að endurheimta gildi matvæla. REKO-markaðir hafa einnig leitt til nýsköpunar þegar bændur sjálfir koma saman.“

Virðisaukinn við vistvænan landbúnað

Á málstofu um landbúnaðarvistfræði (agroecology) var að sögn Dominique flutt mjög áhrifamikið erindi um virðisaukann sem bændur hafa af því að rækta vistvænt eða öllu heldur lífrænt. „Þar var á ferð Frakki sem starfar hjá Fermes d'Avenir, sem eru frjáls félagasamtök sem starfa með bændum að útbreiðslu landbúnaðarvisthyggju í gegnum kennslu, fjármögnun og nýsköpun. Hjá honum kom fram að við höfum 30 ár til að breyta heiminum og fæðuframleiðslukerfum okkar áður en allt fer á versta veg vistfræðilega. Hann benti meðal annars á að neytendur borga fyrir þann kostnað sem er innifalinn í svokölluðum iðnaðarlandbúnaði, sem er skaðsemi vegna eiturefna, umhverfisspjalla og fleiri atriða. En fyrir vistvænar og lífrænar landbúnaðarvörur, sem eru afurðir vistvænna eða lífrænna búskaparhátta, borga neytendur sjálfviljugir hærra verð til að fá meiri gæði. Það var einstaklega hvetjandi og sannfærandi að heyra þetta frá þessum manni, því hann var sjálfur kominn með reynslu af því að fá meira fyrir sínar afurðir vegna sinna vistvænu aðferða (permaculture).“

Mikilvægum landbúnaðarsvæðum gefinn gaumur

Dominique ræddi við margt fólk frá FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna) um tiltölulega nýtt verkefni sem er kallað GIAHS, eða Globally Important Agricultural Heritage Systems. „Það er líklega eitt stórkostlegasta dæmi sem ég hef séð lengi. Þar er verið að skoða heildstætt gildi tiltekinna landbúnaðarsvæða, þar sem meðal annars hægt er að samræma landslag, landbúnað eða/og fiskveiðar, heildrænt umhverfi sem er arfleifð fyrri tíma en þar sem landslagið og manneskja sem hluti af vistkerfinu hafa öðlast sérstakt gildi.

Þekktasta slíka dæmið er kannski hrísgrjónaekrur í ákveðnum héruðum í Kína, þar sem plönturnar, fiskar og endur lifa í sameiginlegu vistkerfi án aukaefna og utanaðkomandi áburðar. Nefna má einnig þúsunda ára vatnsveitukerfi í Íran, Chiloe-eyju í Suður-Chile, saltvinnslu á Spáni og fleira. Þetta er eitthvað sem mann langar virkilega að sjá hvort ekki væri hægt að innleiða á Íslandi, sérstakt landslag bundið við landbúnaðinn – mér dettur til dæmis Breiðafjarðareyjarnar í hug. Ég var heilluð upp úr skónum, sérstaklega þegar ég sá að ég þekkti mörg af þessum svæðum.“

Samstarf bænda og stórra dreifingaraðila

„Þá var líka áhugavert að sjá á málstofu, sem hét Smáframleiðendur - stórir dreifingaraðilar (Small Producers big distribution), að ýmis dæmi eru nú um að mjög stórir dreifingaraðilar í Evrópu eru í auknum mæli komnir í samstarf við smáframleiðendur og bændur. Það voru til dæmis tekin nokkur vel heppnuð dæmi um samstarf COOP við framleiðendur og bændur í Sviss og Ítalíu. Það sýnir að þetta er líka hægt hér og getur gagnast báðum aðilum – án þess að þetta verði að einhvers konar meginreglu.

Þau sem sóttu sýninguna héðan frá Íslandi skiptu líka á milli sín þátttöku í málstofum sem voru oft á sama tíma, svo og smakksmiðjum. Þannig að einn eða fleiri tóku þátt í málstofum um forystuhlutverk kvenna í landbúnaði og fiskveiðar, um sýklalyfjaónæmi, um framtíð lífrænna búskaparhátta, um dýravelferð, um landbúnaðarstefnu ESB, um Slow Travel svo og í smakksmiðjum með bjór og pörun osta og mismunandi drykki. Þannig að það er óhætt að segja að upplýsingaflæðið hafi verið jafnmikið á Terra Madre í Tórínó og framboðið var frá smáframleiðendum alls staðar að í heiminum,“ segir Dominique. */smh*

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018



Það var ekki síður unga fólkið sem var áhugasamt um allar þessar stóru dráttarvélar á bás Kraftvéla. Hér er verið að máta sig við Case IH, en saga þessara dráttarvéla nær allt til ársins 1831 þegar frumherjar í framleiðslu landbúnaðarvéla komu hugmyndum sínum og uppfinningum í framleiðslu.



Þeir voru kampakátir þessir kappar hjá Kraftvélum með sýninguna Íslenskur landbúnaður 2018 í Laugardalshöllinni um síðustu helgi. Aðsókn hafi verið frábær og tímasetning sýningarinnar mjög góð. Töldu þeir einsýnt að halda yrði slíka sýningu í Reykjavík oftar en á 50 ára fresti. Samkvæmt þeirra hávísindalegu útreikningum væri trúlega heppilegast að vera með hana á þriggja ára fresti. Þá yrði næsta sýning haldin í október 2021 sem væri frábær tímasetning með tilliti til annarra svipaðra viðburða í Evrópu. Hér eru þeir taldir frá vinstri; Magnús Jón Björgvinsson, sölustjóri lyftara, Eiður Steingrímsson, sölustjóri landbúnaðartækja, Ævar Björn Þorsteinsson forstjóri og Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs. Dagbjartur Ketilsson, sölufulltrúi landbúnaðartækja, sem var þarna líka, fékk ekki að vera með á myndinni, enda varð einhver að sinna viðskiptavinunum. Myndir / HKr.

Umhverfisverðlaun Bláskógabyggðar 2018:

Hjónin á Iðu verðlaunuð fyrir baráttu gegn skógarkerfli

Umhverfisverðlaun Bláskógabyggðar voru nýlega afhent á veitingastaðnum Lindinni á Laugarvatni.

Að þess sinni fengu hjónin á Iðu, þau Elinborg Sigurðardóttir og Guðmundur Ingólfsson, verðlaunin fyrir þeirra baráttu gegn skógarkerflinum. Í umsögn umhverfisnefndar kom m.a. fram að hjónin á Iðu hafi hafið stríð gegn skógarkerflinum sem hefur náð að fjölga sér hressilega á helgunarsvæði Vegagerðarinnar og inn á tún til þeirra. Þau hafa slegið reglulega á svæði Vegagerðarinnar, klippt í burtu þær plöntur sem þau sjá og hafa dreift sér upp um allar hæðir í nágrenninu. Nú er svo komið að kaflinn meðfram veginum við Iðu er orðinn með snyrtilegri vegarbútum Vegagerðarinnar og fallegt að horfa heim að Iðu frá þjóðveginum. */MHH*



Verðlaunin afhent, talið frá vinstri: Helgi Kjartansson oddviti, Elinborg Sigurðardóttir, Guðmundur Ingólfsson og Agnes Geirdal, formaður umhverfisnefndar.





Við hjá KH Vinnufötum erum í skýjunum yfir þeim móttökum sem við fengum á landbúnaðarsýningunni um helgina og þökkum öllum þeim fjölda sem heimsóttu básinn okkar kærlega fyrir komuna.

Áfram íslenskur landbúnaður!

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is



EYJALIND

Gúmmíbelti
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is





Hjá okkur
færðu allt fyrir
háþrýstiþvottinn

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h
Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

DANUBE

Getum við orðið að liði?

Við erum með allar lausnir fyrir þvottahús, Hótel, Gistiheimili og Sjúkrastofnanir.




Hótellín, þvottagrindur, taupokar ofl.

IceFAKTA ehf.

Kirkjustétt 2-6, 113 Reykjavík
Símar: 567 4577 / 892 8925
icefakta@icefakta.is / www.icefakta.is

HROSS & HESTAMENNSKA





Færeyskir smáhestar. Allir færeyskir hestar í dag eru því afkomendur þriggja mera og eins graðhests. Mynd / Alessio Mesiano

FæreyjaFengur – Færeyingar eiga sinn eigin landnámshestastofn sem telur nú 93 hross:

Gagnagrunnur fyrir færeyska hestinn byggður á WorldFeng

– Eru afkomendur hesta sem bárust með landnámsmönnum og eru náskyldir íslenska hestinum en talsvert smávaxnari



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Hestar af færeyska landnámsstofninum eru í dag 93 en í heild eru hestar í Færeyjum um 700 og er stór hluti þeirra íslenskir hestar. Félagið Föroysk ross í samvinnu við Bændasamtök Íslands vinnur að gerð gagnabanka um færeyska hestinn. Gagnabankinn er byggður á WorldFeng.

Hans Petersen, flugmaður og áhugamaður um færeyska hesta segir að færeyski hesturinn sé afkomandi hesta sem bárust til Færeyja með landnámsmönnum.

„Hestarnir eru náskyldir norskum og íslenskum hestum og 95 til 96% erfðafræðilega. Færeysku hestarnir eru minni en þeir íslensku og ekki nema 122 sentímetrar upp á herðakamb að meðaltali og teljast því smáhestar."

Í dag telur færeyski smáhestastofninn 93 einstaklinga auk þess sem hugsanlega gætu leynst einhverjir á Bretlandseyjum sem ekki er vitað um. Til samanburðar er talið að finna megi ríflega 1.500 villta pandabirni í heiminum.

Föroyafengur í vinnslu

„Til eru mjög nákvæmar skrár um færeyska hestinn en þær eru mikið með gamla laginu og á spjaldskrám. Sem stendur er unnið að gerð gagnabanka með þessum upplýsingum í samvinnu við Bændasamtök Íslands og byggt á WorldFeng og mun færeyski gagnagrunnurinn kallast FöroyaFengur."



Irdi Petersen, Þorvaldur Kristjánsson, ábyrgðarmaður í hrossarækt, Jóna Adelaide Ólavsdóttir, Jón Baldur Lorange, verkefnastjóri WorldFengs, og Hans Petersen. Indri og Jóna er tilvonandi skrásetjarar FæreyjaFengs. Mynd / smh.



Vegnar smæðar hestsins voru þeir aðallega notaðir til burða en þess á milli gengu hrossin sjálfala.



Mynd / Árni Skibenæs

Fundu fjóra einstaklinga

„Eitt af þeim vandamálum sem fylgir verndun færeyska hestsins er hversu fáir hestarnir eru. Vinna við verndun stofnsins hófst á seinni hluta sjötta áratugar síðustu aldar af áhugafólki um færeyska hestinn en þá voru einungis fjórir slíkir til í heiminum. Allir færeyskir hestar í dag eru því afkomendur þriggja mera og eins graðhests."

Félagið Föroysk ross var stofnað 1978 og hefur síðan unnið að varðveislu færeyska hestsins og safnað upplýsingum um hann. Í heimasíðu félagsins segir að um 1800 hafi færeyskir hestar í Færeyjum verið um 800. Vegna smæðar hestsins voru þeir aðallega notaðir til burða en þess á milli gengu hrossin sjálfala. Frá 1850 til 1920 seldu Færeyingar talsvert af hrossum til Bretlands þar sem þau voru notuð sem dráttardýr í kolanámum. Um svipað leyti og Færeyingar hófu útflutning á hrossum hófu þeir innflutning á erlendum hrossum annars staðar frá og aðallega frá Íslandi og


Mynd / Árni Skibenæs


Mynd / Árni Skibenæs

Færeyskir hestar þykja ekki síður barnvænir en frændur þeirra á Íslandi og fótafimir í erfiðu landslagi.

Noregi. Áhugi Breta á færeyska hestinum dróst saman við aukna tæknivæðingu kolanámanna og segja má að færeyski hesturinn hafi orðið atvinnulaus. Með minnkandi áhuga á færeyska hestinum dró úr eftirspurn og um tíma var litið á hann heima fyrir sem hálfgerða plágu sem ekkert gagn var af.

Petersen segir að fyrsti formaður félagsins Föroysk ross hafi haft góð tengsl við Landbúnaðarháskólann í Svíþjóð og að gerðar hafi verið skyldleikarannsóknir á þeim sem leiddu í ljós að síðustu fjórir hestarnir voru það fjarskyldir að óhætt var að nota þá til áframeldis. „Á níunda áratug síðustu aldar var erfðaefni færeysku hestanna skoðað og sýndi niðurstaða þeirrar rannsóknar fram á hið sama.“

Mikilvægt að viðhalda færeyska hestinum

Petersen segir að verndun færeyska landnámshestsins sé mjög mikilvæg fyrir Færeyinga. „Við höfum glatað upprunalega fénu sem var flutt til eyjanna og líka upprunalega hundinum, nautgripunum og landnámshænunni þannig að það skiptir miklu fyrir okkur að viðhalda færeyska hestinum.“

Að sögn Petersen vonast hann til að í framtíðinni verði hægt að flytja færeyska hestinn út til annarra landa og fjölga honum þannig því að bæði vegna smæðar eyjanna og hestsins geti Færeyingar ekki viðhaldið nema ákveðnum fjölda hrossa. Af þeim 93 færeysku hestum sem til eru í dag eru um 20 í eigu landsstjórnarinnar.


Mynd / Árni Skibenæs


Hans Petersen, flugmaður og áhugamaður um færeyska hesta.
Mynd / smh.


Mynd / Árni Skibenæs

„Stjórnvöld í Færeyjum eru jákvæð í okkar garð og hafa veitt okkur fé til verkefnisins og fyrir það erum við hjá Föroysk ross mjög þakklát, auk þess erum við sem að verkefninu stöndum mjög þakklát fyrir þá aðstoð sem Bændasamtök Íslands hafa veitt okkur,“ segir Hans Petersen.

Auglýsingsíminn er:
563 0300

Eldri blöð má finna hér á PDF:

Bændablaðið


Överaasen DLS-270
skekkjanleg kasttönn fyrir dráttarvél og hjólaskóflu

A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
110 Reykjavík
Sími 551 5464
www.wendel.is

ESJUGRUND ehf
ESJUGRUND@ESJUGRUND.IS • SÍMI 565 3322 • ESJUGRUND.IS
Verslun í Hólagarði, Lóuhólum 2-4, 111 Reykjavík
Vacuum pökkunarvélar og pokar
Búsáhöld – Brýni – Hamborgarpressur – Kjötexi
Heyrnahlífar – eyrnatappar
Sodastream og fylgihlutir
Erum á facebook
Kíkið á netverslun okkar, www.esjugrund.is

Áratuga reynsla í sölu á vacuum pökkunarvélum, pokum og fylgihlutum.

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018



Ólafur M. Jóhannesson, framkvæmdastjóri „Íslensks landbúnaðar 2018“, bauð gesti velkomna í Laugardalshöll. Ljóst er að sýningin fór jafnvel fram úr hans björtustu vonum, enda öll pláss uppseld og metaðsókn varð á sýningunni sem laðaði að um 80 til 100 þúsund gesti víðs vegar að af landinu. Myndir / HKr.



Jóna Björg Hlöðversdóttir frá Björgum í Þingeyjarsýslu og formaður Samtaka ungra bænda hélt kraftmikla ræðu við opnun sýningarinnar.



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, opnaði sýninguna formlega með því að klippa á borða í anddyri Laugardalshallarinnar.



Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra var ekkert að skafa utan af gæðum og krafti íslensks landbúnaðar og hvatti bændur til frekari dáða.



Karlakór Kjalnesinga gerði stormandi lukku við opnun sýningarinnar.



Það var jafnan margt um manninn á bás Bændasamtaka Íslands, en þar var boðið upp á margháttaðar kræsingar úr jurta- og dýraríkinu.



Indriði Ægir Þórarinsson og Sigrún Helga Þórarinsdóttir frá Stórhóli í Skagafirði. Mynd / HKr.

Geitakjöt, kindakjöt, fiðuband og geitaskinn frá Stórhóli í Skagafirði

Bændur á Stórhóli í Skagafirði buðu gestum á landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll upp á geitakjöt í neytendapakkningum, ásamt öðrum afurðum af geitum, eins og band úr fiðu og sútuð skinn.

Geitakjötið rauk út og fengu færri en vildu af sumum bitunum, enda ekki nema 1.200 geitur á landinu og heildarframboðið því lítið. Þau voru því líka með á boðstólum lambakjöt og ærkjöt sem gerði líka mikla lukku.

Flottar viðtökur

„Við höfum fengið mjög flottar viðtökur og alls ekkert hægt að kvarta yfir því,“ sagði Sigrún Helga Indriðadóttir.

„Það er gaman að kynna kiðlingakjötið fyrir fólki, enda er þetta vara sem fæst ekki í búðum. Bændur eru yfirleitt að selja þetta sjálfir. Kiðlingakjöt er nýtt á markaðnum, en fólk er mjög áhugasamt um að fræðast um þetta og tilbúið að prófa.“

Með 30 geitur og gengur vel

Sigrún segir að geitabúskapurinn gangi vel.

„Við erum með 30 geitur. Sumar eru uppátækjasamari en aðrar, en þetta eru mjög skemmtileg dýr og mannelskar. Kiðlingar sem maður er að eiga við verða mjög mannelskir og þeir gleyma því ekkert þótt þeir fari á fjall, ólíkt lömbunum hjá sauðfénu. Svo er ég er líka með gallerý og húsdýraheimsóknir.“

– Eruð þið að nýta fiðuna [ullina] af geitunum líka?

„Já, við gerum það. Ég kembdi í fyrsta skipti af einhverju viti í vor og sendi fiðuna í Uppspuna – Smáspunaverksmiðju á Hellu. Hún spann þetta fyrir mig.“

Sigrún segir mikinn mun eftir að verksmiðja Uppspuna var sett á fót. Áður þurfti að senda alla fiðu til Noregs sem var mikil fyrirhöfn og kostnaðarsamt.

Skinnin sútuð á Sauðárkróki

„Nú svo læt ég súta skinnin fyrir mig líka og sel þá stykki í handverk eða bara skinn í heilu lagi. Karl Bjarnason, sútari á Sauðárkróki, sútar fyrir okkur,“ segir Sigrún.

/HKr.

Ærkjötið frá Sölvanesbændum vakti mikla athygli

Dóra Stefánsdóttir stóð vaktina á bás Matís í Laugardalshöllinni fyrir Eydísi Magnúsdóttur frænku sína og Rúnar Mána Gunnarsson, sauðfjárbændur í Sölvanesi í Skagafirði.

„Við erum hér að bjóða upp á ærkjöt og lambakjöt. Það hefur gengið mjög vel að kynna vörur úr ærkjöti. Mest hefur þar selst af hryggvöðva. Margir sem koma til okkar segja að ærkjöt fáist ekki í búðum, en það langi til að prufa þetta.“

Ærkjötið er bragðmikið og gott

„Ærkjötið er mjög bragðmikið og gott. Þau Eydís og Rúnar Máni hafa verið að prófa sig áfram með þetta í gegnum Matarsmiðjuna á Skagaströnd. Þar eru öll nauðsynleg tæki og tól fyrir svona vinnslu með öllum tilskildum leyfum og vottunum sem þau geta fengið aðgengi að. Ærkjötið hefur komið rosalega vel út.

Þau hafa líka verið að prófa að búa til ærkjötsfars sem komið hefur vel út og margir eru til í að prófa. Þegar ég var krakki borðaði maður oft kjötfars en einhvern veginn hefur það horfið af matseðlinum,“ segir Dóra.

„Hvað varðar t.d. hangikjöt þá er mikið betra ef kjötið er af fullorðnu fé. Svo ég tali ekki um sauðakjöt – það er það albesta.

Það eru margir sem segjast aldrei hafa séð ærkjöt á boðstólum fyrr. Samt hugsa ég að í tilbúnum réttum í verslunum geti oft verið um að ræða ærkjöt þó að á umbúðunum standi bara kindakjöt. Þar sem kjötið er mun bragðmeira, þá ímynda ég mér að það þurfi líka minna af því í tilbúna rétti. “



Dóra Stefánsdóttir og Máni Baldur Mánason frá Sölvanesi. Dóra er ömmusystir Mána. Mynd / HKr.

Hægt að ná góðum virðisauka með vöruþróun úr ærkjöti

Dóra segist telja að í ærkjötinu sé einmitt hægt að búa til mun meiri virðisauka en hægt er í lambakjötinu með þróunarvinnu eins og þau hafi verið að stunda í Sölvanesi. Vissulega sé þó hægt að gera ýmislegt með lambakjötið líka, eins og að bjóða það í minni bitum en gert hefur verið. Það henti t.d. illa fyrir einstakling eða hjón sem orðin eru ein að þurfa að kaupa heilu hryggina eða lærin. Það brengli líka allt verðskyn hjá fólki. Fólki finnist lambakjöt dýrt þegar það horfir á stórt læri, en þegar kílóverðið er borið saman við t.d. kjúklingakjöt eða pitsu, þá sé það í raun mjög ódýrt.

„Svona litlir bitar eins og við erum með hér henta t.d. okkur hjónum mjög vel. Ef maður er að kaupa heilt læri þarf maður eiginlega að halda stóra veislu,“ sagði Dóra Stefánsdóttir. */HKr.*



Lív Bragadóttir og Aðalbjörg Þorsteinsdóttir kynntu margvísleg galdrasmyrsl frá fjölskyldufyrirtækinu Villimey á Tálknafirði. Myndir / HKr.

Galdrasmyrslin að vestan

Fjölskyldufyrirtækið Villimey slf. á Tálknafirði er orðið vel þekkt sem framleiðandi á hágæða húðvörum hér á landi. Á landbúnaðarsýningunni í Laugardal voru þær Lív Bragadóttir og Aðalbjörg Þorsteinsdóttir að kynna vörur fyrirtækisins þegar blaðamann Bændablaðsins bar að garði.

„Ég er búin að vera með þessar vörur og þróa í 15 ár, fyrst fyrir fjölskylduna áður en við settum vörurnar á markað fyrir 13 árum," segir Aðalbjörg Þorsteinsdóttir.

„Upphaflega var þetta bara ætlað fyrir okkur sjálf, en svo fór fólk að falast eftir þessu út um allt land þegar það heyrði af virkninni."

Smyrslin frá Villimey eru lífrænt vottuð af vottunarstofunni Túni og unnin úr margvíslegum jurtum sem tínd eru í Tálknafirði og Arnarfirði.

„Salan á þessum vörum hefur gengið vel og þær auglýsa sig svolítið sjálfar með virkninni. Við erum líka búin að láta Matís rannsaka allar okkar vörur með tilliti til virkni efnanna. Þar höfum við fengið staðfestingu á að þær virka eins og við höfum verið að segja. Þetta eru því ekki bara okkar fullyrðingar, heldur getum við stutt þær með rannsóknum."

Sannkallað fjölskyldufyrirtæki

– Eru þið mörg að vinna í kringum þessa framleiðslu?

„Það er bara fjölskyldan. Ég á fjórar dætur og síðan fjölgar í kringum okkur svo þetta er orðið öflugt lið."

Aðalbjörg segist hafa leitað sér upplýsinga í gamlar heimildir og reynslu fólks af virkni jurta. Smám saman hafi hún fundið réttu blöndurnar til að fást við ýmiss konar mein, eins og bólgur, brunasár og annað. Vörutegundirnar eru nú fjölmargar eins og Vöðva- og Liða Galdur, Fóta galdur, Vara galdur, Munnangurs Galdur, Hvannar galdur, Berja galdur og Birkigaldur og hver með sína virkni.

„Það skiptir mjög miklu máli hvenær á vaxtarskeiðinu maður tínir jurtirnar upp á virknina að gera. Það skiptir máli upp á kraftinn sem felst í jurtunum. Einnig skiptir máli hvaða hluta jurtanna maður er að nota. Þá nota ég ýmist blöð, blóm eða rætur, allt eftir því hvaða virkni ég er að sækjast eftir. Maður sér það á vaxtarstiginu hvernig jurtirnar koma til með að virka."



Lív mátti hafa sig alla við að sinna forvitnum sýningargestum.

Veðurfarið hefur mikil áhrif

– Skiptir þá veðurfarið ekki líka miklu máli?

Jú, algjörlega. Ég hef aldrei lent í öðru eins ástandi og í sumar. Oft hef ég fengið köld vor þar sem fyrstu jurtirnar lifna frekar seint, en þær sem eiga að vakna til lífsins í júní og júlí eru þá yfirleitt á réttum tíma. Í sumar voru hins vegar allar jurtir seint á ferðinni.

Annars eru jurtirnar hér á Íslandi mjög kraftmiklar, þær vaxa hratt þegar þær taka við sér og hafa stuttan vaxtartíma vegna okkar stutta sumars. Að því leyti erum við mjög heppin og svo er svæðið sem við erum að tína jurtirnar á mjög hreint. */HKr.*



Það var mikið spjallað og spurt á básnum hjá Villimey.

Við þökkum þeim fjölmörgu gestum sem heimsóttu okkur á sýninguna Íslenskur landbúnaður 2018.
Takk fyrir frábærar stundir.

KUHN FENDT Kverneland JCB



VÉLFANG – VERKIN TALA Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000
Gott framboð af áhugaverðum jörðum og tækifærum í ferðaþjónustu.
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali

JEPPADEKK
fyrir íslenskar aðstæður



NÝR DEKKJAVEFUR!
www.jeppadekk.is

Dick CEPEK TIRES & WHEELS
SENDUM HVERT Á LAND SEM ER!
ARCTIC TRUCKS ÍSLAND EHF.
KLETTHÁLSI 3
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 540 4900
NETFANG: info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is
ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

LÍF & STARF

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýar á Ísafirði er fyrirmyndarfyrirtæki Creditinfo árið 2018:

Hélt uppi póstflutningum til bænda við Djúp en nú vega farþegar skemmtiferðaskipa þyngst



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Hafsteinn Ingólfsson, skipstjóri hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýar, við stýrið um borð í Guðrúnu Kristjáns. „Þetta hefur allt gengið slysalaust alla tíð og við höfum verið mjög farsæl hvað það varðar. Við höfum aldrei misst mann í sjóinn eða neitt slíkt. Að vísu hef ég farið sjálfur í sjóinn nokkrum sinnum, en ég er vanur því.“ Mynd /HKr.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýar hafa verið með farþegasiglingar frá Ísafirði í rúm 30 ár, en fyrirtækið eiga og reka þau hjón, Guðrún Kristjana Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Hafsteinn Ingólfsson skipstjóri.

Þau hjón hafa reyndar verið í farþegasiglingum og í þjónustu við bændur við Ísafjarðardjúp í vel yfir 30 ár og þá framan af á kennitölu Hafsteins. Þann 22. desember 1998 var fyrirtækið Sjóferðir Hafsteins og Kiddýar ehf. hins vegar skráð formlega sem einkahlutafélag hjá firmaskrá á Ísafirði og á það því 20 ára afmæli nú í desember.

Nýverið bárust þeim þau gleðitíðindi frá Creditinfo að fyrirtækið væri á meðal 2% fyrirtækja í landinu sem hlytu nafnbótina fyrirmyndarfyrirtæki 2018. Verður það væntanlega tilkynnt formlega við athöfn í Hörpunni 14. nóvember næstkomandi.

Guðrún Kristjana Kristjánsdóttir, eða Kiddý, eins og heimamenn kalla hana, segir að besta sumarið þeirra hafi verið 2016. Þá hafi þau verið að flytja um 15 þúsund ferðamenn. Þar af kom drjúgur hluti af skemmtiferðaskipum. Nú hafi þau horft fram á fækkun ferðamanna tvö ár í röð þrátt fyrir að komum skemmtiferðaskipa hafi frekar fjölgað en hitt.

Veruleg fækkun ferðamanna út á land

„Við erum nú farin að finna verulega fyrir því hvað Ísland er talið dýrt ferðamannaland. Það hefur spurst út og erfitt getur reynst að vinda ofan af þeirri ímynd. Við erum fræg fyrir það, Íslendingar, að jarða okkur sjálf þegar allir ætla að verða ríkir á augabragði í þessari grein og fara á botnlaust fjárhagsfyllirí. Það er okrað á ferðamönnum í gistingu og veitingum og þess vegna stoppa þeir skemur á Íslandi og kaupa síður sérferðir en áður. Ekki má heldur gleyma háu gengi krónunnar.

Nú stoppa flestir ferðamenn kannski ekki nema þrjá daga og halda þá aðallega til á Suðvesturlandinu. Það þýðir að færri fara út á landsbyggðina. Hjá okkur var fækkun farþega um 20% árið 2017 og aftur um 17% fækkun nú í sumar.“

Án skemmtiferðaskipanna væri staðan döpur

„Svo erum við enn í því fari að búa við óboðlegar samgöngur. Hér er ekki hægt að treysta á flug og hingað er ekki hægt að fljúga á kvöldin vegna lélegra flugaðstæðna. Þá hefur lítið sem ekkert verið gert í vegamálum í áratugi, en það er sú samgönguleið sem fólk verður að treysta á. Vegna þessa þá afskrifa ferðamenn bara Vestfirði.

Ef við hefðum ekki farþegana af skemmtiferðaskipunum, þá gætum við gleymt því að reyna að halda úti þessum rekstri eins og hann er með þrem bátum í dag,“ segir Kiddý.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýar eru með tíu manns í vinnu en hafa samt látið Vesturferðir í Edinborgarhúsinu á Ísafirði um að annast sölu farmiða og eru þau þar líka hluthafar. Telja þau hjón það mikilvægan hlekk til að hægt sé að halda uppi fjölbreyttri ferðaþjónustu á svæðinu.



Guðrún Kristjana Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Hafsteinn Ingólfsson skipstjóri á leið í Æðey í júní 1994 að kynna þá leið sem vænlegan kost fyrir ferðamenn. Mynd / HKr.

Úr köfunarþjónustu yfir í farþegaflutninga

Hafsteinn hóf reyndar siglingar á Flugfisk hraðbát árið 1984, eða fyrir 34 árum á eigin kennitölu. Stundaði hann þá m.a. köfun og kom þá mörgum skipum til bjargar fyrir utan Vestfirði sem höfðu fengið troll eða netadræsur í skrúfuna.



Ferðir í gamla þorpið á Hesteyri í Jökulfjörðum hafa verið mjög vinsælar en búsetu var þar hætt árið 1952. Hér sést gamla læknishúsið.

50 ára köfunarafmæli

Núna í sumar voru 50 ár liðin frá því Hafsteinn hóf sinn feril í köfunarþjónustu og er hann nú elsti atvinnukafari á landinu. Köfunarferil sinn hóf hann í Kristiansand í Noregi og við síldveiðar á Norðursjó árið 1968.

Þegar hlutverk köfunar- og skipaþjónustu Hafsteins breyttist og farþega- og póstflutningar hans fóru að aukast kom Kiddý að útgerðinni með honum. Eigi að síður má enn finna Köfunarþjónustu Hafsteins Ingólfssonar í símaskránni.

Fyrsti báturinn var einungis með leyfi fyrir 7 farþega

Kiddý segir að þegar þau hófu farþegaflutninga á fyrsta farþegabátnum árið 1988 hafi þau verið með leyfi fyrir 7 farþega um borð. Báturinn var af gerðinni Sómi 800 og fékk nafnið Bliki ÍS. Á honum var farið með farþega í Aðalvík og fleiri víkur á Hornströndum. Hann var svo seldur og keyptur báturinn af gerðinni Sómi 900 og létu þau lengja hann um einn metra í Skipasmíðastöð Marsellíusar á Ísafirði. Þá var tegundarheitið orðið Sómi 1000 og fékkst leyfi fyrir 19 farþega um borð.

Var þá m.a. siglt með póstvarning og fólk í Vigur, Æðey og Ögur. Sá Hafsteinn m.a. annars um að koma krökkum á þessum stöðum í skóla í Súðavík frá 1996.

Eftir að siglingar M/S Fagraness lögðust af um Ísafjarðardjúp á níunda ártug síðustu aldar fóru þau Kiddý og Hafsteinn að huga að enn frekari stækkun á fyrirtækinu. Þá keyptu þau hjón Sóma 900 bát frá Húsavík.

Tóku við hlutverki Djúpbátsins

Í spjalli við tíðindamann Bændablaðsins í siglingu út í Vigur í sumar, sagði Hafsteinn að þau hafi í raun tekið við hlutverki Djúpbátsins Fagraness sem seldur var úr landi til Bandaríkjanna. Var gerður samningur við Vegagerðina um þá flutninga. Auk fólks-, pósts- og almennra vöruflutninga fólust þeir í mjólkur- og eldsneytisflutningum.

Hafa látið smíða fjóra báta í Hafnarfirði

Hafsteinn segir að þau hafi látið smíða fyrir sig fjóra plastbáta í Hafnarfirði, hjá Bátagerðinni Samtaki í Hafnarfirði og hjá Trefjum. Sá stærsti var smíðaður hjá Bátagerðinni Samtaki ehf. árið 2000 og ber nafnið Guðrún Kristjáns.

„Þessi bátur var stærsti plastbátur sem smíðaður hafði verið á Íslandi fram að þeim tíma, eða 29,48 brúttórúmlestir. Hann er með leyfi fyrir 48 farþega, en í dag eru smíðaðir hér á landi mun stærri bátar.“



Bátur Sjóferða Hafsteins og Kiddýar á legunni í víkinni fyrir framan bæjarhúsin í Æðey í júní 1994 ásamt bát Jónasar heitins Helgasonar, bónda í Æðey. Mynd / HKr.



Bátakostur Sjóferða Hafsteins og Kiddýar við flotbryggju í Sundahöfninni á Ísafirði í sumar. Lengst til vinstri er flaggskipið Guðrún Kristjáns sem er með leyfi fyri 48 farþega. Þá kemur Bliki sem má flytja 30 farþega og lengst til hægri er nýjasti báturinn, Ingólfur, sem tekur 38 farþega. Mynd / HKr.

Þá seldu þau Jónasi heitnum Helgasyni í Æðey Sóma 1000 bátinn sem er reyndar enn á Ísafirði. Báturinn sem þau keyptu frá Húsavík seldu þau svo í selaskoðun á Hvammstanga.

Kom í ljós að Guðrún Kristjáns var of stór til að verjandi væri að vera með þann bát í póstflutningum og minni háttar verkefni. Var því farið í það strax 2001 að láta smíða annan bát sem tók um 22 farþega og var nefndur Bliki.

Geta nú flutt 116 farþega á þrem bátum

Árið 2004 var Bátagerðin Samtak ehf. [samkvæmt skipaskrá] svo fengin til að smíða nýjan Blika sem er 21,32 brúttórúmlestir að stærð og fékk hann leyfi fyrir 38 farþega.

„Eldri Blikann frá 2001, seldum við til Ístaks sem notaði hann í verkefnum á Grænlandi. Þá létum við smíða enn einn bát fyrir okkur árið 2007 og er það nýjasti báturinn okkar og tekur 30 farþega. Hann var smíðaður hjá Trefjum ehf. í Hafnarfirði og er 19,15 brúttórúmlestir. Hann fékk nafnið Ingólfur. Þessa þrjá eigum við í dag, Guðrúnu Kristjáns sem smíðuð var 2000, Blika sem var smíðaður árið 2004 og Ingólf sem smíðaður var 2007. Samtals getum við flutt 116 farþega á þessum bátum.“

Allt gengið slysalaust

„Þetta hefur allt gengið slysalaust alla tíð og við höfum verið mjög farsæl hvað það varðar. Við höfum aldrei misst mann í sjóinn eða neitt slíkt. Að vísu hef ég farið sjálfur í sjóinn nokkrum sinnum, en ég er vanur því,“ segir Hafsteinn.

Fyrir borð með hakanum í Veiðileysufirði

„Einu sinni fór ég einn á bát í Veiðileysufjörð í Jökulfjörðum að sækja tvo farþega sem þar sátu uppi í hlíð. Ég fór frammá að húkka í legufærið með lítinn krókstjaka. Um leið og ég húkkaði í var það eitthvað fast og ég fylgdi þá bara með hakanum í sjóinn. Farþegunum sem horfðu á þetta úr landi leist þá ekkert á blikuna. Báturinn sem þeir ætluðu að fara með til Ísafjarðar var orðin mannlaus og rann bara áfram með ströndinni. Ég synti þá bara að



Frá Vigur. Vigurbreið í forgrunni og Guðrún Kristjáns við bryggju.

Farsælt og gott samstarf hefur verið alla tíð á milli Hafsteins og Kiddýar og Salvars Baldurssonar og Hugrúnar Magnúsdóttur bænda og fjölskyldunnar allrar í Vigur.

bátnum og klifraði um borð. Mér fannst þetta frekar pínlegt.“

– Þegar þið hófuð þessa farþegaflutninga fyrir nær 30 árum, var þetta ekki talin mikil bjartsýni?

„Það má vel vera, en þá voru alltaf einhverjir að flytja fólk í Aðalvík og á fleiri staði. Það var þó meira á hæggengum skakbátum, fyrir utan að Fagranesið fór líka á þessa staði. Þannig byrjaði þetta smátt og smátt með siglingum í víkurnar hér fyrir norðan og í Jökulfirðina og inn í Djúp.

Við hófum siglingar á Hesteyri árið 25. júní 1997. Þær siglingar hafa undið dálítið upp á sig, en þar geta farþegar farið í land og þegið veitingar. Þetta hefur líka aukist mjög með siglingar þangað á farþegum af skemmtiferðaskipum sem koma til Ísafjarðar.

Það varð algjör bylting þegar við settum upp flotbryggju á Hesteyri, en áður þurftum við að ferja farþega í land á gúmmíbát. Bryggjuna er að vísu ekki hægt að nota nema það sé í það minnsta hálffallið að. Bryggjan eykur þó þægindin til muna, sér í lagi fyrir fólk sem orðið er aldrað og á erfitt með gang.“

Koma skemmtiferðaskipanna skiptir miklu máli

– Þú vilt þá meina að koma skemmtiferðaskipa á stað eins og Ísafjörð skipti miklu máli fyrir rekstur eins og þið erum með?

„Bæði Ísafjarðarhöfn og við sem erum í þessum rekstri njótum mjög góðs af komu skemmtiferðaskipanna. Sama má segja um rútuútgerðir. Þetta skapar töluverðar tekjur á staðnum. Við sátum eiginlega ein að þessum viðskiptum við skemmtiferðaskipin þegar þau byrjuðu fyrst að koma og þetta hefur því skipt okkur verulegu máli,“ segir Hafsteinn.

Hann segist þó heyra þær raddir líka að það séu ekki allir ánægðir með þann mikla fjölda ferðamanna sem komi með skipunum. Menn gleymi því þá um leið hversu mikilvægir þeir eru fyrir ýmsa ferðaþjónustuaðila á svæðinu. Það skapi nauðsynlegar tekjur inn í samfélagið.

Hafsteinn segir að þegar þau voru að koma rekstrinum á laggirnar hafi öll fjölskyldan meira og minna tekið þátt í þessu. Nú séu tveir synirnir flognir á braut og sá þriðji starfar sem smiður á Ísafirði. Aðrir hafa tekið við þeirra hlutverkum.

Mikil tryggð starfsmanna

„Reyndar erum við yfirleitt búin að vera með sama fólkið ár eftir ár og það kemur til okkar sumar eftir sumar. Það segir kannski að það sé ekki mjög leiðinlegt að vera hér með okkur.“

Frábært starfsfólk

„Við erum þrír skipstjórar og sá sem hefur verið lengst hjá okkur er Stígur Sófusson. Hann hóf störf um borð í okkar bátum sautján ára gamall. Þá er reyndur skipstjóri úr Bolungarvík kominn til okkar líka, en það er Reimar Vilmundarson. Þetta er þriðja sumarið hans hjá okkur, en áður gerði hann sjálfur út bát til farþegaflutninga frá Bolungarvík. Þá er þetta fjórða sumarið sem sonur hans, Vilmundur, er hjá okkur. Þetta eru hörkukarlar úr Bolungarvík.

Þá erum við með einn Bolvíking í viðbót sem heitir Gunnar Hildimar Halldórsson svo Víkararnir eru drjúgur hluti af okkar starfsliði, enda harðduglegt og samviskusamt fólk.

Auk þeirra erum við með fjórar stúlkur sem leiðsögumenn, allt Ísfirðingar. Sem sagt allt frábært starfsfólk og ekkert undan því að kvarta og án þeirra gætum við ekki verið,“ segir Hafsteinn Ingólfsson skipstjóri.



Komur farþegaskipa til Ísafjarðar er lykillinn að því að útgerð Sjóferða Hafsteins og Kiddýar gangi upp í þeirri mynd sem nú er.

ORKUSTOFNUN
Hefur þú kynnt þér **Smávirkjanaverkefni** Orkustofnunar?
- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar: https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

i-mop® revolutionary cleaning
Bylting í hreinlæti!
i-mop XL - Gólfþvottavél sem auðveldar þrif, sparar tíma og léttir lífið. Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki
Sjá nánar á: i-teamglobal.com
Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is
AFLVÉLAR

MANITOU HANDLING YOUR WORLD
NÝ KYNSLÓÐ skotbómulyftara
HANNAÐUR TIL AÐ VINNA VERKIN
AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt ökumannshús með góðu aðgengi og útsýni.
- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórntakkar
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómu
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira

Góð viðgerða- og varahlutaþjónusta
Manitou er þarfasti þjónninn í dag til lands og sveita
PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is
PON Síðan 1962

Gamli traktorinn



Kumsong-dráttarvélar

Heiti norður-kórösku dráttarvélanna Chollima er dregið af vængjuðum þjóðsagnahesti. Sögur um hestinn eru algengar á Kóreuskaga og Austur-Asíu og segja hann svo fráan á fæti að enginn dauðlegur maður getur setið hann.



Árið 1954 var sett á laggirnar fyrsta dráttarvélaverksmiðjan í Norður-Kóreu. Verksmiðjan var reist á rústum gamallar áburðarverksmiðju sem hafði verið eyðilögð í Kóreustríðinu. Auk dráttarvéla hefur verksmiðjan, sem kallast Kumsong, framleitt margs konar landbúnaðartæki í gegnum tíðina.



Chollima að sovéskri fyrirmynd

Fyrsta dráttarvél verksmiðjunnar leit dagsins ljós 1956 og kallaðist Chollima, eða öllu heldur Ch'ŏllima 28. Frumgerðin var að sovéskri fyrirmynd og fljótlega hófst fjöldaframleiðsla á traktornum fyrir innanlandsmarkað í Norður-Kóreu.



Eins og týpunúmerið gefur til kynna var Chollima dráttarvélin 28 hestöfl. Hún var tveggja strokka og með dísilmótor.

Smátt og smátt jókst framleiðslan og á áttunda áratug síðustu aldar hafði hún margfaldast. Chollima 28 hestafla



vélin var enn í framleiðsla að mestu óbreytt þrátt fyrir lítils háttar uppfærslur. Á þessum tíma var mest áhersla á framleiðslu á 75 hestafla dráttarvél sem kallaðist P'ungnyŏn.

Framleiðslu á Chollima 28 var hætt tímabundið skömmu eftir 1980.

Tæknivæðing í verksmiðjunni var einnig aukin á þessum árum.

10.000 starfsmenn

Starfsmenn verksmiðjunnar, sem er í norðurhluta landsins, eru sagðir vera í kringum tíu þúsund og verksmiðjan 142 þúsund fermetrar að flatarmáli en heildarstærð hennar með öllu 400 fermetrar. Uppgefin framleiðsla hennar er tíu þúsund dráttarvélar á ári.

Í dag framleiðir Kumsong dráttarvélaverksmiðjan nokkrar týpur traktora. Ný útgáfa af Ch'ŏllima 28 er komin í framleiðslu og af öðrum týpum má nefna Ch'ŏllima 32, Ch'ŏllima 40, P'ungnyŏn 75, Sonyŏn 45, Ch'ŏllima 2000 tractors, og P'ungnyŏn jarðýtur.

Árið 2017 setti fyrirtækið á markað stærstu dráttarvélina til þessa, Ch'ŏllima 804 sem er 80 hestöfl.

Auk framleiðslu á dráttarvélum og landbúnaðartækjum er sagt að verksmiðjan framleiði færanlega

eldflaugaskotpalla á beltum fyrir langdræg flugskeyti.

Fræðsla og leiðsögn

Samkvæmt öruggum heimildum hafa leiðtogarnir Kim Il-sung, Kim Jong-il og Kim Jong-un allir heimsótt verksmiðjuna í eigin persónu til að uppfræða starfsmenn hennar um traktora og framfarir í landbúnaði sem eru tilkomnar vegna snilli leiðtoganna. Fyrir utan verksmiðjuna er að finna stóra styttu af Kim Il-sung's til að



minnast heimsóknar hans.

Þrátt fyrir að talsvert marga traktora sé að finna í Norður-Kóreu miðað við höfðatölu er sagt að einungis 50% þeirra séu í vinnu að meðaltali og mun það fyrst og fremst stafa af skorti á eldsneyti. Vélarnar sjálfa eru sagðar nær ódrepandi. */VH*

UTAN ÚR HEIMI



Rigningar hafa haft veruleg áhrif á kornræktina í Rússlandi í ár og leiða þær til 30 til 35 milljónum tonna minni uppskeru en í fyrra. Myndir / RT

Kornuppskeran í Rússlandi áætluð 105 milljónir tonna í ár

– Um 30 milljónum tonna minn en í fyrra en meiri en á tíu ára meðaltali

Landbúnaðarráðuneyti Rússlands gerir ráð fyrir að kornuppskeran 2018 í landinu verði 105 milljónir tonna. Er það 5% hærri áætlun en ráðgert var í sumar, en uppskeran 2017 var 135 milljónir tonna.

Rigningar haft verulega áhrif á kornræktina í Rússlandi í ár og leiða þær til 30 til 35 milljónum tonna minni uppskeru.

Dmitry Patrushev, landbúnaðarráðherra Rússlands, segir í frétt á S&P Global að þrátt fyrir stöðuna væri engin ástæða til að setja hömlur á útflutning eins og víða hefur verið talað um. Óvissa væri þó um gæði kornsins vegna votviðris í sumar.

„Þrátt fyrir óhagstætt veðurfar verður heildaruppskeran meiri en



Dmitry Patrushev landbúnaðarráðherra Rússlands segir í frétta á S&P Global að þrátt fyrir stöðuna væri engin ástæða til að setja hömlur á útflutning

að meðaltali síðustu tíu ár," segir Patrushev.

„Eins og stendur gerum við ráð fyrir að uppskeran verði 105 milljónir tonna sem dugar fullkomlega til að tryggja landsmönnum korn og brauð. Við getum einnig flutt út umtalsvert magn af korni." */HKr.*



Rússar settu í gang afar metnaðarfulla áætlun um uppbyggingu í landbúnaði í kjölfar viðskiptabanns ESB og Bandaríkjanna eftir yfirtöku Rússa á Krímskaga. Pútín forseti gaf þá út yfirlýsingu um að Rússar yrðu orðnir sjálfum sér nægir um landbúnaðarvörur fyrir árslok 2020. Þessu marki hafa þeir þegar náð á nokkrum sviðum landbúnaðarframleiðslunnar með tilheyrandi samdrætti í innflutningi sem áður kom m.a. frá ESB-ríkjum.

Rússneskur landbúnaður í miklum uppbyggingarfasa:

Kynntar verða fjárfestingar upp á rúmlega 17 milljarða rúblna í Stavropol fyrir árslok

Samkvæmt vefsíðu AgriForum, verða kynntar fyrir árslok yfir 17 milljarða rúblna fjárfestingar í landbúnaði í Stavropol-héraði í Rússlandi.

Er þetta haft eftir svæðisstjóranum Vladimir Vladimirov á fundi í Mineralny Voda þann 9. október. Þar hélt hann fund með Vladimir Pútín, forseta Rússlands, um landbúnaðarmál.

Sagði Vladimirov að á meðal verkefna sem rætt hafi verið um væru margháttuð ný verkefni. Þar á meðal væri bygging á geymslumiðstöð fyrir landbúnaðarafurðir, bygging gróðurhúsa, kornvinnsla, bygging á húsum fyrir búfé og uppsetning á sérstökum eplagarði.

Þegar á þessu ári verður fjórum verkefnum lokið sem kosta nærri 2 milljörðum rúblna.

Vladimirov benti á að Stavropol-svæðið væri brauðkarfa Rússlands. Nauðsynlegt væri að styrkja sögulega stöðu þess í tengslum við áætlanir yfirvalda um sjálfbærni landsins. Þá sagði hann að fjölmörg önnur landbúnaðarverkefni væru þegar í gangi, m.a. í mjólkur- og kjötframleiðslu í tengslum við átak í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. */HKr.*

MS minnkar plastnotkun í mjólkurvöruumbúðum

Nokkur stór skref hafa verið tekin hjá MS í að minnka plastnotkun og breyta umbúðum svo minna álag sé á umhverfið. Hefur fyrirtækið á síðustu misserum skoðað umbúðir fyrirtækisins með það að markmiði að draga úr plastnotkun.



Mörkuð var í áætlanagerð fyrir árið 2018 um að fjarlægja plaströrin af G-mjólkurfernum sem fyrirtækið framleiðir og flytja vörur í umbúðir með minna kolefnisspor. Nú þegar er búið að fjarlægja rörin af umbúðum G-mjólkurinnar og í vor fóru allir drykkir á borð við KEA skyrdrykk, jógúrtdrykk og ab-drykk úr plastdósum yfir í pappafernur. Þar með urðu engir drykkir lengur fáanlegir í plastumbúðum hjá fyrirtækinu.

Fernur

Árið 2017 skipti MS mjólkurfernunum sínum út fyrir nýjar og umhverfisvænni fernur sem eru ekki eingöngu endurvinnanlegar heldur jafnframt búnar til úr endurnýjanlegu hráefni úr plönturíkinu. Ferska mjólkin sem árlega er pakkað í 25 milljón fernur árlega er nú í umbúðum gerðum úr pappa úr ábyrgri skógrækt og plasti sem framleitt er úr sykurreyr.

MS er fyrsta fyrirtæki sinnar tegundar í heimi sem setur allar mjólkurfernur í þessar umbúðir sem eru þær umhverfisvænstu sem völ er á fyrir drykkjarmjólk og við þessa breytingu varð kolefnisspor fernanna 66% minna en áður (Tetrapak, 2017). Könnun á vegum Gallup í júní 2017 sýndi að 64% neytenda tók eftir breytingum á umbúðunum og yfirgnæfandi meirihluti eða 86,7% var jákvæður gagnvart þeim.

Plasttappi unninn úr sykurreyr

Sagt er að tappinn sem er úr plasti megi fara með fernunni beint í endurvinnslu sem auðveldar sorpflokkun. Pappinn í fernunum er með vottun frá FSC™ (Forest Stewardship Council) og annarri vottaðri trjávinnslu. Með ábyrgri skógrækt er átt við að skógar sem nýttir eru til uppskeru fá að endurnýja sig og trjávexti er haldið gangandi.

Samkvæmt upplýsingum frá MS er plastið í tappanum á fernunum unnið úr sykurreyr en ekki olíu. Þar er þó eigi að síður um plast að ræða sem ekki er æskilegt í umhverfinu frekar en annað plast sem unnið er úr olíu eða lífmassa. Bakgrunnurinn að vinnslunni á þessum töppum er þó ólíkur og ólíkt umhverfisvænni en olíuvinnsla.

Sykurreyrinn er aðallega gróðursettur á rýru beitilandi og niðurníddum högum. Hverja plöntu er hægt að nýta til uppskeru í 5–7 ár áður en planta þarf nýrri. Með þessari nýju aðferð er ekki gengið á takmarkaðar jarðefnaauðlindir við framleiðsluna. Á sama tíma er dregið úr aukinni losun koltvísýrings út í andrúmsloftið þar sem sykurreyrinn bindur koltvísýring á líftíma sínum.

Samhliða breytingu á fernum vildi Mjólkursamsalan vekja neytendur til umhugsunar um að tómar umbúðir eru ekki rusl og hvetja um leið til endurvinnslu. Yfirskriftin var Fernur eiga framhaldslíf. Haldin var ráðstefna árið 2017 í samstarfi við Festu, samfélagsábyrgð fyrirtækja og Tetra Pak. Aðalskilaboð Erik Lindroth, umhverfisstjóra Tetra Pak í N-Evrópu, sem var með erindi á fundinum: „… tómar umbúðir eru ekki rusl heldur efniviður til að framleiða nýjar umbúðir.“

Fjölnota ytri umbúðir

Mjólkursamsalan hefur um árabil notað stálvagna og grindur til að flytja mjólk og mjólkurvörur til verslana og með því sparað notkun einnota ytri umbúða. Þetta fyrirkomulag er bæði fyrirtækinu og verslunum til mikils hægðarauka – svo ekki sé minnst á umhverfislegan ávinning þar sem vagnarnir eru í stöðugri hringrás milli MS og verslana og notaðir aftur og aftur.

Enn fremur er hafin notkun á fjölnota kössum fyrir osta. Fyrst um sinn hafa þeir verið notaðir undir rifinn ost til aðila á fyrirtækjamarkaði (stórnotenda), en stefnt er að því að auka hlut þessara margnota kassa í flutningum á fleiri vörum og til smásöluaðila.

Plastbakkarnir sem skyrinu er raðað í eru framleiddir úr endurunnu plasti, þeim er safnað saman af verslunum og skilað aftur til endurnýtingar.



ÞÖKKUM FYRIR FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR Á LANDBÚNAÐARSÝNINGUNNI



Og við bjóðum alla nýja meðlimi í Mannol Bændaklúbbnum velkomna í hópinn!

Við minnum einnig á að tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

MANNOL Advance Lubrication Technologies

automatic ... gengur vel

Smiðjuvegi 11 | 200 Kópavogi | S: 512 3030
www.automatic.is | pantanir@automatic.is

LANDSTÓLPI



Við þökkum frábærar viðtökur á Landbúnaðarsýningunni.

VÉLAVAL
www.velaval.is

VELFERÐARSJÓÐUR BÍ AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Allir félagsmenn ***Bændasamtaka Íslands*** teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um:

Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss.

- *Útlagður launakostnaður, verktakagreiðslur og sambærilegur kostnaður sem leiðir af óvinnufærni.*

Styrki til forvarnarverkefna.

- *Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.*

Nánari upplýsingar á **bondi.is** og umsóknareyðublöð má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en 15. nóvember nk. á netfangið: velferdarsjodur@bondi.is.

Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Heimsframleiðsla á alfalfa er um 450 milljón tonn á ári.

Alfalfa – mest ræktaða fóður í heimi



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Ræktun á alfalfa sem fóður hefur margfaldast undanfarna áratugi. Plantan þykir gott fóður, hvort sem er fyrir nautgripi, sauðfé, hesta eða kanínur. Alfalfa er einnig ræktað til manneldis. Á íslensku kallast alfalfa refasmári.


Framleiðsla á alfalfa hefur aukist jafnt og þétt frá síðustu aldamótum og er í dag mest ræktaða fóðurjurt í heimi, auk þess sem plantan er ræktuð til manneldis. Undanfarin ár hafa verið ræktuð um það bil 450 milljón tonn af alfalfa á ári og um það bil 30 milljón hektarar notaðir til ræktunarinnar.

Sé ræktuninni skipt niður á heimsálfur er 41% hennar í Bandaríkjum Norður-Ameríku, 25% í Evrópu, 23% Suður-Ameríku og 8% í Asíu, Afríku og í Eyjaálfunni. Ef litið er til landnotkunar er alfalfa ræktað á um 11,9 milljón hektara í Bandaríkjunum, 6.9 milljónum hektara í Argentínu, tveim milljónum í Kanada, 1,8 í Rússlandi, 1,3 milljónum hektara á Ítalíu og í Kína og minna mæli annars staðar í heiminum.

Stærstu ræktunarsvæðin alfalfa í Bandaríkjunum eru í Kalifornía, Suður-Dakóta, Wisconsin Idaho og Montana.

Bandaríki Norður-Ameríku eru stærsti útflytjandi alfalfa í heiminum og fluttu út 2,7 milljón tonn af þurru alfalfa sem fóður árið 2017. Kína er stærsti innflytjandinn og flutti inn tæp tvö milljón tonn af þurru alfalfa fóðri. Næststærstu innflytjendurnir er Japan með rúmlega 0,5 milljón tonn. Í þriðja sæti er svo Sádi-Arabía með 0,3 milljón tonn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru árið 2017 flutt inn rúm 118,4 tonn af refasmára sem mjöl og kögglar til fóðurs, 73,8 frá Danmörk og 44,6 tonn frá Hollandi. Auk þess sem eitthvað er flutt inn af refasmárafræjum bæði til ræktunar og spíra til manneldis.





Gulblóma alfalfa, Medicago falcata, hefur reynst vel í ræktun í Alaska.

Fóður fyrir kýr í Sádi-Arabíu ræktað í Bandaríkjunum

Í grein sem birtist í Bændablaðinu í maí 2016 segir að fjárfestar frá Sádi-Arabíu og fleiri ríkjum við Persaflóa hafi verið að skófla til sín ræktarlandi í suðvesturhluta Bandaríkjanna, einkum í Kalifornía og Arizona. Eru íbúar sagðir vera farnir að þrútna af bræði út í þessa erlendu fjárfesta. Það er á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir hvað mestum áhrifum af langvarandi þurrkum. Þar hefur einnig verið gengið mjög á grunnvatnsbirgðir, meðal annars vegna mikillar ávaxtaræktunar.

Á vegum arabísku fjárfestanna er nú ræktað alfalfa í stórum stíl á bandarísku landi og með grunnvatni sem hratt gengur á. Refasmárinn er einstaklega orkuríkur sem fóður fyrir húsdýr og er plantan oft kölluð drottning fóðurjurtanna. Er uppskeran svo flutt þurrkuð sem hey með skipum í stórum stíl til Sádi-Arabíu. Þar er það nýtt til að fóðra mjólkurkýr sem aldar eru þar á gróðursnauðu landi sem býður ekki upp á möguleika til ræktunar á refasmára, né öðru nauðsynlegu fóðri. Ræktun á refasmára tekur til sín hlutfallslega mesta vatnsnotkun í Kalifornía samkvæmt tölum California Department og Water Resource. Nam vatnsnotkun vegna ræktunar á refasmára í ríkinu á árinu 2013 um 6,2 milljörðum tonna af vatni. Meðaltal þriggja ára vatnsnotkunar vegna refasmáraræktunar var um 6,8 milljarðar tonna. Um 95% af þessu vatni gufar svo upp við þurrkun á refasmáranum til útflutnings.

Með öfluga stólparót

Alfalfa, eða refasmári, er fjölær belgjurt af ertublómaætt, eins og hvít- og rauðsmári, sem kallast Medicago sativa á latínu. Plöntur innan ættkvíslarinnar Medicago teljast 87 og finnast flestar villtar í löndunum í kringum Miðjarðarhafið. Flestar tegundir innan ættkvíslarinnar eru lágvaxnar að alfalfa undanskilinni.

Refasmári þykir gott fóður fyrir búfé, hvort sem það eru nautgripir, hross, sauðfé eða geitur. Þar sem refasmári er niturbindandi er hann einnig ræktaður til að bæta jarðveg og í samplöntun til að auka uppskeru.

Plantan er með öfluga stólparót, með mörgum hliðarrótum, sem á fullvöxnum plöntum getur teygt sig rúma sex metra niður í jörðina í leit að vatni. Dæmi er um að hliðarrót refasmára hafi teygt sig 15 metra frá meginrótinni. Stöngullinn sléttur viðkomu, 30 til 100 sentímetra hár og með mörgum greinum. Blöðin þrífingruð, smáblöðin ílöng og lengdin þrisvar til fjórum sinnum breidd þeirra og saxtennt í endann. Blómin blá, 10 til 20 saman í hnapp. Fræbelgirnir spírallaga, grænir í fyrstu en verða brúnir með þroska, hver með 10 til 20 fræjum.

Nafnaspeki

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku kallast refasmári alfalfa og er talið að heitið sé þangað komið frá Íran, aspastor eða ispist, eftir margs konar framburðarbreytingar, með Spánverjum sem kölluðu plöntuna fyrst alfalfez eða al-fisfisa og síðan alfalfa. Heitið buffalóagras þekkist einnig í Norður-Ameríku.

Á Bretlandseyjum og í Danmörku kallast plantan lucerne, á sænsku lusern og á frönsku og þýsku luzerne. Á íslensku eru heitin refasmári og alfalfa algengust en heitið lúserna þekkist einnig. Heitið lucerna mun komið í latínu og táknar ljóshring. Lucerna er algengt kvenmannsheiti á rómönskum tungumálum.

Latneska ættkvíslarheitið Medicago er upprunnið úr grísku median og tengist Medesum sem lifðu í Íran eða Persíu á áttundu öld fyrir upphaf okkar tímatals. Tegundaheitið sativa þýðir að plantan sé ræktuð.

Á kínversku kallast refasmári zi mu.

Saga

Talið er að uppruna refasmára sé að finna í suðurhluta Mið-Asíu og að hann hafi fyrst verið ræktaður í Íran til forna. Samkvæmt gríska sagnamanninum Pliny sem var uppi á fyrstu öld eftir Krist kynntust Grikkir ræktun á refasmára 490 fyrir Krist þegar Persar hertóku grísk landsvæði og ræktuðu plöntuna þar.

Í bókinni Opus Agricultura eftir fimmtu aldar rithöfundinn Palladius segir að refasmári gefi uppskeru í tíu ár eftir að honum er sáð og að það sé óhætt að slá hann fjórum til sex sinnum á ári. Þar segir að refasmári sé gott fóður fyrir hesta og nautgripi en að nautgripir eigi til að fá þembu éti þeir mikið af honum.

Bæði Pliny og Palladius nefndu plöntuna medica og vísa þannig til Medesa í Persíu.

Sagt er frá alfalfa fræjum og spírum í fornum indverskum lækningaritum og sagt að hvoru tveggja sé næringarríkt og gott til að bæta blóðflæði líkamans. Samkvæmt Máranum Ibn al-'Awwam ræktuðu Spánverjar al-fisfisa eða alfalfa sem skepnufóður á 16. öld.

Plantan barst með spænskum landnemum vestur um haf til nýja heimsins á 16. öld sem fóður fyrir hesta. Ræktun plöntunnar hófst vestanhafs á austurströnd Bandaríkja Norður-Ameríku á 18. öld en án

mikils árangurs. Árið 1850 voru flutt fræ frá Síle til Kaliforníu og eftir það jókst ræktunin hratt.

Nytja

Alfalfa er langmest notað í fóður og þurrkað sem hey eða verkað í súrhey. Uppskerumagn á hektara er mikið og plantan þykir bæði næringarrík og gott fóður fyrir mjólkurkýr. Auk þess sem það er sagt gott fyrir kanínur til kjöteldis.

Til manneldis þykja alfalfaspírur góðar í salat og á samlokur og eru með vægum hnetukeim. Þurrkað alfalfa er selt sem te og í töflu- og duftformi sem megrunarvara. Líkt og í búfé getur alfalfa valdið þembu í fólki.

Ræktun

Erlendis þar sem alfalfaræktun er mest er fræjum plöntunnar sáð bæði vor og haust. Plantan er mislanglíf í ræktun eftir veðurfari og getur enst frá tveimur og upp í tuttugu ár. Þar sem best lætur gefur plantan nokkrar, allt upp í tólf, uppskerur á ári. Hæfilegt sáðmagn er 13 til 20 kíló á hektara

Plantan kýs sólríkan stað og vel framræstan jarðveg með pH 6,8 til 7,5. Refasmári dafnar best í fosfór- og kalíríkum jarðvegi en vinnur sjálfur nitur úr andrúmsloftinu með hjálp jarðvegsgerla.

Líkt og í annarri stórræktun leggst margs konar óværa á refasmára og getur hún ráðist á hvort sem er stöngla, lauf eða rætur. Talsverður kokteill af mishollum varnarefnum fer því í að verja uppskeruna.

Eftir slátt er heyið bundið í bagga eða rúllað í rúllur og geymt og flutt þannig.

Afbrigði og erfðabreytingar

Fjöldi afbrigða og yrkja að refasmára er í ræktun. Af eldri yrkjum má nefna 'Vernal' sem hefur verið í ræktun í áratugi og telst klassískt. Undanfarin ár hafa komið á markað ný yrki sem eru betur aðlöguð að ákveðunum ræktunarsvæðum. Má þar nefna yrkið 'Nondormant' sem er kuldaþolið og getur haldið áfram að vaxa yfir vetrarmánuðina í mörgum suðurríkjum Bandaríkjanna þar sem önnur yrki leggjast í dvala.

Eins og með flestar nytjaplöntur hefur talsvert verið fitlað við erfðavísa alfalfa. Mikið af erfðabreytingunum hafa verið til að auka þol og hreysti plöntunnar gegn kulda og auka uppskeru. Einnig hefur með kynbótum tekist að ná fram auknum fjölda laufa á hverri plöntu sem veldur bæði hraðari vexti og meiri uppskeru.

Á markaði eru yrki sem eru það sem kallast Roundup Ready og því ónæm fyrir glyphsate sem er eitt mest notaða plöntueitur í heimi.

Refasmári til manneldis

Alfalfaspírur eru próteinríkar og sagðar ríkar af karótíni, kalsíum, steinefnum, járni og vítamínum. Þær eru sagðar góðar til að draga úr háu kólesteróli í blóði og krankleika í nýrum og þvagblöðru og draga úr einkennum sykursýki, astma og liðagigt.

Plantan er þekkt í bæði kínverskum og vestrænum alþýðulækningum.

Ekki er mælt með að fólk neyti mikið að alfalfa-fræi eða laufblöðum ekki frekar en að borða hey.

Refasmári á Íslandi

Í tímaritinu Leifur, 3. árgangur 1885–1886, sem var gefið út í Winnipeg í Kanada á íslensku fyrir Vestur-Íslendinga, er að finna undir lið sem kallast Ýmislegt umfjöllun um nýja grastegund og vitnað til reynslu á því vestanhafs í Dakota.



Alfalfaræktun í Kalaharíeyðimörkinni.



Rótarkerfi alfalfa er öflugt og nær allt að sex metra niður í jörðina.



Uppskera á alfalfa.



Ræktun á alfalfa er vatnsfrek.



Bandaríki Norður-Ameríku er stærsti útflytjandi alfalfa í heiminum.



Alfalfaspírur eru góðar í salat.

„Alfalfa eða Chilian. grasteg., er fyrir mjög skömmu orðin kunn almenningi, er á stuttum tíma hefir rutt sjer mjög mikið til rúms hjer norðvestra. Það er vonandi, að hinir íslenzku bændur einnig gefi hinni nýju grastegund athygli.

Mr. J. R. Lowe, bóndi í Dakota, segir svo: „Fyrir fimm árum síðan var mjer sent frá búnaðarfjelagi nokkru litið eitt af „Alfalfa“-fræi, sem jeg þegar sáði í akurblett, er var tveggja ára gamall. Hið fyrsta ár hafði illgresið yfirhönd, og þar er jeg hirti ekkert um blettinn, fór svo á sömu leið í 3 ár, en samt sem áður jókst hið nýja gras ár frá ári, og vorið 1885 náði það algjörlega yfirhönd, og var farið að gróa þrem vikum á undan öllu öðru grasi, áður en naut gátu lifað úti á hinu villta grasi, var hið áðurnefnda orðið 6 þuml. hátt“. Enn fremur segir hann : „Alfalfa" er ein hin bezta fóður tegund fyrir allan kvikfjenað; það er engu síðra til holda og mjólkur en maiskorn. Og er það von mín, að þegar þessi hin nýja grastegund verður orðin almenn hjer i Dakota, að vjer ekki munum lita neinum öfundar augum til hinna bylgjandi maískornakra annarra fylkja. Því einn kostur þess er, að ekki þurfum vjer að vera hræddir um það á akrinum fyrir hagli, frosti nje þerri. það er óhult fyrir öllu þessu.

Maískorn er bezt allra korntegunda til gripaeldis, en sakir veðráttu hjer norðvestra er það mjög erfitt til ræktunar. og þar er „Alfalfa“ er jafnt því að kostum, þá ættu hinir vestlenzku bændur að setja það í sæti þess, og fría sig þannig við kostnað og fyrirhöfn.“

Refasmára er getið í 33. árgangi, 1963 til 1964, Náttúrufræðingsins í slæðingaskrá Ingólfs Davíðssonar.

Í Morgunblaðinu sunnudaginn 14. ágúst 1949 er viðtal við Olaf S. Aamodt, sem sagður er vera einn fremsti búfræðingur Bandaríkjanna. Í viðtalinu segist Aamodt hafa kynnt sér búnaðarsögu Íslands og skoðað búnaðarhætti og skýrslur. „Hefi jeg borið þetta saman við kynni mín af búnaði í löndum þar sem svipuð skilyrði eru og hjer á landi. Sjerstaklega hafa komið mjer að gagni fyrri rannsóknir mínar í Alaska.“ Þegar Aamodt er spurður hvort hægt sé að rækta alfalfa hér á landi segir hann: „Það er til alfalfa tegund, kölluð gulblóma alfalfa [Medicago falcata], sem ættuð er frá Síberíu. Fyrir fjörutíu árum var hún flutt til Alaska. Þar hefir hún dafnað ágætlega við svipuð skilyrði og hjer, og hefir orðið mikill búhnykkur að henni. Jeg tel, að nauðsynlegt sje að gera tilraunir með ræktun gulblóma alfalfa hjer á íslandi, því að hún er mjög góð fóðurjurt.“

Upp úr 1990 fer að bera talsvert á alfalfa, eða refasmára, í mataruppskriftum á síðum dagblaða og tímarita og segja má að alfalfaspírur hafi verið í tísku á þeim tíma.

MENNING & LISTIR

Mosar á Íslandi:

Grundvallarrit um mosa

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Í bókinni Mosar á Íslandi fjallar Ágúst H. Bjarnason um gerð og byggingu mosa, skiptingu þeirra í fylkingar. Í bókinni eru greiningarlyklar að öllum tegundum mosa sem vaxa hér á landi og lýsing hvernig skal standa að þurrkun þeirra og varðveislu. 250 tegundum er lýst í bókinni og ljósmyndir eru af 230 tegundum af rúmlega 600 tegundum sem rætt er um.

„Bókin er afrakstur af áhugamáli mínu í herrans mörg ár," segir Ágúst, „og nokkurs konar samantekt á því og mest unnin um kvöld og helgar." Ágúst gefur bókina út sjálfur í þúsund eintökum og segir að einn af kostunum við það sé að hann hafi getað haldið zetunni. „Það var eina stafsetningarreglan sem ég lærði í skóla og hef ekki getað gleymt henni ennþá."

Doktor í plöntuvistfræði

Ágúst er doktor í plöntuvistfræði og kenndi líf- og lífefnafræði við Menntaskólann við Sund í fjörutíu ár. Hann er meðal annars höfundur bókanna Íslensk flóra með litmyndum, Almenn vistfræði og Leiðbeiningar um plöntusöfnun auk þess sem Ágúst var ritstjóri Stóru garðabókarinnar.

Engin þörf fyrir grasafræðing

„Það var á vormánuðum 1968 sem ég kynntist mosum að einhverju marki í grasafræðinámi í Uppsölum. Óhætt er að segja, að ég hafi heillast af þeim frá fyrstu stundu. Síðar sótti ég ýmis námskeið í mosafræðum, meðal annars hjá Olle Mårtensson og Erik Sjögren. Á þeim árum var ég staðráðinn í því að leggja fyrir mig gróðurfræði með aðaláherslu á mosa. Hér heima hlaut það dræmar undirtektir og mér bent á að einn maður ynni nú í mosum og ekki væri þörf á liðsinni annarra.


Um þær mundir var talið að flóra landsins væri betur þekkt en flestra annarra landa í Evrópu, einnig var nýlokið við að kortleggja gróður á hálendinu. Á þessum tíma þóttust menn hafa í fullu tré við uppblástur, og ekkert fyki út í hafsauga lengur, því að nú væri grætt upp með tilbúnum áburði og grasfræi, og dreift úr flugvélum. Það væru því harla lítil not fyrir grasafræðing á næstu árum. Síðan æxlaðist það svo að ég hvarf að kennslu og grasafræðin, sem átti að verða lífsviðurværi mitt, varð að áhugamáli."

Rúmlega 600 tegundir af mosa

Ágúst segir að á Íslandi finnist 604 tegundir af mosum sem skiptast í þrjár fylkingar, blaðmosa, flatmosa og hornmosa.

„Reyndar er alltaf spurning hvað skal teljast tegund eða undirtegund og því ekki hægt að segja alveg nákvæmlega hvað tegundirnar eru margar. Ég reyndi eftir megni að taka inn allar tegundir sem ég vissi um en frétti af fjórum nýjum eftir að bókin var komin í prentun.

Ég hef ferðast mikið um landið og á þeim ferðalögum hef ég safnað mosum og síðan hef ég unnið að greiningu þeirra yfir vetrarmánuðina og smám saman safnast efni í sarpinn. Síðan verður að sjálfsögðu að endurskoða greiningarnar í samræmi við það nýjasta sem er að gerast í fræðunum. Ég veit til dæmis núna um tvær ættkvíslir sem ég fjalla um í bókinni sem búið er að endurskoða.



Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur. Mynd / VH.



Barnamosa þekkja margir úr mýrlendi, en það eru blaðmosar, sem geta drukkið í sig allt að tuttugu falda þyngd sína af vatni. Þeir geta verið grænir, gulgrænir, brúnleitir eða rauðir. – Myndin er af rauðbura, Sphagnum warnstorfii, sem er allalgengur um land allt. Mynd / Ágúst H. Bjarnason.



Flatmosar eru ýmist með stöngul og blöð eða mynda þal. Hér er mynd af þaltegund, flaganistli, Riccia sorocarpa, sem er nokkuð algeng um landið vestanvert í flögum og á hverasvæðum. Mynd / Ágúst H. Bjarnason.

Undanfarin ár hefur orðið gríðarlegur vöxtur í mosafræði víða um heim og satt best að segja ótrúlega mikill."

Ágúst tók mikið af myndunum í bókinni sjálfur auk þess sem hann leitaði til annarra myndasmiða.

„Ég leitaði til Íslendinga sem ég veit að hafa verið að taka mosamyndir og fékk dágott safn, auk þess sem sænskur vinur minn, Tomas Hallingbäck, sem hefur ferðast mikið um Ísland og tekið myndir af mosum, bauð mér aðgang að sínu safni."

Hvað eru mosar?

„Mosar eru fjölfrumungar sem ljóstillífa, það er frumbjarga vefplöntur sem eru komnar af grænþörungum fyrir nokkur hundruð milljón árum. Mosar eiga margt sameiginlegt með æðaplöntum eða háplöntum nema að þeir hafa ekki leiðslukerfi eða hvorki sáld- né viðaræðar. Frjóvgun mosa verður að fara fram í vatni og það veldur því að mosar geta lítið vaxið á hæðina því um leið og þeir eru komnir í ákveðna hæð verður vindþurrkun í toppnum sem kemur í veg fyrir frjóvgun."

Ágúst segir að þrátt fyrir að mosar séu ekki hátt skrifaðir hér á landi og mosavaxið land talið lítils virði sé sú hugsun byggð á misskilningi.

„Mosi er nauðsynlegur í náttúrunni sem eitt gróðurlag og þar sem þetta lag er ekki til staðar verndar það ekki jarðveginn og hann berskjaldaður fyrir regni og vindum. Í mosalaginu er gríðarlega mikið smádýralíf og fyrir ekki svo mörgum árum uppgötvaðist að í laginu lifa gerlar sem binda nitur andrúmsloftsins á sama hátt og gerlar sem lifa í sambýli við belgjurtir eins og til dæmis lúpínu. Í birkiskógi þar sem er þykkt mosalag er mikið af nitri skógarins upprunnið í mosalaginu. Það að eyða mosa eins og gerist við mikla sauðfjárbeit er því ein leið til að rústa gróðursamfélögum," segir Ágúst.

Rannsóknir á mosa

Að sögn Ágústs er hann ekki sá fyrsti sem fæst við rannsóknir á mosa hér á landi.

„Daninn August Hessebo skrifaði gagnmerka grein um íslenska mosa árið 1916, Bergþór Jóhannsson safnaði og greindi mikið af mosum og færði inn á kort og skrifaði um þá og ég hef gengið í þeirra verk og notfært mér þau. Helgi Hallgrímsson byrjaði að fást við mosa upp úr 1950 og hann var einna fyrstur manna til að gefa mosum íslensk nöfn og grunnurinn að nöfnum og nafnagift mosa í dag."

Að greina mosa

„Ég undrast oft hvers vegna áhugi á mosum sé jafnlítill og raun ber vitni hér á landi. Í flestum öðrum löndum eru hópar áhugamanna, sem safna og greina mosa í tómstundum líkt og aðrir safna frímerkjum en mér finnst stundum eins og hérlendis ríki rótgróin óbeit og áhugaleysi á mosum og mosavöxnu landi.

Það að greina mosa til tegunda eru í sjálfu sér engin vísindi heldur frekar þjálfun og ekki eins erfitt og oft hefur verið haldið fram. Sannleikurinn er sá að það er tiltölulega auðvelt að greina flestar tegundir þó svo að í sumum tilfellum þurfi stækkunargler eða jafnvel smásjá. Ég tel að það sé flestum fært að þekkja um helming mosategundanna í sundur með stækkunargleri.

Reyndar er það svo að þekking á plöntum almennt hefur farið mikið aftur hér á landi undanfarna áratugi og ég skil stundum ekki hvað fólk talar oft um plöntur af mikilli vanþekkingu. Sjálfur tel ég að það sé allt of lítið fjallað um plöntur í skólum og reyndar náttúrufræði í heild. Það var til dæmis ekki í tísku lengi vel að læra að þekkja tegundir og þótti gamaldags.

Í bókinni er að finna greiningalykla að öllum tegundum en fyrir þá sem nenna ekki að leggjast yfir þá er mikið að myndum sem ætti að hjálpa við að komast ansi nærri um hver tegundin er."

Næg verkefni fram undan

„Ha," segir Ágúst þegar hann er spurður hvað sé næsta skref hjá honum eftir að hafa lokið þessari bók.

„Þú segir nokkuð. Ætli ég snúi mér ekki næst að bókinni sem ég hef alltaf ætlað mér að skrifa því í sjálfu sér ætlaði ég mér aldrei að skrifa bók um mosa. Ég ætlaði mér upphaflega að skrifa bók um gróðursamfélög enda löngu kominn tími til enda lítið sem ekkert verið skrifað um þau frá því að bók Steindórs Steindórssonar, Gróður á Íslandi, kom út árið 1961.

Ég á líka í fórum mínum handrit að bók um gróður- og grasnytjar sem hefur setið á hakanum og ég gæti hugsanleg dustað rykið af því," segir Ágúst H. Bjarnason grasafræðingur.



Bæta þarf mönnun sjúkraflutninga sem aukast jafnt og þétt og þá vantar dagdvalarúrræði fyrir aldraða á Blönduósi. Mynd / HKr.

Norðurland vestra:

Staða heilbrigðismála heilt yfir þokkaleg en margt má bæta

Staða heilbrigðismála á Norðurlandi vestra er heilt yfir þokkaleg, en ýmislegt má þó bæta, m.a. mönnun sjúkraflutninga sem aukast jafnt og þétt og þá vantar dagdvalarúrræði fyrir aldraða á Blönduósi.

Þetta kemur fram í skýrslu sem unnin var af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri en vinnsla hennar var áhersluverkefni sóknaráætlana landshluta árið 2017. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra létu vinna skýrsluna sem fjallar um stöðu heilbrigðisþjónustu í fjórðungnum. Í henni er dregin saman staða heilbrigðisþjónustu í landshlutanum og hún borin saman við heilbrigðisþjónustu á Vestfjörðum.

Það sem einna helst skilur á milli Norðurlands vestra og Vestfjarða er að í fyrrnefnda fjórðungnum er skortur á fæðingar- og skurðstofustarfsemi, slík þjónusta er ekki til staðar á Norðurlandi vestra. Nefnt er í skýrslunni að Vestfirðir hafi sennilegast notið meiri þjónustu en Norðurland vestra vegna ákveðinnar fjarlægðarverndar. Margt bendi til að þróunin verði líkari í landshlutanum á næstu árum, annars vegar vegna bættra samgangna á Vestfjörðum og til annarra landshluta og hins vegar vegna mögulegra mannabreytinga. Erfitt geti reynst að ráða starfsfólk með þá almennu og breiðu færni sem til þarf.

Illa gengur að manna stöður sérfræðilækna

Mjög illa hafi um langa hríð gengið að manna stöður sérfræðilækna á landsbyggðinni og ljóst að við því verði að bregðast. Ekki er að sjá að Norðurland vestra skeri sig úr að þessu leyti. Fram kemur að heilbrigðisstofnanir séu of háðar því að sjálfstætt starfandi læknar hafi tíma og áhuga á því að vinna tímabundið hjá þessum stofnunum. Sú lausn hafi stundum verið nefnd, m.a. af Landlækni og í aðdraganda síðustu alþingiskosninga að Landspítali og eða Sjúkrahúsið á Akureyri hafi umsjón með þessum málum og sendi sérfræðinga á heilbrigðisstofnanir eins og þurfa þykir, að heimsóknir af því tagi sé hluti af starfsskyldum tiltekinna sérfræðinga. Ljóst er, segir í skýrslunni, að slíkar heimsóknir myndu draga verulega úr kostnaði og óþægindum sjúklinga af landsbyggðinni þrátt fyrir að ýmsa þjónustu muni áfram þurfa að sækja til stærri sjúkrahúsa.

Geðlæknir ekki komið á Krókinn frá 2010

Sérstaklega er í þessum efnum kallað eftir þjónustu geðlækna. Viðtöl sérfræðilækna á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eru nánast einungis í boði á Sauðárkróki. Árið 2016 voru um 2.050 viðtöl þar og er það heldur minna en meðaltal áranna 2004 til 2016. Hins vegar er það talsverð aukning frá árunum tveimur þar á undan. Munar þar mestu að enginn geðlæknir hefur komið á Sauðárkrók frá árinu 2010. Á árunum 2005 til 2009 voru tæplega 500 viðtöl þar á ári.

Fram kemur í skýrslunni að dagvistunarúrræði séu nokkuð góð bæði á Sauðárkróki og Hvammstanga en kallað er eftir slíkri þjónustu á Blönduósi. Samkvæmt spám um aldurssamsetningu mun ekki draga úr þörf fyrir þjónustu af því tagi á næstu árum.

Verktaka ekki heppileg

Líkt og gildir víða á landsbyggðinni er mönnun heilbrigðisstarfsfólks viðkvæm á Norðurlandi eystra, einkum hefur víða reynst erfitt að fá heilsugæslulækna til starfa og á því vandamáli þarf að finna lausn. Vandi af því tagi er þó ekki nýr af nálinni. Á starfssvæði SSNV hefur staðan verið einna best á Hvammstanga undanfarin tvö ár, en þar hafa verið tveir heilsugæslulæknar, á Sauðárkróki hefur ekki tekist að manna stöður að fullu og á Blönduósi hefur ekki verið fastráðinn læknir í fullu starfi lengi. Þar eru málin leyst með verktökulæknum annars staðar frá. Það þykir ekki heppilegasta leiðin til að reka heilsugæslu, kostnaður er meiri en þegar læknar eru starfandi við heilsugæsluna sem launþegar, auk þess sem erfiðara er að mynda og viðhalda sambandi milli læknis og sjúklings.

Fjarheilbrigðisþjónusta nefnd sem lausn

Fjarheilbrigðisþjónusta er lausn sem oft er nefnd og bendir að því er fram kemur í skýrslunni flest til þess að vægi hennar muni aukast á næstu árum, en hún komi þó ekki alltaf í stað hefðbundinnar mönnunar. Geðlækningar hafa verið nefndar sem hentugt form fjarlækninga.

Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að ávallt sé hægt að komast hratt og örugglega á milli Norðurlands vestra og annaðhvort Akureyrar eða Reykjavíkur en sú er þó ekki alltaf raunin. Fjarheilbrigðisþjónusta, betri samgöngur og síðast en ekki síst aukin þjónusta í heimabyggð eru þær lausnir sem eru í boði til þess að bæta heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi vestra. */MÞÞ*

Áhrif af El Nino í Ástralíu:

Spá auknum hita, þurrkum og kjarreldum

„Engar góðar fréttir“, segir í yfirlýsingu frá áströlsku veðurstofunni, „og ástandið á eftir að versna“.

Veðurfræðingar í Ástralíu eru þungir á brún þessa dagana og segja að um 70% líkur séu á nýju El Nino veðurfyrirbæri á næstu mánuðum. Gangi spárnar eftir má búast við hækkun hitastigs í Ástralíu og víðar með þurrkum og auknum kjarr- og skógareldum.

September á þessu ári er sá þurrasti frá því að mælingar hófust árið 1900 og mestur er þurrkurinn í New South Wales og Queensland þar sem er mikill landbúnaður. Auk þess sem þurrkarnir valda minni uppskeru nytjaplantna rýra þeir einnig beitiland sem getur leitt til uppblásturs.



Þrátt fyrir alvarlega þurrka hafa andfætlingar okkar ekki misst húmorinn.

El Nino er heiti yfir það þegar breytingar verða á staðvindum í Kyrrahafinu sem valda óvenju háum sjávarhita við miðbaug. Á El Nino árum minnkar úrkoman í Indónesíu og Ástralíu á sama tíma og úrkoma eykst í Suður-Ameríku og hluta Bandaríkjanna. Á spænsku þýðir El Nino drengur og vísar til Jesúbarnsins í jötunni.

Lofthiti jarðar mælist alltaf hár á El Nino árum og með aukningu lofthita vegna gróðurhúsalofttegunda er líklegt að enn eitt hitastig jarðar verði slegið fljótlega.

Alvarlega afleiðingar

Afleiðing þurrka af þessu tagi er uppskerubrestur, atvinnuleysi, hærra verð á matvöru, lægri laun og almennt rótleysi og upplausn í samfélaginu. */VH*

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

BÚSTJÓRI Á TILRAUNA- OG KENNSLUBÚI LBHÍ Á HESTI

Laust er til umsóknar starf bústjóra á tilrauna- og kennslubúi Landbúnaðarháskóla Íslands (Lbhí), í sauðfjárrækt, að Hesti í Andakíl.

Að Hesti er rekið tilrauna- og kennslubú í sauðfjárrækt og tilgangur búsins er að skapa aðstöðu fyrir rannsóknir og kennslu í búgreininni. Áhersla er lögð á gott skýrsluhald um bústofninn ásamt reglusemi og snyrtimennsku í öllu sem varðar búreksturinn. Fjárfjöldi er um 650 vetrarfóðraðar kindur.

Umsækjendur skulu hafa lokið búfræðiprófi og það telst kostur að hafa einnig lokið B.Sc. prófi í búvísindum eða sambærilegu námi. Reynsla af sauðfjárbúskap er nauðsynleg.

Bústjóri vinnur með öðrum sérfræðingum Lbhí að skipulagningu og framkvæmd tilrauna í sauðfjárrækt ásamt undirbúningi og aðstoð við verklega kennslu. Krafist er lipurðar í mannlegum samskiptum og sjálfstæðra vinnubragða auk góðrar hæfni til að miðla eigin kunnáttu.

Gert er ráð fyrir að umsækjandi hefji störf 1. desember 2018 eða sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sæmundur Sveinsson rektor í síma 433 5000 eða tölvupósti saemundur@lbhi.is.

Umsóknarfrestur er til 1. nóvember 2018. Umsóknir sendist til Landbúnaðarháskóla Íslands, b/t Arna Garðarsdóttir Ásgarði - 311 Hvanneyri eða í tölvupósti til arnag@lbhi.is. Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni vottorð um námsferil og starfsferilskrá.

Landbúnaðarháskóli Íslands áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ÁSCO

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Nútíma **músa**varnir
HÁTÍÐNIFÆLUR
Sölustaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunin Eyri
Vélaval
STREYMI heildverslun
Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri
S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

LÍF & STARF

Vel lukkaður Hrútadagur á Raufarhöfn

Það var að venju margt um manninn á Hrútadeginum á Raufarhöfn sem haldinn var laugardaginn 6. október. Hrútar voru þuklaðir og metnir, og fór einn gæðahrútur á uppboð. Hann seldist á litlar 153 þúsund krónur og er það með því hæsta sem hefur sést á þessum degi sem var nú haldinn í 13. sinn.

Vikuna fyrir Hrútadaginn eru menningardagar á Raufarhöfn. Þar voru ýmsir viðburðir í boði þó veðrið hafi ekki alveg unnið með heimamönnum, þar sem nokkur bleytutíð hefur verið undanfarnar vikur. Þar stigu hagyrðingar á stokk, barnabíó, bogfimikynning, léttmessa, súpukvöld og pókerkvöld svo eitthvað sé nefnt. Á föstudagskvöldinu þandi Stefán Jakobsson raddböndin við undirleik Andra Ívarssonar en þeir félagarnir taka Föstudagslögin alla leið með fjölda af flottum ábreiðum.

Hrútadagurinn rann upp bjartur og fagur þar sem þorpið skartaði sínu fegursta í haustblíðunni. Í Faxahöll var að venju hægt að kaupa kjötsúpu og bakkelsi, Akurselsgulræturnar voru á sínum stað ásamt handverki og öðrum söluvarningi. Gunnar Þóroddsson á Hagalandi í Þistilfirði átti hæst stigaða hrútinn sem fór á uppboð og var hann með 89 stig. Hann var seldur í Berufjörð og stendur sig vonandi í jólavertíðinni. Gunnar sagði að það væri bara gaman að selja svona góðan hrút, hann hafði gefið honum nafnið Banki og má segja það réttnefni þar sem hann skilaði eiganda sínum ágætlega í bankann. Banki er undan Lína frá Snartarstöðum og Túnrækt frá Hagalandi. Afurðahæstu ána áttu Gunnar Björnsson og Anna Englund frá Sandfellshaga í Öxarfirði. Besta lambhrútinn áttu Helgi Árnason og Sigurlína Jóhannesdóttir frá Snartarstöðum en hann var ekki falur og fór því aftur heim með eigendum sínum.

Fegurðarkeppni gimbra var glæsileg í ár þar sem börnin skreyttu gimbrar og sýndu þær á palli. Ýmsar kúnstir voru við að koma þeim á pallinn og sumar óvenju þverar að láta stjórna sér. Höskuldur Steinþórsson á Höfða við Raufarhöfn fékk verðlaun fyrir gimbrina með mesta sauðaþráann, Hólmfríður Katrín Jónsdóttir frá Þórshöfn fékk verðlaun fyrir fallegustu gimbrina og Ása Margrét Sigurðardóttir frá Holti í Þistilfirði fékk verðlaun fyrir best skreyttu gimbrina.

Skemmtilegur viðburður var þegar Hjalti Hjaltason afhenti eldri borgurum á Raufarhöfn fallegt líkan að Búðinni á Raufarhöfn. Hjalti var nokkurn tíma að smíða líkanið og sagði þetta vera frumraun sína í slíkum nákvæmnis smíðum. Hann er sjálfur ættaður frá Skinnalóni á sléttu og er því svæðið afar kært. Búðin var stórt hús, 250 fm í grunnflötinn, og var því með stærstu húsum á Íslandi þegar það var reist á Raufarhöfn árið 1835 eftir flutning frá Danmörku. Búðin hýsti verslun og ýmsa aðra starfsemi allt þar til hún eyðilagðist í eldsvoða árið 1965. Líkanið verður eign eldri borgara á Raufarhöfn og leitast verður við að finna því stað þar sem almenningur getur skoðað það.

Þegar kvöldaði var skemmtun með Hundi í óskilum og síðan dunaði dansinn inn í nóttina sem var viðeigandi endir á skemmtilegri menningarviku. */GBJ*



Fjölmennt var á Hrútadögum í Faxahöllinni á Raufarhöfn. Myndir / GBJ



Sameinaður kór Þórshafnar, Raufarhafnar og Kópaskers var settur saman fyrir Hrútadaginn og söng nokkur lög.



Kjötsúpan hressir og kætir.



Mesti sauðaþráinn.



Kristín Svala Eggertsdóttir, Vilborg Stefánsdóttir og Guðrún Petra Jónsdóttir.



Guðrún Petra Jónsdóttir með fallega og nokkuð gæfa gimbur.



Og það var þuklað og þuklað ...



Uppboðshrútur. Mynd / Hildur Stefánsdóttir



Verðlaunahafar á palli.



Hjalti Hjaltason með eldri borgunum á Raufarhöfn.

SAUÐFJÁRRÆKT & ULLARVINNSLA

Aukin verðmætasköpun og sókn í ullarframleiðslu

– Flokkun verður aukin til að bæta verðmæti ullarinnar

Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex, segir að unnið hafi verið að breytingum á flokkun ullar í samráði við bændur til að auka verðmætasköpun í ullarvinnslu. Þá sér í lagi til að mæta þörf á jafnara hráefni og auka sérstöðu lakari flokka í augum viðskiptavina.

Sigurður segist þó vilja taka það fram að langflestir bændur skila af sér góðri og vel flokkaðri ull. Hins vegar megi alltaf gera betur til að auka verðmætin fyrir bændur.



Sigurður Sævar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ístex. Mynd / HKr.

Staða ullarmarkaða

„Í íslenska lopann er notuð betri ullin, eins og H-Lamb, H-2-Lamb og H-1 flokkur. Lakari flokkar eins og H-2 og M-2 eru aðallega seldir erlendis, þá aðallega í gólfteppaband. Undanfarin 5 ár hefur aukist talsvert framboð af nýsjálenskri ull og af ódýrum gerviefnum, m.a. vegna lágs olíuverðs. Margir framleiðendur á gólfteppabandi hafa fylgt þessari þróun, þar sem framleiðsla verður ódýrari og jafnari. Þegar þessir aðilar fá ullarballa með mjög góðri ull í einu horni og lélegri ull í öðru þá vilja þeir alltaf miða verð við lakari hlutann sökum óvissu. Ístex hf. fjárfesti í ullarblöndunarklefum, sem voru settir upp síðastliðinn vetur, til að fá jafnara og betra hráefni. Þessi áhersla á aukin gæði hefur skilað því að trú á íslenska ull hefur aftur aukist, engin kvörtun hefur borist og fleiri vilja prófa ullina. Íslenska ullin þykir gefa gólfteppabandi meiri styrk miðað við aðrar ullargerðir," segir Sigurður

Nú er tími til að undirbúa sókn

„Það eru nokkrir þættir sem gefa ástæðu til að ullarverð fari hægt og sígandi að hækka á erlendum ullarmörkuðum, m.a. vegna hækkandi olíuverðs. Þess vegna viljum við í samstarfi við bændur finna leiðir til að auka sérstöðu íslensku ullarinnar og finna aukin verðmæti í lakari ullarflokkunum og greina betur á milli flokka. Þess vegna leggur Ístex til að nokkrar breytingar á ullarflokkum verði prófaðar. Nú ætlum við að bjóða bændum að bæta við sérflokk fyrir grófa ull af lærum, kvið og þess háttar. Þessi flokkur kallast H-3-H og er tilraunaflokkur. Þannig að gamli flokkurinn, H-2-H, batnar í gæðum og hækkar í verði."

H-3-H hvítt – haustrúin ull

„H-3-H er ætlaður fyrir hvíta haustull sem er gróf og/eða gölluð. Læraull, kviðull og ull af jöðrum H-1-H og H-2-H reyfa skal nú setja í H-3-H. Langtíma markmiðið með þessum flokk er að auka mýkt íslensku ullarinnar bæði í fyrsta og öðrum flokk. Þumalputtaregla segir að 2 mikron mýkri ull er um 20% verðmætari. Þetta er tilraun er vert er að láta reyna á."

Vetrarull – Hvítt snoð

Á vorin hefur heilsársull og snoð verið sett saman undir einn flokk H-2-V. Nú breytist það þannig að snoðið fer sér og heilsársullin sér, fyrir hvít reyfi.

„Snoðið verður sér flokkur einfaldlega vegna þess að það hentar viðskiptavinunum betur. Þeir vilja fá þetta hvort í sínu lagi. Þessi ull hefur í gegnum tíðina verið erfið í þvotti og blönduð við heilsársull. Nú hefur fundist beinn markaður fyrir svona stutt hár, en þetta er fallegt og mjúkt efni eftir þvott."

Vetrarull – Hvít heilsársull

„Gæði á þessari ull hafa aukist talsvert eftir að snoðið var tekið úr og blöndunarklefunum var bætt við á Blönduósi. Þetta þykir m.a. sterk og góð ull í gólfteppaband."

Mislit M-2-Lamb

„Til þess að auka verðmæti M-2 flokksins þá bjóðum við bændum nú að flokka mislita lambsull í M-2-Lamb sem áður hefði farið beint í M-2. Lambsull er finni en önnur ull í M-2 og eru ýmis tækifæri með þann flokk. Þarna er örugglega hægt að bæta í.

Með þessum breytingum eigum við að geta hækkað meðalverðið og náð betri nýtingu. Þetta ætti ekki að vera flókið því menn eru með þetta aðskilið þegar verið er að rýja."

Sigurður segir að þó mislita ullin sé verðminnst, þá sé nú í gangi töluverð þróunarvinna í kringum þann flokk.

„Við höfum keypt 99% af allri ull og þvoum. Okkar bestu flokkar sem við getum notað er 1. flokkur og lambsull. Annað er of gróft. Það höfum við að hluta verið að selja úr landi sem hráull í teppaframleiðslu. Sá markaður hefur verið mjög erfiður og lágt verð fyrir ullina. Það hefur þó aðeins verið að hækka, en það tengist dálítið sveiflum í olíuverði og framleiðslu á Nýja-Sjálandi. Síðan hefur krónan verið að síga líka."

Með hækkandi gengi krónu minnkaði innanlandssalan á lopa

Varðandi sölu á lopa segir Sigurður að það hafi orðið mikil aukning á sölu hér innanlands til 2014 og 2015. Þá hafi gengið farið að hækka og innflutningur að lækka og innanlandssalan á lopa dróst saman. Segir hann að slíkar sveiflur hafi ekki sést í sölunni erlendis. Þar hafi verið jöfn og stöðug 10% aukning ár eftir ár.

„Sá markaður sem hefur verið með mestu aukninguna er Svíþjóð. Síðan eru Danmörk, Þýskaland og Bandaríkin stærstu vaxtarsprotarnir."

Sagði Sigurður að aukin eftirspurn erlendis hafi kallað á meiri vinnu hjá Ístex.

„Við bættum við okkur fólki í spunaverksmiðjunni í sumar. Nú erum við byrjuð að vinna á dag- og kvöldvöktum. Það eru 43 skráðir á launaskrá hjá okkur og talan fer upp í 53 yfir veturinn þegar við bætum við mannskap á þvottastöðinni."

Verið að búa til skýringarmyndband

Sigurður segir að verið sé að vinna að myndböndum, appi og heimasíðu til að aðstoða bændur við meðhöndlun og flokkun ullar. Þá séu bændur hvattir til að hika ekki við að hafa samband við Ístex til að fá nánari útskýringar um hvernig megi auka gæði íslenskrar ullar.

„Þá er verið að taka upp kerfi sem gefur bændum fyrr og betri upplýsingar ef breyting er gerð á flokkun ullar við þvott á Blönduósi. Innleggjendur eru hvattir til að hafa allar upplýsingar á Bændatorgi eins réttar og kostur er. Þannig má tryggja að allt ferlið gangi sem greiðast," segir Sigurður. */HKr.*

Ullarverð 2019 - kr/kg

Flokkur	Ístex
Haustull	
H-Lamb	515 kr/kg
H-1 Flokkur	415 kr/kg
H-2 Flokkur	120 kr/kg
H-3 Gróft Flokkur	118 kr/kg
H-2 Lamb (lítið gölluð)	415 kr/kg
M-Svart	336 kr/kg
M-Grátt	336 kr/kg
M-Mórautt	336 kr/kg
M-2 Flokkur	60 kr/kg
M-2 Lamb	100 kr/kg
Vetrarull	
Heilsársull	118 kr/kg
Snod	118 kr/kg
M-Svart	336 kr/kg
M-Grátt	336 kr/kg
M-Mórautt	336 kr/kg
M-2 Flokkur	60 kr/kg

Birt með fyrirvara um samþykki

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Móttökustaðir fyrir ull og afhending umbúða 2018/19

Söfnunarstaður	Flutningsaðili	Sími	Ullarpokar fást hjá	Sími
Mosfellsbær	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300	Ístex hf. Völuteig 6	566-6300
Borgarnes	Magnús Kristjánsson	832-1557	KB. Búrekstrardeild	430-5500
Snæfellsnes	Velverk. Ystu Görðum	894-7257	Ragnar og Ásgeir Grundarfirði	430-8100
Búðardalur	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Saurbær	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Króksfjarðarnes	Biggi Upp ehf	691-4995	KM þjónustan Búðardal	434-1611
Barðaströnd	Biggi Upp ehf	691-4995	Barði Sveinsson Innri-Múla	456-2019
Þingeyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Flateyri	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Ísafjarðardjúp	Biggi Upp ehf	691-4995	Hákon S. Unnsteinsson Ketilseyri	849-8364
Hólmavík	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Bitrufjörður	Strandafrakt	892-4646	Strandafrakt	892-4646
Borðeyri	Strandafrakt	892-4646	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Hvammstangi	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag V-Hún, pakkhús	455-2325
Blönduós	Ullarþvottastöð	483-4290	Lífland Blönduósi	540-1155
Sauðárkrókur	Ullarþvottastöð	483-4290	Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Eyri	455-4610
Akureyri	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi Oddeyrargötu	460-3350
Húsavík	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	458-8980
Mývatn	Rúnar Jóhannsson	847-6616	Bústólpi-Húsavík. Trausti	458-8980
Kópasker	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Þórshöfn	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Vopnafjörður	Vökvaþjónusta Eyþórs	893-1277	Vökvaþjónusta Eyþórs, Kópaskeri	893-1277
Egilsstaðir	Sverrir Þór Sverrisson	865-0240	Jötunvélar, Egilsstöðum	480-0448
Höfn	Viðir Gíslason	864-4819	KASK Höfn Hornafirði	470-8222
Kirkjubæjarklaustur	Viðir Gíslason	864-4819	N1 - Kirkjubæjarklaustri	487-4628
Vík	Viðir Gíslason	864-4819	Ragnar S. Þorsteinsson	864-9628
Hvolsvöllur	Þórður Jónsson	893-2932	Þórður Jónsson	893-2932
Flúðir	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840
Selfoss	Biggi Upp ehf	691-4995	Fóðurblandan Selfossi	570-9840

Vinsamlega gætið að því að hafa aðeins 20-25 kg í hverjum ullarpoka!

UTAN ÚR HEIMI



Nýleg rannsókn á fjölda skordýra í Þýskalandi sýnir að fjöldi þeirra hefur dregist saman um allt að ¾.

Geigvænleg fækkun skordýra

Samkvæmt nýrri rannsókn í Þýskalandi hefur skordýrum þar í landi fækkað um þrjá fjórðu á síðustu 25 árum. Svo mikil fækkun hefur alvarlegar afleiðingar fyrir lífkerfið í heild.

Skordýr af öllum stærðum og gerðum eru nauðsynlegur hluti af vistkerfinu hvort sem það eru frjóberar eða fæða fyrir fugla og önnur dýr. Nýleg rannsókn á fjölda skordýra í Þýskalandi sýnir að fjöldi þeirra hefur dregist saman um allt að ¾ á síðustu 26 árum. Reikna má með að tölur um fækkun skordýra í öðrum löndum séu svipaðar. Helsta orsök fækkunarinnar er sögð vera notkun á skordýraeitri og breytingar í veðri af völdum hlýnunar jarðar. Aukinn landbúnaður, sem óhjákvæmilega dregur úr líffræðilegri fjölbreytni, er einnig sagður drjúg ástæða fyrir fækkun skordýra.

Skordýrafræðingar víða um heim hafa lýst yfir miklum áhyggjum yfir fækkun skordýra í heiminum og segja að ef fækkun þeirra haldi áfram verði afleiðingarnar geigvænlegar. Þeir segja að til að rétta hlut skordýra verði að friða stór landsvæði fyrir þau og helst að gera landbúnaðarland fjölbreyttara með fjölbreyttari ræktun.

Það sem gerir niðurstöðu rannsóknarinnar enn ógnvænlegri er að hún fór að mestu fram á náttúruverndarsvæðum og friðlandi þar sem búast má við að finna meira af skordýrum en í borgum og á landi sem notað er undir landbúnað og ræktun. */VH*



Uppi eru hugmyndir um að draga úr eftirliti á kjúklingakjöti innan Evrópusambandsins.

ESB vill draga úr eftirliti á kjúklingakjöti

Ef hugmyndir sem nú eru á sveimi innan reglugerðafargans Evrópusambandsins verða að veruleika má búast við að reglur um eftirlit með kjúklingakjöti verði rýmkaðar og að dregið verði úr eftirlitinu. Sérfræðingar segja óhjákvæmilegt annað en að matareitrunum muni fjölga í kjölfarið.

Samkvæmt núverandi reglum Evrópusambandsins er skylt að skoða alla kjúklinga sem er slátrað fyrir hugsanlegu smiti eða merkjum um smit áður en þeir fara á markað. Nú eru uppi hugmyndir um að draga úr eftirlitinu. Sérfræðingar segja að minna eftirlit muni óhjákvæmilega leiða til aukinnar tíðni matareitrana.

Vilja draga úr eftirliti

Innan Evrópusambandsins eru uppi hugmyndir um að draga úr opinberu eftirliti með slátrun og heilbrigði kjúklinga sem fara á markað. Samkvæmt tillögum sem verið er að skoða er gert ráð fyrir því að í staðinn fyrir að hver einasti fugl verði skoðaður verði hér eftir einungis teknar stikkprufur til athugunar. Nýju reglurnar eiga aðallega að gilda um kjúklingaframleiðendur og afurðastöðvar sem standast opinberar kröfur um hreinlæti og sjúkdómavarnir.

Rök fyrir minna eftirliti byggja á þeirri röksemd að öll meðferð á matvælum í dag sé betri en þegar fyrri reglur voru settar og að dregið hafi úr hættu á sýkingum.

Aukin hætta á smiti

Eftirlitsaðilar og talsmenn ýmissa neytendasamtaka segja aftur á móti að strangt eftirlit með kjúklingaslátrun og kjúklingakjöti sem fer á markað sé nauðsynlegt til að tryggja neytendum ósýkta vöru og benda á að kampýlóbakter sýking sé algengasta orsök matareitrunar í Evrópu. Fjöldi skráðra tilfella matareitrunar af völdum kampýlóbakter í Evrópu er um níu milljón á ári og fer vaxandi. Flest dæmin eru vegna smits úr kjúklingakjöti. */VH*

Á FAGLEGUM NÓTUM

Tuttugu stærstu afurðafyrirtæki heims

Röð	Nafn	Höfuðstöðvar	Innvegið magn mjólkur, milljarðar kg.	Hlutfall af heimsframleiðslunni
1	Dairy Farmers of America	Bandaríkin	29,2	3,5%
2	Fonterra	Nýja-Sjáland	23,7	2,8%
3	Lactalis	Frakkland	19,6	2,4%
4	Arla Foods	Danmörk	13,9	1,7%
5	Nestlé	Sviss	13,7	1,6%
6	FrieslandCampina *	Holland	13,6	1,6%
7	Saputo *	Kanada	9,8	1,2%
8	Dean Foods	Bandaríkin	9,4	1,1%
9	Amul	Indland	9,3	1,1%
10	Danone	Frakkland	8,6	1,0%
11	DMK *	Þýskaland	8,1	1,0%
12	California Dairies	Bandaríkin	7,7	0,9%
13	Yili *	Kína	7,2	0,9%
14	Glanbia	Írland	6,5	0,8%
15	Mengniu	Kína	6,4	0,8%
16	Agropur	Kanada	6,3	0,8%
17	Sodiaal	Frakkland	4,9	0,6%
18	Müller *	Þýskaland	4,6	0,6%
19	Schreiber Foods	Bandaríkin	4,5	0,5%
20	Bongrain/Sacencia	Frakkland	4,1	0,5%

**Byggt á áætlun IFCN*

20 stærstu afurðafyrirtæki heims með 25% mjólkurinnar



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Í sumar og haust komu út skýrslur um umsvif afurðafyrirtækja í mjólkuriðnaði í heiminum árið 2017, í þeim er stærstu fyrirtækjum heimsins raðað upp bæði eftir veltu og magni innveginnar mjólkur. Þessar skýrslur er gefnar út af tveimur ólíkum aðilum og út frá ólíkum forsendum, en gefa einstaka sýn á þá stöðu og þróun sem á sér stað í heiminum á þessu sviði.

Önnur skýrslan, sem tekur mið af veltu fyrirtækjanna, er gefin út af hollenska samvinnubankanum Rabobank, en hann er án nokkurs vafa sérhæfðasta fjármálafyrirtæki í heimi á sviði landbúnaðarmála og er með rekstur í mörgum löndum. Hin skýrslan, sem horfir til umsvifa fyrirtækjanna með tilliti til innveginnar mjólkur, er tekin saman af IFCN (International Farm Comparison Network) samtökunum en það eru alþjóðleg samtök sem fylgjast með ýmsu því sem snýr að mjólkurframleiðslunni í heiminum.

Nestlé með langmesta veltu

Þegar skýrsla Rabobank er skoðuð kemur þar fátt á óvart, þ.e. fyrir þá sem hafa fylgst með þróun afurðavinnslu í mjólkuriðnaðinum í heiminum undanfarin ár. Í efsta sæti listans (sjá töflu 1) yfir veltumestu fyrirtækin í mjólkuriðnaði er svissneski risinn Nestlé en það fyrirtæki hefur verið langstærsta fyrirtækið í áraraðir og ber í raun höfuð og herðar yfir önnur fyrirtæki á þessu sviði enda stærsta matvælafyrirtæki í heimi.

Árið 2017 nam heildarvelta þess af viðskiptum með mjólkurvörur eingöngu, 24,2 milljörðum bandaríkjadollara, sem svarar til um 2.800 milljarða króna! Til þess að setja þessa veltutölu í samhengi má geta þess að verg landsframleiðsla Íslands árið 2017 var 2.555 milljarðar króna samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands. Mjólkurafurðahluti Nestlé, sem fyrirtækið var upphaflega stofnað í kringum, er innan við þriðjungur af umvifum fyrirtækisins í dag.

4 af 10 efstu samvinnufélög

Sé litið neðar á listann má sjá að í öðru og þriðja sæti eru frönsku fyrirtækin Lactalis og Danone en bæði eru einkafyrirtæki, í fjórða sæti er síðan hið bandaríska Dairy farmers of America, sem er samvinnufélag líkt og næstu fyrirtæki á listanum: Fonterra, sem er í eigu bænda á

Velta tuttugu stærstu afurðafyrirtækja heims

Röð	Nafn	Höfuðstöðvar	Velta milljarðar USD	Velta milljarðar ÍSK
1	Nestlé	Sviss	24,2	**2.807**
2	Lactalis	Frakkland	19,9	**2.308**
3	Danone	Frakkland	17,6	**2.042**
4	Dairy Farmers of America	Bandaríkin	14,7	**1.705**
5	Fonterra	Nýja-Sjáland	13,7	**1.589**
6	FrieslandCampina	Holland	13,6	**1.578**
7	Arla Foods	Danmörk	11,7	**1.357**
8	Saputo	Kanada	10,8	**1.253**
9	Yili	Kína	9,9	**1.148**
10	Mengniu	Kína	8,8	**1.021**
11	Dean Foods	Bandaríkin	7,5	**870**
12	Unilever *	Holland	7,0	**812**
13	DMK	Þýskaland	6,5	**754**
14	Kraft Heinz	Bandaríkin	6,2	**719**
15	Meiji	Japan	5,8	**673**
16	Sodiaal	Frakkland	5,8	**673**
17	Savencia	Frakkland	5,5	**638**
18	Müller *	Þýskaland	5,1	**592**
19	Agropur	Kanada	5,1	**592**
20	Schreiber Foods *	Bandaríkin	5,0	**580**

**Byggt á áætlun Rabobank*



Nýja-Sjálandi, FrieslandCampina sem er í eigu bænda í Hollandi og Arla Foods sem er í eigu bænda í 7 löndum Norður-Evrópu. Í sjöunda sæti er hið kanadíska Saputo og þá koma kínversku fyrirtækin Yili og Menginu og því eru fjögur af 10 stærstu fyrirtækjunum samvinnufélög en öll hin eru hlutafélög.

Samrunar ofan á samruna

Í skýrslu Rabobank kemur fram að síðustu tvö árin hafa ekki orðið neinar breytingar á listanum yfir 20 veltumestu fyrirtækin í mjólkuriðnaðinum í heiminum. Segja skýrsluhöfundar það skýrast af því að stærstu fyrirtækin haldi afar sterkri stöðu á markaðinum og stundi samruna og uppkaup á smærri fyrirtækjum til að halda áhrifum sínum.

Hér áður fyrr sameinuðust fyrirtæki fyrst og fremst innan landanna eða við önnur fyrirtæki í næstu löndum og Arla Foods er gott dæmi um það en það félag hefur vaxið með samruna á milli nágrannalanda og byrjaði ferlið með samruna hins danska MD Foods og hins sænska Arla. Síðan hafa runnið inn í Arla Foods félög í nágrannalöndunum og í dag standa að Arla Foods kúabændur í 7 löndum. Sömu sögu má segja af FrieslandCampina en það félag varð til þegar tvö smærri runnu saman í eitt í Hollandi.

Nú orðið er mun sjaldgæfara að svona samrunar eigi sér stað og mun algengara að fyrirtækin styrki sig á markaði með uppkaupum eða samruna við fyrirtæki í löndum sem eru jafnvel óralangt í burtu. Góð dæmi um þetta eru t.d. samruni á síðasta ári milli Lactalis við hið bandaríska WhiteWave og samruni Saputo við hið ástralska Murray Goulburn.

Samvinnufélögin í vörn

Skýrsluhöfundar spá því að afurðastöðvum í heiminum haldi áfram að fækka á komandi tímum og þau stækki enn frekar. Árið 2017 voru alls gerðir 127 samrunar eða uppkaup og um mitt þetta ár var búið að tilkynna um 62 samrunasamninga sem bendir til þess að árið 2018 verði áþekkt fyrra ári þegar litið er til stækkunar fyrirtækjanna í mjólkurvinnslu í heiminum. Þá spá þeir því líka að samvinnufélagaformið muni eiga undir högg að sækja þar sem hlutafélagaformið virðist henta vel fyrir afurðavinnslu mjólkur þar sem ákvarðanatakan er öllu einfaldari og skilvirkari og nefna uppkaup Saputo á Murray Goulburn í Ástralíu, sem var samvinnufélag bænda, sem dæmi um undanhald samvinnufélagsformsins. Skýrsluhöfundar taka þó fram að nokkur samvinnufélög séu mjög sterk og áðurnefnd fjögur félög á topp 10 listanum séu með rúmlega tvöfalda veltu Nestlé sem sýnir styrk þeirra.

20 stærstu með 25% mjólkurinnar!

Sé horft frá veltu fyrirtækjanna og í staðinn að umfangi þeirra litið til þess mjólkurmagns sem þau vinna með kemur upp svolítið öðruvísi heimsmynd (sjá töflu 2). Samkvæmt skýrslu IFCN nam innvigtun 20 stærstu aðilanna á markaðinum 211 milljörðum kílóa á síðasta ári en það magn er um 25% af allri mjólk sem var innvegin til afurðastöðva í heiminum í fyrra.

Þessi 20 fyrirtæki og félög juku innvigtun mjólkur um 11 milljarða kílóa frá árinu 2015 eða um 5,5%. Þá vekur athygli að 5 stærstu aðilarnir eru með helming magnsins eða um 100 milljarða kg mjólkur! Til þess að setja þetta magn í samhengi þá eru þessir fimm aðilar með rúmlega 650 sinnum meira mjólkur-magn en samanlögð öll íslenska mjólkurframleiðslan var á síðasta ári!

Ólíkur rekstur

Við skoðun á þessu yfirliti IFCN um röðun fyrirtækja sem kaupa mjólk af bændum, í samanburði við tekjulista Rabobank af fyrirtækjum í mjólkurvinnslu, má m.a. sjá að töluverður munur er á rekstrarfyrirkomulagi fyrirtækjanna. Þannig er bandaríska félagið Dairy farmers of America með langmesta mjólkurmagnið en velta þess er þó minni en margra annarra.

Skýringin felst í því að félagið selur mest af mjólkinni óunna til annarra aðila sem svo framleiða úr henni söluvörur. Þá má sjá á þessum lista IFCN 4 fyrirtæki sem ekki eru á listanum hjá Rabobank á þetta sér hlið-stæðar skýringar og um Dairy Farmers of America. Nokkur fyrirtæki og félög bænda eru þó sterk á báðum sviðum, þ.e. bæði með mikla innvigtun mjólkur og mikla veltu.

Evrópsk fyrirtæki sterk

Af 20 stærstu fyrirtækjum og félögum sem kaupa mjólk af bændum eru 10 þeirra evrópsk og segir það sitt um mikilvægi Evrópu sem mjólkurframleiðslusvæðis í heiminum. Þessir 10 aðilar eru með um helming mjólkurmagnsins af stærstu 20 aðilunum en mjólkurframleiðslan er einnig afar öflug í Norður-Ameríku og af 20 stærstu aðilunum eru 6 þaðan. Þá vekur athygli að kínversku fyrirtækin Yili og Mengniu ná inn á listann en þessi tvö fyrirtæki eru ung að árum en hafa vaxið gríðarlega mikið á stuttum tíma.

Ýmsar aðrar áhugaverðar staðreyndir um stöðu og þróun innvigtunar mjólkur og vinnslu mjólkur-afurða má finna í þessum skýrslum frá Rabobank og IFCN, en báðar skýrslurnar eru aðgengilegar á veraldarvefnum.

Heimildir: IFCN, 2108: Top 20 milk processors list 2018 / RaboResearch, 2018: Global dairy top 20.





Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður
Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS selt tréglugga og hurðir á Íslandi



Viking
VIKING WINDOW AS

Gluggar og hurðir með eða án álkápu
Margir litir í boði
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar
Afgreiðslutími 5-8 vikur

Sjá nánar á:
viking.ee

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is
AFLVÉLAR



Verð á einum köldum mun hækka í kjölfar loftlagsbreytinga og uppskerubrests á byggi.

Loftlagsbreytingar:

Verð á bjór mun hækka

Áhrif loftlagsbreytinga í heiminum vegna hlýnunar eru margvíslegar. Jöklar bráðna, fjöldi dýra og plantna eru í útrýmingarhættu og hungursneyð blasir við milljónum manna. Ekkert af þessu virðist þó vera nóg til að gripið sé í taumana.

Nýjar rannsóknir benda til að uppskerubrestur á byggi vegna þurrka muni leiða til bjórskorts í heiminum og að verð á einum köldum eigi eftir að hækka umtalsvert. */VH*

STRÚKTÚR
Vegg- og þak- Klæðningar



Við finnum lausn sem hentar Þér!

| Strúktúr ehf | www.struktur.is | struktur@struktur.is |
| Stangarhyl 7 | sími: 588 6640 |

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

Eiga garðyrkjubændur að skipta HPS-lömpum út fyrir LED?


– Nýjustu niðurstöður úr gróðurhúsajarðarberjaræktun að vetri

Eins og fram kemur í 9. tölublaði Bændablaðsins 2018 er starfshópur starfandi sem er að fara yfir raforkumál garðyrkjunnar. Í þeim tilgangi er meðal annars leitað leiða til að minnka rafmagnskostnað og til dæmis orkusparnað með innleiðingu LED-lýsingar. Spurningin er því hvort garðyrkjubændur eiga að skipta HPS-lömpum út fyrir LED? Niðurstöður úr gróðurhúsajarðarberjatilraun sem var gerð síðasta vetur hjálpar til að svara spurningunni.


Vetrarræktun í gróðurhúsum á Íslandi er algjörlega háð aukalýsingu. Með lýsingu er hægt að lengja vaxtarskeið grænmetis og berja. Hingað til hefur verið algengt að nota háþrýsti-natríumlampa (HPS). En vegna þess að raforkukostnaður er stór þáttur í rekstrarkostnaði hjá garðyrkjubændum og vegna lækkandi niðurgreiðsluhlutfalls hefur LED vakið athygli. Fullnægjandi leiðbeiningar vegna vetrarræktunar á jarðarberjum eru ekki til staðar og þarfnast frekari þróunar, einnig vantar reynslu með ræktun undir LED-lýsingu. Markmiðið var að prófa hvort ljósgjafi (HPS miðað við LED) hefði áhrif á uppskeru og gæði jarðarberja og hvort það væri hagkvæmt. Verkefnisstjóri var Christina Stadler og verkefnið var unnið í samstarfi við jarðarberjabændur og styrkt af Sambandi garðyrkjubænda og Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Philips Reseach í Eindhoven í Hollandi útvegaði LED og fylgihluti.




Mynd 1: Jarðarberjaræktun undir LED-ljósum (Nokkrar LED-raðir og fjögur ljós til vaxtarstýringar sjást á myndinni).



Mynd 2: Opið blóm / ber á plöntu við mismunandi ljósgjafa árið 2018.



Mynd 3: Heildarblóm og ófrjóvgað blóm á plöntu við mismunandi ljósgjafa. Grafið gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).



Mynd 4: Uppskera af jarðarberjum og meðalþyngd aldina árið 2018 eftir mismunandi ljósgjafa. Grafið gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).

Tilraunaskipulag

Gerð var jarðarberjatilraun (Fragaria x ananassa, yrki 'Sonata' og 'Magnum') frá byrjun desember 2017 og fram í byrjun apríl 2018 í tilraunagróðurhúsi Landbúnaðarháskóla Íslands að Reykjum. Jarðarber voru ræktuð í 5 l pottum í sex endurtekningum með 12 plöntum/m^2 undir topplýsingu frá háþrýsti-natríumlömpum (HPS, 180 W/m2, 277 µmol/m^2/s) eða undir LED-ljósi (279 µmol/m^2/s, mynd 1) að hámarki í 16 klst. Daghiti var 16 °C og næturhiti 8 °C, CO_2 800 ppm. Jarðarberin fengu næringu með dropavökvun. Áhrif ljósgjafa var prófuð og framlegð reiknuð út.

Niðurstöður og umræða

Blöð og klasar í LED meðferð voru styttri en í HPS meðferð. Þess vegna var hætta á að klasar brotnuðu ef þeir fengu ekki stuðning frá borðum og aldin voru of nálægt hvert öðru og erfitt að uppskera þau. Hins vegar voru ljós til vaxtarstýringar (flowering lamps) notuð til að ná aukateygju á blöð og klasa.

Þegar ekki naut smá dagsbirtu voru býflugur enn að frjóvga blóm í HPS meðferð, en ekki í LED meðferð. Það tók 1–2 daga frá blómgun til frjóvgunar. Sonata var hjá Magnum 15 % ófrjóvgað eða blómin blómstruðu og visnuðu síðan undir LED ljósum og 27 % undir HPS ljósum (mynd 3).

Eftir að hámarki af blómum / berjum var náð, minnkaði fjöldi jarðarberja þegar byrjað var að uppskera (mynd 2). Þróun blómanna og berjanna var um 1,5–2 vikum seinni með LED ljósum og því byrjaði meðferð undir HPS ljósum tveimur vikum áður að gefa þroskuð ber og uppskeran var einnig búin tveimur vikum fyrr.

Ávextir voru þroskaðir á 40 / 41 degi (Magnum / Sonata) undir HPS ljósi og á 45 / 47 dögum (Magnum / Sonata) undir LED ljósi.

Í upphafi uppskerutímabils gaf meðferð með HPS ljósum þroskuð ber tveimur vikum fyrr borið saman við LED meðferð. Að auki þroskaðist Magnum snemma.

Í lok uppskerutímabils fengust 590 g/plöntur markaðshæfa uppskeru með Sonata við LED og 610 g/plöntur við HPS, en 530 g/plöntur með Magnum við LED og 520 g/plöntur við HPS.

Munurinn var ekki tölfræðilega marktækur milli ljósgjafa, en hins vegar var uppskera af Sonata um 10% meiri samanborið við Magnum (mynd 4). Ástæða þess voru færri jarðarber vegna tölfræðilega marktæks hærra hlutfalls af illa löguðum jarðarberjum.

Mismunur milli yrkja myndaðist á miðju uppskerutímabilinu. Meðalþyngd minnkaði eftir því sem leið á uppskerutímabilið frá um 20 g/ber til um 10 g/ber við engan mun hvorki milli ljósgjafa né milli yrkja (mynd 4).

Hlutfall uppskerunnar sem hægt var að selja var um 90%. Hærra hlutfall illa lagaðra jarðarberja var í Magnum samanborið við Sonata (tafla 1). Ræktun af Sonata í staðinn fyrir Magnum jók uppskeru um 1,1 kg/m2 og framlegð um 2.300 ISK/m2 undir HPS ljósi og um 0,8 kg/m2 og 1.600 ISK/m2 undir LED.

Þrátt fyrir eins stillingar milli meðferða, var skráður munur: CO2 magnið var svolítið hærra í LED klefa vegna þess að gluggarnir í HPS klefa voru að opnast meira. Lofthitastigið var að meðaltali 0,4 °C hærra í HPS klefanum vegna hærri dagshita út af viðbótarhita frá HPS lömpum. Í HPS klefanum var jarðvegshiti um 1 °C hærri og laufhiti næstum því 3 °C hærri samanborið við LED klefann. Það getur líka haft jákvæð áhrif á vöxt plantna og uppskeru. Hins vegar þarf einnig að taka tillit til þess að sólarinngeislun jókst í lok tilraunarinnar og því gæti LED meðferð hafa hagnast á þessu vegna um tveggja vikna lengra vaxtartímabils miðað við HPS meðferðina.

Með notkun LED ljóss var næstum 45% minni dagleg notkun á kWh, sem leiddi til minni útgjalda fyrir raforku miðað við HPS ljós, en hærri fjárfestingarkostnaður af LED. Þegar LED ljós var notað, þá jókst framlegð um 1.200 ISK/m2 fyrir Magnum og um 500 ISK/m2 fyrir Sonata yfir einn vaxtarhring. Hærri rafmagnsgjaldskrá breytir framlegð næstum ekkert. Það skiptir nánast ekki máli hvort gróðurhús er staðsett í þéttbýli eða dreifbýli, framlegð er svipuð, en þó aðeins betri í þéttbýli.

Tafla 1: Hlutfallsleg skipting söluhæfra og ósöluhæfra jarðarberja eftir ljósgjafa

Meðferð	Söluhæf uppskera		Ósöluhæf uppskera			
	úrvalsfl.	1. fl.	of smá	mygluð	illa löguð	græn
	%		%			
HPS Sonata	46 a	49 a	3 ab	0 a	1 b	2 a
LED Sonata	49 a	44 ab	4 a	0 a	1 b	2 a
HPS Magnum	48 a	39 a	2 b	0 a	7 a	3 a
LED Magnum	46 a	42 ab	2 b	0 a	8 a	2 a

Taflan gefur til kynna marktækan mun (HSD, p ≤ 0,05).

Ályktun

Út frá niðurstöðum er ekki mælt með því að skipta HPS lampa út fyrir LED að svo stöddu. Áður en hægt er að ráðleggja að nota LED, er þörf á fleiri vísindarannsóknum. Meðal annars þarf;

- að prófa mismunandi hitastillingar til að bæta viðbótarhitun sem varð með HPS ljósunum við LED klefann til að ekki verði seinkun á vexti og uppskeru þar. Með þessum upplýsingum eru nú aftur farnar af stað tilraunir við LbhÍ yfir háveturinn 2018/2019. Niðurstöður verður kynntar í Bændablaðinu þegar þær liggja fyrir.
- að finna lausnir fyrir vel heppnað frjóvgun á þeim tíma þegar ekkert sólarljós kemur inn í gróðurhúsið til að tryggja líka árangursíka uppskeru með LED lýsingu.
- að finna lausn til að blöð og klasar teygi sig meira undir LED. Spurningin er hvort hægt væri að bæta ástandið með því að auka magn af ljósi til vaxtarstýringar til að ná betri treyjum á jarðarberjaklösum.

Það þarf líka að nefna að það er óþægilegt fyrir augu að vinna undir LED og vinnuskilyrði eru því ekki eins góð og undir HPS ljósi. Nota þarf LED gleraugu til að greina milli þroskaðra og óþroskaðra berja. Einnig er umhirða og uppskera berjanna erfiðari vegna annars sýnar heldur en með notkun á HPS ljósi. Að auki er fjárfesting í LED dýr og því stór þáttur í að halda garðyrkjubændum frá að fjármagna í LED í staðinn fyrir HPS lampa.

Fleiri vísindarannsóknir eru nauðsynlegar til að skilja áhrif LED á mikilvægi plantna sem eru ræktaðar í gróðurhúsum og finna hentugt ljósrof. Áður en þessar upplýsingar liggja fyrir, er frá hagkvæmnisjónarmiði best að einbeita sér að öðru en skiptingu á ljósgjöfum, eins og t.d. góðu yrkjavali (Sonata) til að auka uppskeru og framlegð jarðarberja eins og þessi tilraun gefur til kynna.

Christina Stadler,
Landbúnaðarháskóla Íslands, Reykjum, 810 Hveragerði

Bændablaðið
Kemur næst út
1. nóvember
Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

UMHVERFISSTOFNUN

Rannsóknir á ágangi álfta og gæsa Grein 2

Á síðasta ári kom út samantekt á rannsóknum um ágang álfta og gæsa á ræktarlönd í tímaritinu Biological Review (Fox, Elmberg, Tombre, & Hessel, 2017). Höfundar greinarinnar leituðust við að safna saman öllum greinum úr vísindalegum gagnagrunni sem taka á þessum málum. Elsta greinin sem fannst var frá árinu 1940.

Alls var unnið úr 359 greinum og voru flestar frá Evrópu (N=191) en næstflestar frá Norður-Ameríku (N=150). Fáar rannsóknir voru gerðar fram til ársins 1980 en þeim fjölgaði mjög til ársins 2010. Frá þeim tíma hefur dregið úr tengdum rannsóknum.

Fram kemur í greininni að flestar rannsóknirnar birtust í hagnýtum vísindaritum, ritum um fugla- og eða vistfræði, eða tímaritum tengdum verndun. Fáar rannsóknir birtust í tímaritum sem gætu talist hafa mikið vísindalegt vægi og aðeins örfáar í tímaritum sem tengjast félags- og eða atferlisfræði, sem er all sérstakt í ljósi þess hve umfangsmikið vandamálið er.

Í greininni er m.a. leitast við að svara hvað ákvarðar hvar þessar fuglategundir kjósa að setjast á beit. Þá er farið yfir magn fóðurinntöku og orkubúskap og áhrif beitar á ræktarland, svo fleira sé nefnt. Þá er einn kafli sem fjallar um hvaða aðgerðir hafa reynst best til að verja ræktarland og fjallað um stjórnunaraðgerðir, þ.e. aðgerðir til að halda fuglum frá ákveðnum svæðum. Helstu niðurstöður eru dregnar saman í handhæga töflu sem gefur til kynna hvernig megi bregðast við ákveðnum aðstæðum. Að öðru leyti voru helstu niðurstöður höfunda þessar:

1. Þrátt fyrir langa sögu rannsókna á þessu efni, eru niðurstöðurnar hlutdrægar bæði landfræðilega og tegundalega. Þar er átt við að rannsóknirnar séu bundnar við of fá svæði og of fáar tegundir og að þess vegna geti reynst erfitt að nýta þær milli ólíkra svæða. Á sama tíma og margir gæsastofnar hafa vaxið gríðarlega hefur rannsóknum á þessu efni fækkað á síðari árum. Þetta, ásamt stöðugum breytingum á loftslagi og búskaparháttum, hefur leitt af sér enn minni skilning á því hvernig megi minnka árekstra þessara fuglastofna við mannfólkið.

Rannsóknarniðurstöður	Rannsakaðar tegundir	Stjórnunaraðgerð
Fælingar gera það að verkum að gæsir þurfa að eyða of mikilli orku í fæðunám og leita að lokum annað.	**Kanadagæs Helsingjar Hnúðsvanir Margæsir**	Fælingar geta virkað ef þær eru nægilega kröftugar eða síendurteknar og ef fuglarnir hafa aðra staði til að leita á, t.d. upprættuð griðasvæði.
Gæsir og álftir hafa mikla hæfileika til að finna fæðu sem er próteín- og orkuríkt (fita, kolvetni) en að sama skapi lág í trefjum.	**Blesgæs Helsingjar Heiðagæsir Margæsir Kanadagæsir Dvergsvanir**	Ræktun griðasvæða og/eða fóðrun með fæðu sem er með hátt próteinhlutfall, er orkuríkt, hefur mikinn meltanleika og lágt trefjainnihald. Aðlaga að mismunandi næringarkröfum eftir árstíðum (mikið prótein vor og haust, orkuríkt síðla vetrar og snemma á vorin).
Tún með grasi sem hefur fengið áburð með miklu köfnunarefni dregur að gæsir.	**Helsingjar Heiðagæsir**	Ræktun griðasvæða með köfnunarefnisríkum áburði til að halda gæsum frá annarri uppskeru.
Vissar grastegundir hafa betri eiginleika til að endurnýja sig og þola beit betur.	**Blesgæs Grágæs Helsingjar**	Ræktun á þolnari grastegundum þar sem álag er mikið, t.d. nálægt náttstöðum.
Hæð grassvarðarins ræður því hvaða tegundir sækja í túnin.	**Helsingjar Margæsir Blesgæsir Grágæsir**	Sneggri grassvörður laðar að jafnaði að minni tegundir með styttri gogg (heiðagæsir og helsingja), en grágæsir og álftir bíta gjarnan hærri svörð.
Stærri tún og akrar eru ákjósanlegri fyrir gæsir heldur en minni.	**Akurgæsir Kanadagæsir Blesgæsir Heiðagæsir Margæsir Hnúðsvanir Álftir**	Minnka tún eða brjóta upp í minni reiti með ólíkri ræktun sem er minni en 5-6 hektarar. Þannig er auðveldara að verjast tjóni. Ræktun griðarsvæða sem eru stærri en 5-6 hektarar. Samstarf milli bænda um ræktun til að koma í veg fyrir stór samliggjandi svæði með ræktun sem dregur að fugla, brjóta upp svæði og girða meðfram vatni.
Tún og akrar nærri náttstöðum verða fyrst fyrir valinu hjá gæsum og álftum áður en fuglarnir fara að leggja á sig lengri leiðir til fæðuöflunar.	**Kanadagæsir Heiðagæsir**	Útbúa griðasvæði eða fóðrunarstaði nær vatnsbólum og náttstöðum til að vernda aðra uppskeru. Útbúa hvíldar og náttstaði fjarri uppskeru sem á að vernda.
Örugg fæðusvæði eru meira aðlaðandi fyrir gæsir og álftir.	**Grágæsir Helsingjar Heiðagæsir**	Ræktun griðlanda á opnum svæðum, fjarri vegum og nærri nátt- og hvílustöðum. Að sama skapi má brjóta upp ræktarlönd með skjólbeltum, skurðum og skotbyrgjum.
Gæsir og álftir forðast staði þar sem þéttleiki rándýra og manna er mikill.	**Kanadagæsir**	Ræktun runna og skjólbelta, uppbygging skotbyrgja á túnum. Útsýnisstaðir við vegi, hjóla- og göngustígar.
Grasbítar forðast ákveðnar grastegundir.	**Kanadagæsir**	Sáning „bragðvondra“ grastegunda þar sem ekki á að uppskera, t.d. við flugvelli, golfvelli og önnur útivistarsvæði.
Grasbítar forðast bragðvont gras.	**Kanadagæsir Snjógæsir Grágæsir Hnúðsvanir**	Úðun lyktarefna á gras, t.d. methiocarb eða kalk.

Heimild: Fox, A. D., Elmberg, J., Tombre, I. M., & Hessel, R. (2017). Agriculture and herbivorous waterfowl: a reviw of the scientific basis for improved management. BIOLOGICAL REVIEW, 854-877.



Álftir á flugi undir Eyjafjöllum. Mynd / HKr.



Bjarni Jónasson.

2. Margar rannsóknir sína að gæsir og álftir eru mjög vandlátar á fæðu og vega og meta jöfnum höndum eigið öryggi og gæði fæðunnar. Fjölmargar rannsóknir sýna líka að þessar fuglategundir yfirgefa gjarnan náttúruleg heimkynni fyrir næringaríkari fæðu á landbúnaðarsvæðum þar sem oft er minna afrán. Landbúnaður hefur því aukið mjög á árekstra þessara tegunda við menn.

3. Blandaðar stjórnunaraðgerðir eru yfirleitt besta lausnin til að minnka ágang álfta og gæsa. Í töflunni sem fylgir greininni er yfirlit yfir stjórnunaraðgerðir sem hafa verið vísindalega sannaðar og má nýta í baráttunni við ágang þessara fuglategunda.

4. Þrátt fyrir aukinn skilning á hegðun gæsa og þekkingu á því hvernig megi koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, verður vandamálið alltaf háð aðstæðum hverju sinni. Þess vegna ættu rannsóknir að ná yfir breiðara svið, leggja ber meiri áherslu á mismunandi fælingaraðferðir, bragðgæði viðkvæmra plöntutegunda, uppbyggingu og staðsetningar griðarsvæða og síðast en ekki síst, félagsfræðilega þætti sem lítill skilningur er á, en gætu leikið stórt hlutverk í að draga úr vandanum.

Hér læt ég staðar numið og vona að þetta verði einhverjum að gagni. Í töflunni kemur margt fram sem nýst gæti bændum þótt sumt eigi frekar við þéttbýli. Í öllu falli eru þetta atriði sem gott er að hafa í huga þegar ákvarðanir eru teknar um skipulag ræktarlands.

Bjarni Jónasson
bjarni@ust.is

Heimild
Fox, A. D., Elmberg, J., Tombre, I. M., & Hessel, R. (2017). Agriculture and herbivorous waterfowl: a reviw of the scientific basis for improved management. BIOLOGICAL REVIEW, 854-877.





VÉLABÁSINN

Nýr gjörbreyttur Suzuki Jimny:

Glæsilegur og velheppnaður torfærujeppi



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Laugardaginn 6. október frumsýndi Suzuki Bílar hf. í Skeifunni nýjustu árgerðina af Suzuki Jimny, jeppanum sem hefur verið einn mest seldi jeppi landsins síðustu ár.

Fyrir mér er Jimny einn af fáum bílum sem kemst í þann flokk bíla sem ég kalla jeppaflokkur. Það eru bílar sem eru fjórhjóladrifnir, með „hásingu“ framan og aftan, hátt og lágt drif og dekk sem eru a.m.k. með prófil sem er að lágmarki í hæð dekkja 70% af breidd þeirra. Allt þetta ofantalið er í nýja Suzuki Jimny sem ég fékk að prófa að lokinni frumsýningunni á bílnum.

Ný kraftmikil 102 hestafla bensínvél

Bíllinn sem ég prófaði var Suzuki Jimny GLX sem er aðeins betur búinn en GL bíllinn. GL bíllinn kostar frá 3.455.000 beinskiptur, en GLX bíllinn kostar 4.180.000 og er þá sjálfskiptur. Eins og allir vita er bíllinn ekki stór og varla nema fyrir mjög smáa að sitja í aftursætunum tveim, en í framsætunum er gott pláss og þægilegt að sitja í, jafnvel fyrir menn allt að tveggja metra háa án þess að reka sig upp í þak bílsins. Vélin er 1,5 lítra sem skilar 102 hestöflum. Dekkjastærðin undir bílnum er 195/80/15 og má auðveldlega stækka og breikka þau því nóg er plássið.

Prufuaksturinn

Í fyrstu ók ég bílnum nálægt 30 km innanbæjar og fannst það þægilegt, sérstaklega þegar ég var að leggja í stæði þar sem bíllinn er lítill og beygjuradíusinn er mikill.

Samkvæmt aksturstölvunni var ég að eyða í innanbæjarakstrinum 8,1 lítra af bensíni á hundraðið. Í utanbæjarakstrinum eyddi ég nálægt 7 lítrum, en uppgefin eyðsla í blönduðum akstri er frá 6,8 til 7,5 lítrar á hundraðið.

Næst var það að prófa bílinn í torfærum og versti slóði sem ég veit um er vegslóði í Hvassahrauni niður að eyðibýlinu Lónakoti. Slóða þennan hef ég ekki komist áður á bíl, en nokkrum sinnum á fjórhjóli. Það er skemmst frá því að segja að í lága drifinu labbaði bíllinn þetta auðveldlega. Þrátt fyrir að ekki væri nema 21 cm undir lægsta punkt rak ég bílinn aldrei niður við þessar torfæruæfingar mínar og fannst bíllinn ekki fara neitt illa með mig sem í bílnum sat.



Vondi slóðinn að Lónakoti var ekkert vandamál fyrir Jimny. Myndir / HLJ



Gormarnir í fjöðruninni frekar innarlega sem gefa góða sveigjanlega fjöðrun.



Lítil innkaupaferð er frekar fyrirferðarmikil í Jimny.



Miðað við hvað bíllinn er stuttur fanst mér samt gott að keyra hann á vondum malarvegi.

Lítið pláss fyrir farangur

Að lokum keyrði ég bílinn malarveginn upp að Keili (með eindæmum vondur malarvegur). Í fjórhjóladrifinu var bíllinn ekkert laus á veginum upp á enda vegarins, en í bakaleiðinni tók ég hann úr fjórhjóladrifinu og var hann þá aðeins laus á veginum, sérstaklega þar sem holurnar voru verstar.

Að endingu, áður en ég skilaði bílnum, var farið í dæmigerðan innkaupaleiðangur fyrir heimilið. Til að koma innkaupunum fyrir í bílnum var annað sætið lagt niður því plássið fyrir aftan aftursætin er varla fyrir neitt.

Sem lokaorð um bílinn þá mundi ég halda þennan bíl henta vel fyrir tvo til að ferðast í ef á að fara langt. Jimny er hörku torfærujeppi og virðist vera hægt að fara í ótrúlegar torfærur á honum. Ég myndi halda að þetta væri draumabíll fyrir þá sem eru mikið tveir saman í veiðiferðum þar sem vegir og slóðar eru sérlega vondir.

Mín lokaorð fyrir áhugasama

Farið í Suzuki Bíla og skoðið gripinn, hann er svo sérstakur að maður verður að skoða sjálfur.

Royal Enfield Himalayan

– Indverskt torfærumótorhjól

Á sýningunni Íslenskur landbúnaður voru mörg tæki sem gaman væri að prófa. Eitt af þessum tækjum var indverskt torfærumótorhjól sem Vallarbraut sýndi á kerru á útisvæðinu.

Í hálfan mánuð fyrir sýninguna fékk ég að hafa hjólið til prófunar og skilaði hjólinu rétt fyrir opnun sýningarinnar og má því segja um mig eins og í kvæðinu:

„Þú komst í hlað á hvítum hesti“ þegar ég mætti á sýninguna.

Lágt mótorhjól og smæstu einstaklingar ná vel niður með fæturna

Það var kalt, blautt, hvasst og ekki skemmtilegt veður til að keyra mótorhjól dagana sem ég hafði hjólið, en samt náði ég að keyra það um 150 km. Royal Enfield Himalayan er ekki kraftmesta mótorhjól sem ég hef keyrt, en ágætt að keyra það.

Hjólið er mjög lágt og þegar ég var stopp náði ég niður með hælana og meira að segja aðeins með bogin hné. Sætishæð er 80 cm. Hjólið er ekki nema 24,5 hestöfl, vélin einn strokkur 411 cc. Hámarkshraði uppgefinn er 140 km. 15 l bensíntankur og 182 kg þurrvigt. Hæð undir lægsta punkt er 22 cm. Framfjöðrunin er 20 cm og að aftan 18 cm.

Gott að keyra hjólið við allar aðstæður sem prófaðar voru, en vantaði stundum hestöfl

Fyrst tók ég um 30 km innanbæjarrúnt á frekar litlum hraða í miklum kulda og saknaði aðeins handfangahitara í stýrinu (rúntur til fjáröflunar á rannsóknum á krabbameini sem nefnist Gentleman´s Ride).

Næst var slóðaakstur upp Hafrahlíðina á fjallið Lala fyrir ofan Hafravatn, sá slóði er þokkalegur, hlykkjóttur og frekar brattur. Þar vantaði svolítið af hestöflum upp brekkurnar, en hægt er að plata fá hestöflin með því að stækka afturtannhjólið um t.d. 4 tennur og þá hefði hjólið verið snarpara út úr beygjunum upp brekkuna (með því að stækka afturtannhjólið hefði að vísu hámarkshraðinn lækkað niður í um 120 km, gerir ekkert til því á svona hjóli er maður ekki að flýta sér, bara að njóta). Síðasta prófunin var að hjóla í miklu roki. Til að prófa það fór ég upp í Bláfjöll þar sem vindurinn var 17–20 m á sek. og stóðst hjólið vel þá prófun og kom það mér á óvart hvað hjólið tók vel vindinn.



Sonurinn ánægður með að hafa þurft að bíða eftir gamla koma upp slóðann á toppi fjallsins.



Báðir fætur niðri og aðeins boginn í hnjánum, hjól sem hentar vel lágvöxnum.

Fínt mótorhjól fyrir byrjendur og þá sem ekki eru að flýta sér

Ólíkt öðrum framleiðendum mótorhjóla þá er uppgefin smurolíuskipti á Royal Enfield Himalayan 10.000 km., en á flestum öðrum mótorhjólum er ætlast til að skipta mun örar um olíu á mótorum (allt niður í á 500 km fresti).

Hjólið er með ABS bremsur og beina innspýtingu á vélinni. Svo þægilegt er að keyra þetta hjól að fyrir mér er þetta ekta hjól fyrir byrjendur, en til að mega keyra hjólið þarf maður A2 bifhjólaréttindi eða að vera 19 ára. Royal Enfield Himalayan kostar 999.000 og hægt er að nálgast nánari upplýsingar um hjólið á vefslóðinni www.vallarbraut.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Eru dekkin lögleg til vetraraksturs?

Það kemur alltaf vetur og þá er vissara að vera viðbúin



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is


Það er viðtekin venja að við fyrstu hálku á haustin myndast biðraðir við öll hjólbarðaverkstæði og óþolinmóðir einstaklingar furða sig alltaf jafn mikið á að þeir þurfi að bíða í röð til að fá vetrardekkin undir bílinn sinn. Svo eru það hinir sem reyna að hanga á að keyra aðeins lengur á sumardekkjunum fram á haustið og veturinn og lenda svo í vandræðum þegar fyrsti alvöru snjórinn kemur.

Þann 1. nóvember 2014 tók í gildi reglugerð um að munstursdýpt dekkja ætti að vera að lágmarki 3mm. frá fyrsta nóvember til 14. apríl. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef þá taka tryggingafélög þessa reglugerð alvarlega og hafa áskilið sér rétt til að skerða rétt þeirra sem lenda í umferðaróhöppum ef hjólbarðar eru ekki löglegir til vetraraksturs.

Vanbúnir bílar til vetraraksturs eiga ekki að vera á ferð í snjó og hálku

Sé bíll vanbúinn í umferð og er valdur þess að umferð gengur hægt eða jafnvel stoppast á sá bíll og bílstjóri að fá þá einu aðstoð að koma bílnum úr umferð og út fyrir veg. Sá sem tefur fyrir umferð og teppir umferð vegna lélegra dekkja á einfaldlega ekki að vera í umferðinni vegna þess að hann er sjálfum sér og öðrum hættulegur.

Verð á vetrardekkjum er nú í sögulegu lágmarki og víða hægt að fá góð vetrardekk á mjög hagstæðu verði. Séu menn hins vegar að hugsa um endingu og öryggi þá eru dekkin sem eru tiltölulega dýrust í innkaupum hagstæðustu kaupin



Í hurðinni eða hurðarfalsinu er á flestum bílum upplýsingar um loftþrýsting dekkja.



Michelinmaðurinn hefur verið tákn um gæði og öryggi, en með hjálm, er það ekki aðeins of mikið?

því þau endast mjög vel og eru með besta fáanlega grip í snjó og hálku.

Réttur loftþrýstingur í hjólbörðum er lykilatriði

Til að fá sem besta endingu og besta gripið út úr hjólbörðunum er aðalatriðið að vera með réttan loftþrýsting í dekkjunum. Í flestum bílum er réttur loftþrýstingur í hjólbörðum á bílum gefinn upp á litlum límmiða í hurðarfalsinu á bílstjórahurðinni (í einstaka bílum er þessi miði fyrir innan bensínlokið).

Ótrúlega oft koma bílar á haustin og vorin inn á verkstæði með misslitin dekk eftir sumarið eða veturinn og oftast eru dekkin óeðlilega mikið slitin yst á köntunum. Það að sjá svona misslitin dekk segir bara eitt: Of lítið loftmagn í dekkjunum, en Íslendingar eru ótrúlegir trassar í að fylgjast með loftþrýstingi í dekkjum og keyra of mikið með alltof lítið loft í dekkjunum.

Önnur leið til að enda dekkin betur er að víxla fram- og afturdekkjunum á u.þ.b. 5000 km fresti.

Naglar eða ekki naglar

Í Finnlandi var gerð stór könnun á slysum og banaslysum í finnskri vetrarumferð þar sem bílar voru á negldum dekkjum annars vegar og ónegldum hins vegar. Niðurstaðan úr rannsókninni var að þeir sem voru á nöglum voru að meðaltali 30% öruggari í umferðinni á öllum sviðum. 30% færri slys og banaslys voru hjá þeim á nöglunum.

Þeir sem vinna við hjólbarðasölu eru ósjaldan spurðir hvort sé betra að vera á nöglum eða naglalaus. Svörin eru misjöfn, en hjá mér er það alveg á hreinu að naglarnir eru betri kosturinn, sérstaklega ef menn fara eitthvað langt á milli byggðarfélaga og yfir heiðarvegi. Alltof mörg slys í gegnum árin má rekja til lélegra hjólbarða í snjó og hálku og fyrir mér er bara eitt slys of mikið. Sá sem snýr við eða hættir við ferð út af vetrarfærð er miklu meiri maður en sá sem tekur áhættuna vísvitandi um að dekkin séu ekki nógu góð og eftirmálin fara á versta veg.

EYJALIND Startarar og Alternatorar
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Framúrskarandi fyrirtæki
BRIGGS & STRATTON
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

KROSSGÁTA Bændablaðsins



	94	AMLÓÐI	POTTUR	ÁVÖXTUR	TVEIR EINS	SKJÓTUR		FUGL	ÆXLUN	GÁSKI	SAMTALS
	KLUNNA-LEGA										
	ÁÞEKKUR						ÆTTAR-SETUR / SJÁVARDÝR				
	ÓHREINKA				SJOKK / MATARÍLÁT						
	FISKUR / AKUR							SUSS / OFSÖGUR			
		AUÐN	Í VAFA / TVEIR EINS				STIKK-PRUFA / HREYFING				ESPA
KYRTLA						ARINN	ÁNÆGJU-BLOSSI / SYSTIR			ILMUR	GILDRA
LYGN					TÚTTA / FELL				TÓNLISTAR-STEFNA / EFNI		
SMÁORÐ			Á NÝ / MAGN					ÁMA / HRÆÐA			
PILI				KK NAFN / RÍKI			GRIMMUR / HÓTUN				KRASSA
		UPP-HRÓPUN / SPENDÝR				NÆGILEGA					
AF-HENDING						TÁLBEITA / HAMINGJA			SKJÓTUR / ÍSKUR		
FRUMEFNI							UXI / SKÓLI			SAMTÖK	VÖRU-MERKI
UMSÖGN					KERALDI				SEFAST		
TVEIR EINS			ÚT					KRYDDA			

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



MYND: RÉMI KAUPP (CC BY-SA 3.0)

	93	MINNKA	NÖTRA	MJÓLKUR-AFURÐ	Í RÖÐ	ÁNÆGJU-BLOSSI	REIÐI-HLJÓÐ		Í VAFA	VÖKNA	TVEIR EINS
	STORKA	S	T	O	R	K	U	B	E	R	G
	GLÖTUN	M	I	S	S	I	R	IÐN / GUFU-HREINSA	F	A	G
	FRÆND-BÁLKUR	Æ	T	T	RÓL / SKART-GRIPUR	K	R	E	I	K	ELDSTÆÐI
	FUGLS HLJÓÐ / SVEIFLA	K	R	U	N	K	GREIÐA / FÆRA	I	N	N	A
	↓	ÓVÆTTUR	MÚGUR / Í RÖÐ	S	K	A	R	I	MARGVÍS-LEGAR / SPRÆKUR	Ý	M	S	A	R
NIÐUR-LÆGJA	S	M	Á	N	A	HLUTI VERKFÆRIS	DVÖL / TRÉ	S	E	T	A	SPILA-SORT	ÚT-DRÁTTUR	I
BANN-HELGI	T	A	B	Ú	SKELDÝR / DETTA	O	S	T	R	A	BLESSUN / TVÖ ÞÚSUND	L	Á	N
BOGI	Ý	R	FRÁREIN / ÚTVEGA	A	F	R	E	I	N	MÁTTUR / ÓVILD	M	A	G	N
ÓÐAGOT	R	A	S	ÞRÓTTUR / ENN LENGUR	A	F	L	FENGUR	SÖNN / NÆR ÖLL	Ó	M	U	R	GJÓSA
	I	MATJURT / STEINLÍM	K	Á	L	BEINN	J	A	F	N	ÖGN / MISSIR	F	I	S
SAMFOKINN FÖNN	S	K	A	F	L	HLÉ / DÝRA-HLJÓÐ	A	F	L	Á	T	TVEIR EINS / TÁLBEITA	P	P
KORN	H	A	F	R	A	R	AUR / PRÓF-GRÁÐA	L	E	Ð	J	A	ÁTT	Ú
RÁNDÝRA	Ú	L	F	A	MARGS-KONAR	Ý	M	I	S	HÓTA	Ó	G	N	A
TAKMARKA	S	K	A	M	M	T	A	KVK NAFN	T	I	N	N	A	

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Hryggstekkur

Ábúendurnir á Hryggstekk í Skriðdal fluttu þangað 1. október 2015 eftir að hafa séð jörðina auglýsta til sölu.

„Það var ekki á dagskránni að flytja í Skriðdalinn þar sem ég var að hefja feril minn sem slordís á Dalvík, en Jónas er þaðan og vann þar í verktöku. Eftir að hafa spurst fyrir um jörðina þá ákváðum við að láta slag standa, buðum í og eftir það varð ekki aftur snúið," segir Bergljót Halla Kristjánsdóttir.

Býli: Hryggstekkur.

Staðsett í sveit: Skriðdal, Fljótsdalshérað.

Ábúendur: Frú Bergljót Halla Kristjánsdóttir og herra Jónas Rúnar Ingólfsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Tveir tvífætlingar og tveir ferfætlingar.

Stærð jarðar? 800 ha og 35 ha ræktað land ef Hölluflöt er talin með.

Gerð bús? Mjög stórt.

Fjöldi búfjár og tegundir? 34 nautgripir (og fer fjölgandi), 8 hænsn, tveir hundar og ein kisa.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Byrjum á því að hræra mjólk í kálfana og gefa strákunum okkar, stórum sem smáum. Að því loknu drífa ábúendur sig í dagvinnuna sína



á Egilsstöðum sem eru 27 kílómetra frá Hryggstekk. Þegar heim er komið þá er drifið sig í útiverkin og öllu tilheyrandi. Að loknum gjöfum þá bjóðum við strákunum okkar góða nótt og svara þeir yfirleitt með ágætis jórtur-tón til baka.



Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegustu bústörfin eru án efa heyskapur, þegar vel gengur og ekkert bilar. Einnig er hrikalega gaman að hræra mjólk í nýja kálfa og sjá þá uppgötva fóðurbæti.

Leiðinlegustu bústörfin eru ugglaust að moka skít, brjóta saman þvottinn og elta hænur sem hafa sloppið.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Eftir fimm ár verðum við vonandi með helmingi fleiri naut og jafnvel svín (fleiri en húsbóndann).



Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Það mætti vera meiri gróska í þeim málum.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Ágætlega, svo lengi sem við erum þar. Nei, létt spaug!

Það þarf að vera töluvert meiri hvatning fyrir nýliða til að þeir sjái hag sinn í íslenskum landbúnaði.

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Eru ekki flestir ferðamennirnir sem koma til landsins frá Asíu? Er þá íslensk búvara ekki tilvalin til útflutnings þangað?

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, lýsi, egg og rabarbarasulta.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Hakkréttir Höllu.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Jólin 2015 gerði hrikalegt hvassviðri og úrkomu um allt land. Á landareigninni er spennuvirki fyrir álverið á Reyðarfirði og í hvassviðrinu þá brotnuðu ein eða tvær staurastæður sem varð til þess að allt Austurland sló út. Þá varð Hryggstekkur mikið í fréttum fyrir að vera í stanslausu (ó)stuði.

MATARKRÓKURINN

Kótelettur og súkkulaðikaka



Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Víða í útlöndum er lamb selt ferskt í sláturtíð sem sælkeravara – og þá er kjötið látið meyrna meira en við Íslendingar erum vön að gera. Hér er gjarnan um „verksmiðjuslátrun" að ræða á mettíma sem getur komið niður á kjötgæðunum. Með því að láta kjötið meyrna lengur, verður kjötið mýkra og bragð mildara.

Venjulega eru aðeins hryggir og læri látin hanga. Slík hágæða lömb eru oft dýrari því það er viss uppgufun og þyngdartap sem á sér stað í vinnsluferlinu – og það má gjarnan finna á hágæða erlendum veitingastöðum. Í góðum kjötvinnslum er hægt að stýra hita- og rakastigi til að ná fram réttri verkun. Þurrmeyrnun (dryage) getur tekið allt frá 10 dögum til sex vikna við bestu skilyrði.

Meyrnun kjötskrokka – með og án lofttæmingar í vacumpoka

Hér að neðan má sjá tímann (fyrir nokkrar kjöttegundir) sem tekur að ná um 80 prósent af hámarks meyrnun, ef miðað er við að skrokkurinn sé látinn þurrmeyrna við eins gráðu hitastig.

- **Nautakjöt:** 9 til 14 daga
- **Lamb:** 7 til 14 daga
- **Svínakjöt:** 4 til 10 daga

Athugið: Með því að notast við lofttæmingu er hægt að láta nautakjöt meyrna lengur – eða í allt að 30 daga. Lamb og svínakjöt er einnig hægt að geyma lengur með lofttæmingu, en þó ekki alveg eins lengi og nautakjöt.

Bæði aldur gripa og meyrnunin hefur áhrif á bragðgæði.

Rafmagnsörvun er aðferð sem notuð er til að flýta fyrir meyrnun svo hægt sé að frysta skrokka sem fyrst. Það er í raun aðferð til að flýta fyrir eðlilegri meyrnun og hafa kokkar skiptar skoðanir á þeirri aðferð. Flestir mæla með náttúrulegum aðferðum sem krefjast tíma auk þess sem nægt kælipláss þarf að vera til staðar. Margir kokkar eru tilbúnir til að borga meira fyrir slíka betri vöru. Margir hverjir hafa reynslu af heimaslátruðu kjöti og segja bragðgæðin meiri af slíku kjöti.

Umræða má alveg eiga sér stað um hvort við erum að fara of hratt með kjötið inn í frost, áður en það er fullmeyrnað. Oft þarf að tvífrysta vöruna sem kemur á endanum á borð neytenda með tilheyrandi rýrnun í bragði og þyngd.

Lambakótelettur í möndluhjúpi

Í þessari uppskrift er brauðhjúpurinn tekinn á alveg nýtt stig með því að bæta möndlum saman við brauðraspinn – eða nota glúteinlaust hráefni, til dæmis kókos- eða maísflögur.

Lambakótelettur

- 12 lambakótelettur (flott að vera með skorna lambakórónu)
- 1/4 bolli hveiti eða annað mjöl
- 11/2–2 bollar þurr brauðrasp
- 1 egg, pískað með 2 matskeiðum af vatni
- 1/4 bolli möndlur, spænir
- 1 msk. fínt söxuð steinselja
- Olía til steikingar

Meðlæti

- Sítrónubátar
- Gott salat með, til dæmis með baunum, ferskum mozzarella og kryddjurtum.

Lamb - aðferð

Setjið hveiti á disk, brauðraspinn á annan disk og eggjablöndunni í grunna skál. Hrærið möndlurnar og steinseljuna saman við brauðraspinn og kryddið vel með salti og pipar.

Hver kóteletta er sett í hveiti og það sem er umfram er hrist af. Dýfið í eggjablönduna og setjið síðan í brauðrasp og möndlur. Klappið varlega á hvorri hlið til að tryggja að kóleletturnar séu vel húðaðar. Setjið á stóran bakka og þá eru þær tilbúnar til steikingar.



Hitið stóra pönnu yfir miðlungs hita. Setjið olíu á pönnuna, rétt þannig að fljóti yfir allan botnflötinn. Um leið og olían er heit (hægt er að ganga úr skugga um það með því að sleppa nokkrum molum í olíuna, sem ættu þá að krauma ef hún er orðin nægilega heit) er helmingurinn af kótelettunum steiktur, í þrjár mínútur eða þar til áferðin er gullin. Snúið þá kjötinu við og eldið í eina mínútu til viðbótar þar til sú hlið er einnig orðin gullin. Setjið á hreinan eldhúspappír. Endurtakið með rest af lambakótelettunum.

Berið fram með sítrónubátum og góðu salati.

Súkkulaðikaka

Mjög góð, smjörlaus og náttúrulega sæt kaka, sem er svo skreytt með nammi til að uppfylla sykurskammtinn.

- 200 g bakstursúkkulaði (70% kakó)
- 1 matskeið kakóduft
- ½ tsk matarsódi
- 1¼ bolli (200 g) steinlausar döðlur, eða um 10 stykki
- 3 stór egg
- ¼ bolli (60 ml) kókosolía
- 1 tsk vanilluþykkni

Aðferð

Hitið ofninn í 180 gráður.

Í matvinnsluvél, vinnið saman súkkulaði, kakóduft og matarsóda. Saxið eða vinnið saman döðlur, þá egg, kókosolíu og vanillu.

Setjið smjörpappír í sílikonform eða bökunarfat (20 x 20 cm) eða form.

Bakið í um það bil 25 mínútur, eða þar til tannstöngull sem er stungið í hana kemur hreinn upp úr henni.

Látið kólna áður en þetta er borið fram.

- Tveir pakkar af ferskum bláberjum.
- Hægt er að skreyta með KIT KAT, 17 stykki.

Raðið Kit Kat utan um kökuna, alveg þétt eða með bili á milli.

Þekið efsta hlutann á kökunni með ferskum bláberjum (þið getið líka notað önnur ber eða ávexti).

HANNYRÐAHORNIÐ

Perluprjónshúfa

Þessi skemmtilega húfa heldur hita á þér í vetur. Prjónuð úr Drops Nepal sem nú er á 30% afslætti hjá okkur.



Stærðir: S/M (L/XL)

Höfuðmál: ca 53/55 (56/58) cm

Garn: Drops Nepal fæst í Handverkskúnst

Litur grár nr 0501: 100 (100) g

Prjónar: Hringprjónn 60 cm nr 4,5 – eða þá stærð sem þarf til að 17 lykkjur með perluprjóni verði 10 cm.

Tvöfalt perluprjón:

Umferð 1 (rétta): *Prjónið 1 L sl, 1 L br*,endurtakið frá *-*.

Umferð 2 (ranga): Prjónið sl yfir sl og br yfir br.

Umferð 3 (rétta):Prjónið br yfir sl og sl yfir br.

Umferð 4 (ranga): Prjónið eins og umf 2.

Endurtakið umf 1 til 4.

Garðaprjón (prjónað fram og til baka):

Lykkjurnar prjónast slétt í öllum umf.

Aðferð: Stykkið er prjónað fram og til baka. Fitjið upp 80 (88) lykkjur. Prjónið 1 umf slétt, prjónið nú tvöfalt perluprjón – sjá skýringu að ofan – yfir allar lykkjur. Þegar stykkið mælist 20 (21) cm (stillið af þannig að síðasta umf er frá réttu) er prjónað garðaprjón – sjá skýring að ofan – til loka, JAFNFRAMT er lykkjum fækkað í 4. hverri umf þannig:

Umferð 4: Fækkið um 16 (18) lykkjur jafnt yfir (= ca 5. hver L) = 64 (70) lykkjur á prjóni.

Umferð 8: Fækkið um 13 (14) lykkjur (= ca 5. hver L) = 51 (56) lykkjur.

Umferð 12: Fækkið um 10 (11) lykkjur (= ca 5. hver L) = 41 (45) lykkjur.

Umferð 16: Fækkið um 9 (9) lykjur (= ca 5. hver L) = 32 (36) lykkjur.

Umferð 20: Prjónið allar lykkjur 2 og 2 slétt saman = 16 (18) lykkjur.

Umferð 24: Prjónið allar lykkjur 2 og 2 slétt saman = 8 (9) lykkjur.

Klippið bandið frá og dragið bandið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru. Saumið húfuna saman við miðju að aftan, saumið kanti í kant þannig að saumurinn verði ekki of þykkur. Húfan mælist ca 26 (27) cm. Festið bandið vel og þvoið húfuna.

Prjónakveðja,
mæðgurnar í Handverkskúnst
www.garn.is





Létt

			7			5	3	8
	6			2	4	1		
5		7			8			6
	1	5		9				4
4			2		1			3
9				5		6	8	
2			9			8		7
		3	6	1			9	
6	4	9			5			

Miðlungs

7					6			
9				5		6	3	8
8			4	1				
		7					8	
6	1						5	2
	8					4		
				9	8			4
4	3	2		7				9
			2					5

Þung

				5	9			2
			2		6	1		
						5	4	6
				2	4			7
	3						6	
8			5	7				
2	9	4						
		5	3		8			
3			9	1				

Þyngst

	4	1			9			
		2		8				
5		7	1					
3	8			7	6			
	9						6	
			5	2			3	4
					3	1		6
				1		2		
			4			3	7	

Sudoku

